



Skýrsla um dóma Mannréttindadómstóls Evrópu um
tjáningarfrelsi fjölmiðlafólks á Íslandi 2012 til 2017

Gunnar Páll Baldvinsson, LL.M.

Mannréttindastofnun Háskóla Íslands
Október 2017



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**Skýrsla um dóma Mannréttindadómstóls Evrópu um
tjáningarfrelsi fjölmiðlafólks á Íslandi 2012 til 2017**

Gunnar Páll Baldvinsson, LL.M.

Mannréttindastofnun Háskóla Íslands

Október 2017

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu um tjáningarfrelsi fjölmiðlafólks á Íslandi 2012–2017

Gunnar Páll Baldvinsson

Efnisyfirlit

Markmið rannsóknar og helstu niðurstöður	3
Inngangur	7
1. Íslenskur réttur um tjáningarfrelsi og æruvernd með hliðsjón af viðfangsefni skýrslunnar ..	9
1.1 Inngangur	9
1.2 Ákvæði almennra hegningarlaga.....	10
1.2.1 Ákvæði 235. gr. almennra hegningarlaga	10
1.2.2 Önnur ákvæði XXV. kafla almennra hegningarlaga.....	12
1.2.3 Einkaréttarleg refsivarsla.....	13
1.3 Ákvæði b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.....	15
1.4 Lagareglur um ábyrgð á efni í fjölmiðlum.....	16
1.5 Reglur stjórnskipunarréttarins um tjáningarfrelsi og friðhelgi einkalífs.....	17
1.5.1 Ákvæði stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi og friðhelgi einkalífs og tengsl þeirra við mannréttindasáttmála Evrópu.....	17
1.5.2 Heimild stjórnarskrárinnar til takmarkana á tjáningarfrelsi með hliðsjón af ákvæðum XXV. kafla hegningarlaga	19
1.5.2.1 Almennu um beitingu 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar	19
1.5.2.2 Umræða um málefni sem varðar almannahagsmuni	20
1.5.2.3 Staða þess einstaklings sem fjallað er um og fyrri hegðun hans.....	22
1.5.2.4 Efni tjáningar.....	23
1.5.2.5 Sérstakt hlutverk fjölmiðla	24
1.5.3 Sjónarmið um takmarkanir á tjáningarfrelsi í þeim dómum sem eru viðfangsefni skýrslunnar	25
2. Yfirlit yfir dóma Mannréttindadómstóls Evrópu 2012–2017 um úrlausnir íslenskra dómstóla er varða tjáningarfrelsi.....	28
2.1 MDE, Björk Eidsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (46443/09) (Goldfinger)	28
2.1.1 Málavextir og niðurstaða íslenskra dómstóla.....	28
2.1.2 Dómur Mannréttindadómstólsins.....	29
2.2 MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (43389/10) (Strawberries).....	32
2.2.1 Málavextir og niðurstaða íslenskra dómstóla.....	32
2.2.2 Dómur Mannréttindadómstólsins.....	33
2.3 MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 2), 21. október 2014 (54125/10) (Byrgið).....	34
2.3.1 Málavextir og niðurstaða íslenskra dómstóla.....	34
2.3.2 Dómur Mannréttindadómstólsins.....	35
2.4 MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 3), 2. júní 2015 (54145/10) (Fíkniefnainnflutningur).....	37
2.4.1 Málavextir og niðurstaða íslenskra dómstóla.....	37

2.4.2 Dómur Mannréttindadómstólsins	38
2.5 MDE, Steingrímur Sævarr Ólafsson gegn Íslandi, 16. mars 2017 (58493/13) (Frambjóðandi til stjórnlagabings)	40
2.5.1 Málavextir og niðurstaða íslenskra dómstóla	40
2.5.2 Dómur Mannréttindadómstólsins	41
2.6 MDE, Reynir Traustason o.fl. gegn Íslandi, 4. maí 2017 (44801/13) (Kæra til lögreglu)	43
2.6.1 Málavextir og niðurstaða íslenskra dómstóla	43
2.6.2 Dómur Mannréttindadómstólsins	44
2.7 MDE, Ólafur Arnarson gegn Íslandi, 13. júní 2017 (58781/13) (LÍÚ og AMX)	46
2.7.1 Málavextir og niðurstaða íslenskra dómstóla	46
2.7.2 Dómur Mannréttindadómstólsins	47
2.8 MDE, Svavar Halldórsson gegn Íslandi, 4. júlí 2017 (44322/13) (Fons og Panama)	49
2.8.1 Málavextir og niðurstaða íslenskra dómstóla	49
2.8.2 Dómur Mannréttindadómstólsins	50
3. Greining á forsendum Mannréttindadómstólsins	53
3.1 Inngangur	53
3.2 Þróun í framkvæmd Mannréttindadómstólsins	53
3.2.1 Inngangur	53
3.2.2 Breytt viðhorf er varða svigrúm til mats	54
3.2.2.1 Frá efnislegru til formlegrar endurskoðunar	54
3.2.2.2 Svigrúm til mats í dómum Mannréttindadómstólsins um Ísland	57
3.2.3 Skýrari aðgreining ólíkra sjónarmiða	61
3.3 Að hvaða leyti var afstaða íslenskra dómstóla í ósamræmi við aðferð Mannréttindadómstóls Evrópu?	63
3.3.1 Framlag til almennrar umræðu	63
3.3.2 Staða og undanfarandi hegðun þess einstaklings sem fjallað er um	65
3.3.2 Efni, form og afleiðingar efnis	67
3.3.2.1 Um sjónarmiðið	67
3.3.2.2 Mat á efnislegu inntaki ummæla	68
3.3.2.3 Ábyrgð fjölmiðla á ummælum nafngreindra viðmælenda	71
3.3.3 Aðferð við að afla upplýsinga og sannreyna þær	72
3.3.4 Eðli og þyngd viðurlaga	75
4. Samantekt og niðurstöður	77
4.1 Inngangur	77
4.2 Ekki var alltaf litið til allra sjónarmiða sem leiða af framkvæmd Mannréttindadómstólsins	78
4.3 Blaðamenn voru látnir bera ábyrgð á ummælum nafngreindra viðmælenda	80
4.4 Of strangt mat var lagt á efni ummæla	81
4.5 Lokaorð	83
Heimilda- og dómaskrá	84

Markmið rannsókna og helstu niðurstöður

Skýrsla þessi fjallar um nýlega dóma Mannréttindadómstóls Evrópu í málum er varða vernd tjáningarfrelsis fjölmiðlafólks á Íslandi. Á árunum 2012 til 2017 hafa fallið átta slíkir dómur. Í sex tilvikum dæmdi Mannréttindadómstóllinn íslenska ríkinu í óhag en í tveimur tilvikum var íslenska ríkið sýknað. Markmið rannsóknarinnar er að leita svara um orsakir þess að Mannréttindadómstóllinn hefur ítrekað komist að þeirri niðurstöðu að Ísland hafi brotið gegn tjáningarfrelsi fjölmiðlafólks, svo og hvað greinir sýknudóma frá áfellsdómum. Málin sem skoðuð eru í skýrslunni eru eftirfarandi:

- *Hrd. 5. mars 2009 (328/2008) (Goldfinger)*. Fjallað var um niðurstöðu Hæstaréttar í dómi MDE, *Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (46443/09) (Goldfinger)*. Málinu lyktaði með áfellsdómi yfir íslenska ríkinu.
- *Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. desember 2009 (E-5265) (Átök á Strawberries)*. Fjallað var um niðurstöðu héraðsdóms í MDE, *Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (43389/10) (Strawberries)*. Málinu lyktaði með áfellsdómi yfir íslenska ríkinu.
- *Hrd. 18. febrúar 2010 (104/2009) (Byrgið)*. Fjallað var um niðurstöðu Hæstaréttar í MDE, *Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 2), 21. október 2014 (54125/10) (Byrgið)*. Málinu lyktaði með áfellsdómi yfir íslenska ríkinu.
- *Hrd. 11. mars 2010 (454/2009) (Fíkniefnainnflutningur)*. Fjallað var um niðurstöðu Hæstaréttar í MDE, *Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 3), 2. júní 2015 (54145/10) (Fíkniefnainnflutningur)*. Málinu lyktaði með áfellsdómi yfir íslenska ríkinu.
- *Hrd. 21. febrúar 2013 (525/2012) (Frambjóðandi til stjórnlagabings)*. Fjallað var um niðurstöðu Hæstaréttar í MDE, *Steingrímur Sævarr Ólafsson gegn Íslandi, 16. mars 2017 (58493/13) (Frambjóðandi til stjórnlagabings)*. Málinu lyktaði með áfellsdómi yfir íslenska ríkinu.
- *Hrd. 6. desember 2012 (314/2012) (Kæra til lögreglu)*. Fjallað var um niðurstöðu Hæstaréttar í MDE, *Reynir Traustason o.fl. gegn Íslandi, 4. maí 2017 (44801/13) (Kæra til lögreglu)*. Málinu lyktaði með áfellsdómi yfir íslenska ríkinu.
- *Dómur Héraðsdóms Reykjaness 29. nóvember 2012 (E-23/2012) (LÍÚ og AMX)*. Fjallað var um niðurstöðu héraðsdóms í MDE, *Ólafur Arnarson gegn Íslandi, 13. júní 2017 (58781/13) (LÍÚ og AMX)*. Íslenska ríkið var sýknað.
- *Hrd. 15. nóvember (69/2012) (Fons og Panama)*. Fjallað var um niðurstöðu Hæstaréttar í MDE, *Svavar Halldórsson gegn Íslandi, 4. júlí 2017 (44322/13) (Fons og Panama)*. Íslenska ríkið var sýknað.

Öll málin sem eru til skoðunar í skýrslunni eru til komin vegna meiðyrðamála sem höfðu voru fyrir íslenskum dómstólum gegn fréttu- eða blaðamönnum, ritstjórum eða greinarhöfundum vegna tiltekinna ummæla um nafngreinda einstaklinga sem birtust í íslenskum fjölmiðlum. Í umræddum málum féllust íslenskir dómstólar á að málshöfðun lyti a.m.k. að hluta til að tilteknum ummælum þar sem þeir einstaklingar, sem fjölmiðlar hefðu fjallað um, hefðu verið sakaðir um refsivert athæfi, væru til rannsókna vegna slíkrar háttsemi eða tengdust glæpastarfsemi. Þóttu ekki liggja fyrir nægjanlega traustar sannanir fyrir ummælunum og voru þau því talin varða við 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem fjallar um aðdróttanir. Í öllum tilvikum var fjölmiðlafólki gert að greiða stefnendum miskabætur og málskostnað auk þess sem hin umdeildu ummæli voru dæmd dauð og ómerk. Það fjölmiðlafólk sem laut í lægra haldi í þessum málum kærði niðurstöðurnar til Mannréttindadómstóls Evrópu.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir íslenskum reglum sem gilda um æruvernd, tjáningarfrelsi, friðhelgi einkalífs og ábyrgð á efni fjölmiðla í íslenskum rétti. Mannréttindasáttmáli Evrópu hefur formlega séð ekki stöðu sem stjórnarskipunarlög en ljóst er að með breytingu sem gerð var á mannréttindakafla íslensku stjórnarskrárinnar árið 1995 stóð vilji stjórnarskrárgjafans til þess að mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar yrði veitt sama efnislega inntak og samsvarandi reglum sáttmálans. Þá hafa íslenskir dómstólar haft tilhneigingu til að túlka stjórnarskrána í samræmi við dómaframkvæmd Mannréttindadómstólsins. Hafa íslenskir dómstólar þannig í auknum mæli litið til dóma Mannréttindadómstóls Evrópu um 10. gr. mannréttindasáttmálans við skýringu 73. gr. stjórnarskrárinnar og þá sérstaklega varðandi hvort réttur til tjáningarfrelsis rekist á við rétt manna til friðhelgi einkalífs, sbr. 71. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Í skýrslunni eru rakin atvik málanna og forsendur Mannréttindadómstóls Evrópu og niðurstöður dómstólsins síðan greindar. Þá eru dómarnir einnig settir í samhengi við þróun í dómum Mannréttindadómstólsins sjálfs. Dómstóllinn hefur á síðastliðnum árum veitt aðildarríkjum sáttmálans rýmra svigrúm til mats og meira hefur þurft að koma til svo dómstóllinn endurskoði afstöðu innanlandsdómstóla hafi þeir beitt sömu aðferð og dómstóllinn sjálfur við framkvæmd matsins. Birtist þessi þróun meðal annars í þeim dómum er varða Ísland og eru til umfjöllunar í skýrslunni. Virðist þannig sem dómstóllinn hafi gefið íslenskum dómstólum rýmra svigrúm til mats í hinum nýrri dómum en þeim eldri. Þá hafa dómar dómstólsins verið skýrari um þá aðferð sem hann beitir þegar metið er hvort takmörkun tjáningarfrelsis sé nauðsynleg til verndar friðhelgi einkalífs.

Þótt aðferð dómstólsins hafi breyst að þessu leyti á því tímabili þegar þeir dómar sem skoðaðir eru í skýrslunni voru kveðnir upp er ljóst að atvik málanna voru um margt ólík. Sú ályktun verður því varla dregin að mismunandi niðurstöður Mannréttindadómstólsins útskýrist einungis af því að aðferð dómstólsins sjálfs hafi þróast. Í skýrslunni er greint á milli þrenns konar annmarka sem voru á niðurstöðum íslenskra dómstóla og sem Mannréttindadómstóllinn benti á. Nær ávallt komst Mannréttindadómstóllinn að þeirri niðurstöðu að annmarkar af fleiri en einni gerð hefðu verið á niðurstöðum íslenskra dómstóla.

Að teknu tilliti til markmiðs rannsóknarinnar og afmörkunar efnisins eru helstu niðurstöður skýrslunnar eftirfarandi:

- Í meginatriðum leiddu eftirfarandi annmarkar á dómum íslenskra dómstóla til þess að Mannréttindadómstóllinn taldi að brotið hefði verið gegn tjáningarfrelsi fjölmiðlafólks samkvæmt 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu:
 - Í *fyrsta lagi* litu íslenskir dómstólar ekki ávallt til allra þeirra sjónarmiða sem ber að taka afstöðu til, samkvæmt framkvæmd Mannréttindadómstólsins, þegar metið er hvort takmörkun á tjáningarfrelsi sé nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi. Stundum vanræktu íslenskir dómstólar að taka afstöðu til þess hvort þau málefni sem voru til umfjöllunar fjölmiðla hefðu átt erindi við almenning eða ekki. Ekki var alltaf tekin afstaða til stöðu og fyrri hegðunar þess einstaklings sem fjallað var um. Þá var í sumum málanna vanrækt að taka afstöðu til vinnubragða fjölmiðla sem báru þess merki að fjölmiðlafólk hefði unnið störf sín í góðri trú og gætt jafnvægis í umfjöllun sinni. Í þeim málum sem skýrslan fjallar um lagði Mannréttindadómstóllinn sjálfur oft mat á umrædd sjónarmið og benti á að þau stæðu til þess að ekki hefði verið

nauðsynlegt í lýðræðislegu þjóðfélagi að takmarka tjáningarfrelsi fjölmiðlafólks.

- Í *öðru lagi* komst Mannréttindadómstóllinn í nokkrum tilvikum að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn tjáningarfrelsi fjölmiðlafólks með því að gera það ábyrgt fyrir ummælum sem höfð voru eftir nafngreindum viðmælendum. Áréttaði dómstóllinn að í dómum hans hefði áður verið komist að þeirri niðurstöðu að sterkar ástæður þyrftu að koma til svo blaðamenn yrðu látnir bera ábyrgð í slíkum tilvikum. Þar sem slíkar ástæður hefðu ekki verið fyrir hendi var talið að brotið hefði verið gegn tjáningarfrelsi viðkomandi blaðamanna og ritstjóra.
- Í *þriðja lagi* fann Mannréttindadómstóllinn að því hvaða skilning íslenskir dómstólar lögðu í ýmis þeirra ummæla er málun lutu að. Virðist þannig sem Mannréttindadómstóllinn hafi verið ósammála mati íslenskra dómstóla á efnislegu inntaki sumra ummælanna. Þetta ólíka mat hafði þau áhrif annars vegar að Mannréttindadómstóllinn taldi að ummælin hefðu ekki verið jafn meiðandi og íslenskir dómstólar lögðu til grundvallar en hins vegar að ummælin hefðu átt sér nægjanlega stoð í upplýsingum sem lágu fyrir því fjölmiðlafólki sem í hlut átti.
- Að því er varðar þá löggjöf sem reyndi á í málunum er í skýrslunni bent á eftirfarandi:
 - Rakið er hver staða mannréttinasáttmála Evrópu er í íslenskum rétti og að þótt sáttmálinn sem slíkur hafi ekki gildi sem stjórnarskipunarlög séu mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar jafnan túlkuð með hliðsjón af ákvæðum hans. Íslenskir dómstólar hafi tilhneigingu til að líta til dóma Mannréttindadómstólsins við skýringu mannréttindaákvæða stjórnarskrárinnar. Umræddir dómur bera ekki með sér að það hafi verið sérstakt vandamál hver formleg staða mannréttinasáttmálans er í íslenskum rétti.
 - Í öllum málunum sem skoðuð voru reyndi á 235. gr. almennra hegningarlaga en ákvæðið er hluti af XXV. kafla laganna um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs. Ákvæði kaflans eru komin til ára sinna. Sumum þeirra er sjaldan eða aldrei beitt og svo virðist sem dómstólar beiti ekki þeim refsingum sem ákvæðin mæla fyrir um og hefur verið vísað til tjáningarfrelsisákvæðis stjórnarskrárinnar í því samhengi. Þótt tilefni kunni að vera til að ákvæði kaflans verði tekin til endurskoðunar lutu þeir annmarkar sem Mannréttindadómstóllinn benti á í dómunum sem hér hafa verið skoðaðir ekki að ágöllum á 235. gr. almennra hegningarlaga. Ákvæðið sem slíkt stríddi ekki gegn 10. gr. mannréttinasáttmálans heldur var það beiting íslenskra dómstóla á ákvæðinu sem samræmdu ekki framkvæmd Mannréttindadómstólsins.
 - Framkvæmd íslenskra dómstóla um ábyrgð blaðamanna á ummælum nafngreindra viðmælenda var að hluta reist á 15. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt þótt í einu tilviki hafi ritstjóri vefmiðils, sem féll utan gildissviðs framangreinda laga, verið látinn bera slíka ábyrgð á grundvelli sakarábyrgðar. Með gildistöku laga nr. 38/2011 um fjölmiðla hefur skýrt verið mælt fyrir um að sé ritefni réttilega haft eftir nafngreindum einstaklingi beri sá sem það er haft eftir ábyrgð á eigin ummælum hafi hann samþykkt miðlun þeirra. Lögskýringargögn bera með sér að tilgangur lagasetningarinnar hafi að þessu leyti verið sá að bregðast við þeirri dómaframkvæmd íslenskra dómstóla sem

Mannréttindadómstóllinn átti eftir að finna að síðar. Virðist því vera sem löggjafinn hafi þegar brugðist við þeim ágalla sem var á íslenskri löggjöf að þessu leyti.

- Í skýrslunni er bent á að þess sjáist merki að íslenskir dómstólar hafi síðastliðin ár að einhverju marki tekið mið af þeim áfellisdomum sem íslenska ríkið hefur fengið á sig. Vegna annmarka sem voru á íslenskum dómsúrlausnum eru í skýrslunni settar fram eftirfarandi leiðbeiningar sem hafa má til hliðsjónar þegar íslenskir dómstólar standa frammi fyrir því að meta hvort nauðsynlegt teljist í lýðræðislegu þjóðfélagi að takmarka tjáningarfrelsi:
 - Gæta þarf að þeim sjónarmiðum sem Mannréttindadómstóllinn hefur sérstaklega tilgreint að þurfi að taka mið af við slíkt mat. Umrædd sjónarmið eru hvort efni umfjöllunar teljist framlag til almennrar umræðu, hver sé staða og fyrri hegðun þess einstaklings sem fjallað er um, hvernig upplýsinga var aflað og þær sannreyndar, hvert sé efni, form og afleiðingar af birtingu efnis og loks hvert sé eðli viðurlaga og hversu íþyngjandi þau séu.
 - Þá voru eftirfarandi leiðbeiningar settar fram um atriði sem dómstólar geta haft í huga þegar túlkað er hvað felist efnislega í umdeildum ummælum: Í *fyrsta lagi* geta dómstólar rökstutt ítarlegar en gert hefur verið hvernig ummæli verði skilin á þann hátt að með þeim hafi nafngreindum einstaklingi verið gefin að sök refsiverð háttsemi. Mætti þannig heimfæra ummælin til almennrar verknaðarlýsingar og jafnvel vísa til tiltekins refsíákvæðis. Í *öðru lagi* ætti að meta ummæli með hliðsjón af umfjöllun í heild sinni. Þar sem hægt er að túlka ummæli á mismunandi vegu ætti að leitast við að veita þeim ekki meira meiðandi merkingu en leiðir af umfjölluninni að öðru leyti. Aðrar upplýsingar sem er að finna í umfjölluninni kunna að skýra hvað býr að baki ummælunum. Tilefni getur verið til að líta svo á að ummæli feli frekar í sér gildishlaðna lýsingu á fyrirliggjandi staðreyndum en staðhæfingu um staðreyndir. Er sérstaklega tilefni til að gæta að þessu þegar um er að ræða málefni sem varðar almenning. Í *þriðja lagi* ætti ekki að gera þá kröfu til þeirra sem tjá sig á opinberum vettvangi að þeir gæti fyllstu nákvæmni um hugtök sem kunna að hafa sértæka merkingu á fagsviðum. Sérstaklega verður ekki gerð sú krafa til almennings eða blaðamanna að notuð séu nákvæmlega rétt lögfræðileg hugtök þótt sakamál séu til umfjöllunar.

Inngangur

Á síðastliðnum fimm árum hefur Mannréttindadómstóll Evrópu í Strassborg átta sinnum fjallað um tilvik þar sem íslenskir dómstólar dæmdu fjölmiðlafólki í óhag í meiðyrðamálum vegna fréttá- eða greinaskrifa. Fyrstu dómarnir voru kveðnir upp þann 10. júlí 2012 í málum Bjarkar Eiðsdóttur og Erlu Hlynsdóttur. Í báðum tilvikum komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn tjáningarfrelsi blaðamanna þar sem íslenskir dómstólar höfðu dæmt Björk og Erlu til greiðslu miskabóta vegna umfjöllunar sem þær voru höfundar að, auk þess að dæma nokkur nánar tiltekin ummæli dauð og ómerk. Komst Mannréttindadómstóllinn að þeirri niðurstöðu að Ísland hefði brotið gegn 10. gr. mannréttinasáttmála Evrópu. Í kjölfar þessa kvað Mannréttindadómstóllinn á árunum 2012 til 2017 upp dóma í fjórum málum til viðbótar þar sem einnig var komist að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn rétti blaðamanna til tjáningarfrelsis. Á hinn bóginn féllu tveir dómar sumarið 2017 þar sem Mannréttindadómstóllinn sýknaði Ísland í slíkum málum.

Framangreindir dómar Mannréttindadómstóls Evrópu vekja upp spurningar um stöðu tjáningarfrelsis fjölmiðlafólks á Íslandi með hliðsjón af vernd þessara réttinda í stjórnarskrá Íslands og mannréttinasáttmála Evrópu. Í samræmi við minnisblað Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands til höfundar þessarar skýrslu, dags. 25. ágúst 2017, er markmið skýrslunnar eftirfarandi:

[A]ð leita svara um orsakir þess að Mannréttindadómstóllinn hefur ítrekað komist að þeirri niðurstöðu að Ísland hafi brotið gegn tjáningarfrelsi, svo og hvað greinir sýknudóma frá áfellsdómum í framangreindum málum gegn íslenska ríkinu. Það er forsenda þess að hægt sé að meta hvaða ráðstafana er rétt að grípa til svo tryggja megi að íslenska ríkið uppfylli þjóðaréttarskuldbindingar sínar samkvæmt Mannréttinasáttmálanum og afstýra því að tilefni verði til frekari kærumála um þessi efni.

Verkefnið felst í því að gera nákvæma greiningu á því, út frá atvikum mála og forsendum framangreindra dóma Mannréttindadómstólsins, hvort og þá hvaða meinbugir á íslenskum lögum eða réttarframkvæmd leiddu til þess að brotið var gegn tjáningarfrelsinu. Niðurstöður slíkrar rannsóknar megi nýta sem grundvöll til að meta viðbrögð íslenskra stjórnvalda og hvaða ráðstafanir þurfi að gera til að bæta úr íslensku réttarástandi, þar á meðal hvort endurskoða þurfi íslenska meiðyrðalöggjöf.

Þeir dómar Mannréttindadómstóls Evrópu sem sérstaklega verða skoðaðir í skýrslunni eru eftirfarandi:

- *MDE, Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (46443/09) (Goldfinger)*
- *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (43389/10) (Strawberries)*
- *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 2), 21. október 2014 (54125/10) (Byrgið)*
- *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 3), 2. júní 2015 (54145/10) (Fíkniefnainnflutningur)*
- *MDE, Steingrímur Sævarr Ólafsson gegn Íslandi, 16. mars 2017 (58493/13) (Frambjóðandi til stjórnlagabings)*

- *MDE, Reynir Traustason o.fl. gegn Íslandi, 4. maí 2017 (44801/13) (Kæra til lögreglu)*
- *MDE, Ólafur Arnarson gegn Íslandi, 13. júní 2017 (58781/13) (LÍÚ og AMX)*
- *MDE, Svavar Halldórsson gegn Íslandi, 4. júlí 2017 (44322/13) (Fons og Panama)*

Skýrslan er unnin af Gunnari Páli Baldvinssyni lögfræðingi fyrir Mannréttindastofnun Háskóla Íslands.

Umfjöllun skýrslunnar er þannig háttað að í 1. kafla verður gerð grein fyrir þeim íslensku lagareglum sem reyndi á í þeim málum sem hér eru til skoðunar. Lýst er þeim reglum sem gilda um tjáningarfrelsi og æruvernd í stjórnarskrá og almennum lögum. Þá verður fjallað stuttlega um tengsl íslenskra laga og mannréttinasáttmála Evrópu og framkvæmd íslenskra dómstóla er varðar tjáningarfrelsi og friðhelgi einkalífs að því marki sem nauðsynlegt er til að varpa ljósi á viðfangsefni skýrslunnar. Þótt slík umfjöllun geti aldrei verið tæmandi í skýrslu sem þessari er hún nauðsynleg til þess að lesandinn hafi nauðsynlegt samhengi við lestur þeirrar umfjöllunar sem á eftir kemur. Í 2. kafla verða framangreindir dómur Mannréttindadómstólsins frá árunum 2012 til 2017 er varða Ísland reifaðir. Í 3. kafla verða forsendur dómanna greindar. Í 4. kafla verða niðurstöður skýrslunnar teknar saman og ályktanir dregnar.

1. Íslenskur réttur um tjáningarfrelsi og æruvernd með hliðsjón af viðfangsefni skýrslunnar

1.1 Inngangur

Þau mál sem hér eru til skoðunar eiga rætur að rekja til úrlausna íslenskra dómstóla í meiðyrðamálum sem höfðuð voru á hendur blaðamönnum eða ritstjórum fjölmiðla. Sex málum lyktaði með dómi Hæstaréttar Íslands en í tveimur tilvikum var synjað um leyfi til áfrýjunar héraðsdóma sem urðu þá endanlegar niðurstöður íslenskra dómstóla í viðkomandi málum.¹

- *Hrd. 5. mars 2009 (328/2008) (Goldfinger)*. Fjallað var um niðurstöðu Hæstaréttar í dómi MDE, Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (46443/09) (*Goldfinger*)
- *Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. desember 2009 (E-5265) (Átök á Strawberries)*. Fjallað var um niðurstöðu héraðsdóms í MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (43389/10) (*Strawberries*)
- *Hrd. 18. febrúar 2010 (104/2009) (Byrgið)*. Fjallað var um niðurstöðu Hæstaréttar í MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 2), 21. október 2014 (54125/10) (*Byrgið*)
- *Hrd. 11. mars 2010 (454/2009) (Fíkniefnainnflutningur)*. Fjallað var um niðurstöðu Hæstaréttar í MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 3), 2. júní 2015 (54145/10) (*Fíkniefnainnflutningur*)
- *Hrd. 21. febrúar 2013 (525/2012) (Frambjóðandi til stjórnlagabings)*. Fjallað var um niðurstöðu Hæstaréttar í MDE, Steingrímur Sævarr Ólafsson gegn Íslandi, 16. mars 2017 (58493/13) (*Frambjóðandi til stjórnlagabings*)
- *Hrd. 6. desember 2012 (314/2012) (Kæra til lögreglu)*. Fjallað var um niðurstöðu Hæstaréttar í MDE, Reynir Traustason o.fl. gegn Íslandi, 4. maí 2017 (44801/13) (*Kæra til lögreglu*)
- *Dómur Héraðsdóms Reykjaness 29. nóvember 2012 (E-23/2012) (LÍÚ og AMX)*. Fjallað var um niðurstöðu héraðsdóms í MDE, Ólafur Arnarson gegn Íslandi, 13. júní 2017 (58781/13) (*LÍÚ og AMX*)
- *Hrd. 15. nóvember (69/2012) (Fons og Panama)*. Fjallað var um niðurstöðu Hæstaréttar í MDE, Svavar Halldórsson gegn Íslandi, 4. júlí 2017 (44322/13) (*Fons og Panama*)

Málin eiga það sammerkt að einstaklingar sem fjallað var um í fjölmiðlum höfðuðu mál á þeim grundvelli að í umfjölluninni hefðu falist aðdróttanir í þeirra garð, það er að segja ásakaniir sem væru virðingu þeirra til hnekkis, og sem ættu ekki við rök að styðjast. Í öllum tilvikum var fallist á hluta krafna stefnenda og fengu þeir dæmdar bætur og ómerkingu ummælanna. Fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu kom síðan til álita hvort þessar málalýktir hefðu falið sér brot íslenska ríkisins gegn tjáningarfrelsi viðkomandi fjölmiðlafólks samkvæmt 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

¹ Samkvæmt 35. gr. mannréttindasáttmála Evrópu getur Mannréttindadómstóllinn aðeins tekið mál til meðferðar að leitað hafi verið til hlítar leiðréttingar í heimalandinu. Af ákvæðinu leiðir til dæmis að ekki er unnt að kæra niðurstöðu héraðsdóms til Mannréttindadómstólsins ef unnt er að áfrýja máli til Hæstaréttar og áfrýjun hefur ekki verið reynd. Samkvæmt ákvæðum XXV. kafla laga nr. 91/1991 verður málum er varða fjárkröfur sem ná ekki tiltekinni fjárhæð ekki áfrýjað til Hæstaréttar nema með leyfi réttarins. Synji rétturinn um leyfi til áfrýjunar telst almennt fullnægt skilyrði 35. gr. sáttmálans um að leita skuli leiðréttingar í heimalandinu. Átti þetta við í tveimur þeirra mála sem hér eru til umfjöllunar.

Þótt málsatvik hafi verið með einfaldara móti reynir í málum sem þessum á margvíslegar réttarheimildir. Til þess að unnt sé að greina dóma Mannréttindadómstólsins sem eru viðfangsefni þessarar skýrslu er nauðsynlegt að gera stuttlega grein fyrir þessum reglum og framkvæmd þeirra að því leyti sem á þær reyndi í framangreindum málum. Að því er varðar almenn lög studdist málshöfðun í framangreindum málum við ákvæði almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þar sem hvoru tveggja er að finna háttarnisreglur sem banna tiltekna gerð tjáningar og ákvæði um afleiðingar þess að slík óheimil tjáning sé sett fram. Þá studdust málshöfðanir einnig við ákvæði skaðabótalaga nr. 50/1993 að því leyti sem gerðar voru kröfur um greiðslu miskabóta. Að því er varðar álitæfni um hver bar ábyrgð á þeim staðhæfingum sem deilt var um reyndi á þágildandi ákvæði laga nr. 57/1956 um prentrétt í þeim málum er vörðuðu atvik í gildistíð þeirra laga. Við beitingu framangreindra reglna rekst á ákvæði stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 um vernd friðhelgi einkalífs annars vegar og tjáningarfrelsis hins vegar, sbr. 71. og 73. gr. stjórnarskrárinnar. Bæði þessi stjórnarskrárákvæði eru tengd 8. og 10. gr. mannréttinasáttmála Evrópu sem hefur verið lögfestur með lögum nr. 62/1994.

1.2 Ákvæði almennra hegningarlaga

1.2.1 Ákvæði 235. gr. almennra hegningarlaga

Í öllum þeim málum sem hér eru til skoðunar komust íslenskir dómstólar að þeirri niðurstöðu að umfjöllun fjölmiðils hefði brotið gegn 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt ákvæðinu varðar það sektum eða fangelsi allt að einu ári „[e]f maður dróttar að öðrum manni einhverju því, sem verða myndi virðingu hans til hnekkis, eða ber slíka aðdróttun út.“

Aðdróttun í þessum skilningi er ærumeiðing sem felur í sér áburð eða ásökun á hendur öðrum manni um athöfn eða athafnaleysi sem verða myndi virðingu hans til hnekkis. Aðdróttun er til þess fallin að særa sjálfsvirðingu þess sem fyrir verður og lækka hann í álit annarra.² Í þeim málum sem hér eru til skoðunar töldu íslenskir dómstólar að ásakanir á hendur nafngreindum mönnum um að þeir hefðu framið eða væru grunaðir um refsivert athæfi eða tengdust einhvers konar glæpastarfsemi teldust aðdróttanir. Almennt er viðurkennt að vægari ásakanir geta talist aðdróttanir. Til dæmis hefur verið álitð að ásakanir um drykkjuskap, vanefndir á greiðslu skulda eða illa meðferð á mönnum eða dýrum geti falið í sér aðdróttanir.³ Sem dæmi um dóma þar sem talið var að ásakanir fælu í sér aðdróttanir þótt þær lytu ekki að refsiverðri háttsemi má nefna að í *Hrd. 1. mars 2007 (278/2006) (Bubbi fallinn)* taldi rétturinn að forsíðufyrirsögnin „Bubbi fallinn“ hefði falið í sér aðdróttun þar sem hana mátti skilja á þann veg að stefnandi, tónlistarmaðurinn Bubbi Morthens, væri byrjaður að neyta fíkniefna en alkunna var að hann hefði neytt slíkra efna áður.

Í þeim málum sem hér eru til umfjöllunar var talið að tilteknar ásakanir hefðu falið í sér aðdróttanir sem brytu í bága við 235. gr. almennra hegningarlaga. Nánar verður vikið að málavöxtum umræddra mála og úrlausnum Mannréttindadómstóls Evrópu í 2. kafla. Þau

² *Lögfræðiorðabók með skýringum*, bls. 3.

³ Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, kafla 5.3.2.3.3 (Aðdróttun), sbr. Gunnar Thoroddsen: *Æran og vernd hennar*, bls. 45 og Einar Arnórsson: „Meiðyrði og meiðyrðamál“, bls. 127–129.

ummæli sem íslenskir dómstólar töldu í þessum tilvikum að hefðu falið í sér aðdróttanir voru eftirfarandi:

- Í *Hrd. 5. mars 2009 (328/2008) (Goldfinger)* var það talin aðdróttun að staðhæfa að eigandi veitingastaðarins *Goldfinger* stæði að því að stúlkur sem störfuðu hjá honum stunduðu vændi á stöðum hans og að hann hefði beitt þær í þeim tilgangi þrýstingi. Einnig að hann hefði svipt stúlkur frelsi.
- Í *dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 21. desember 2009 (E-5265) (Strawberries)* var talið að skilja mátti tiltekin ummæli sem svo að í þeim fælist aðdróttun um að eigandi veitingastaðarins *Strawberries* væri með skipulögð alþjóðleg glæpasamtök á sínum snærum.
- Í *Hrd. 18. febrúar 2010 (104/2009) (Byrgið)* var talið að það væri aðdróttun að staðhæfa að ekki væri við hæfi að eiginkona forstöðumanns meðferðarheimilisins, sem var dæmdur fyrir kynferðisbrot gegn vistkonum heimilisins, ynni í grunnskólum, þar sem vísað var til þess að hún „vei[ddi] fyrir hann“.
- Í *Hrd. 11. mars 2010 (454/2009) (Fíkniefnainnflutningur)* var það talin aðdróttun að staðhæfa, um sakborning í máli um innflutning á fíkniefnum, að hann hefði tekið við bifreið í þeirri trú að í henni væru fíkniefni.
- Í *Hrd. 21. febrúar 2013 (525/2012) (Frambjóðandi til stjórnlagabings)* var það talin aðdróttun að staðhæfa að tiltekinn frambjóðandi til stjórnlagabings hefði brotið kynferðislega gegn börnum.
- Í *Hrd. 6. desember 2012 (314/2012) (Kæra til lögreglu)* var það talin aðdróttun að staðhæfa að tiltekinn lektor í viðskiptafræði væri til rannsóknar hjá lögreglu vegna saknæmrar og refsiverðrar háttsemi í stjórn fyrirtækis.
- Í *dómi Héraðsdóms Reykjaness 29. nóvember 2012 (E-23/2012) (LÍÚ og AMX)* voru ummæli, sem mátti skilja sem svo að framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna léti það viðgangast að beitt væri bókhaldsblekkingum til að leyna stuðningi við tiltekna vefsíðu og hann hefði með sömu háttsemi framið umboðssvik og sýnt af sér vanrækslu í starfi, talin vera aðdróttanir.
- Í *Hrd. 15. nóvember (69/2012) (Fons og Panama)* voru ummæli, sem mátti skilja sem svo að Jón Ásgeir Jóhannesson hefði framið refsivert og saknæmt athæfi með því að taka við fé, sem fyrirtækið *Fons* lánaði áður en það varð gjaldþrota, talin vera aðdróttanir.

Komust íslenskir dómstólar að þeirri niðurstöðu að það fjölmiðlafólk sem stefnt var í málunum hefði ekki getað fært sönnur á framangreindar ásakanir og teldust þær vera aðdróttanir sem brytu gegn 235. gr. almennra hegningarlaga.

1.2.2 Önnur ákvæði XXV. kafla almennra hegningarlaga

Í XXV. kafla almennra hegningarlaga er að finna fleiri ákvæði sem setja fjölmiðlum skorður. Þótt ekki hafi reynt á þau í þeim málum sem hér eru til skoðunar er rétt að gera stuttlega grein fyrir þeim til aðgreiningar frá þeirri háttsemi sem hér er til umfjöllunar.⁴

Í 229. gr. almennra hegningarlaga er kveðið á um að hver sá sem skýri opinberlega frá einkamálefnum annars manns, án þess að nægar ástæður séu fyrir hendi sem réttlæti verknaðinn, skuli sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári. Af ákvæðinu leiðir að blaðamenn verða að gæta að því, þegar fjallað er um einkamálefni einstaklinga, hvort slík umfjöllun eigi erindi við almenning. Í *Hrd. 1. mars 2007 (278/2006) (Bubbi fallinn)* komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að fjölmiðill hefði brotið gegn réttindum þjóðþekkt einstaklings með því að birta af honum myndir þar sem hann var á ferð í bifreið sinni. Á hinn bóginn var talið heimilt að fjalla um tóbaksnotkun hans í texta fjölmiðilsins, enda hafði viðkomandi sjálfur áður gert hana að umræðuefni á opinberum vettvangi. Af sama toga eru dómarnir *Hrd. 1. júní 2006 (541/2005) (Upphaf Baugsmálsins)* og *Hrd. 4. október 2007 (37/2007) (Ástarsamband)* en í báðum tilvikum höfðu fjölmiðlar komið höndum yfir tölvupóstsamskipti einstaklings án vilja viðkomandi og unnið úr þeim fréttir. Í fyrra málinu var talið að umfjöllun um efni tölvubréfa, er laut að upphafi sakamáls á hendur forráðamönnum *Baug Group hf.*, hefði átt erindi til almennings og bryti því ekki gegn 229. gr. almennra hegningarlaga. Í hinu síðara var á hinn bóginn talið að umfjöllun um efni tölvubréfa, um ástamál tiltekinna einstaklinga, hefði brotið gegn umræddu ákvæði. Í *Hrd. 10. desember 2015 (261/2015) (Forsjárdeila)* var ekki fallist á að upplýsingar um nafn, fæðingardag og forsjáraðila barns, sem fjallað var um í viðtali fjölmiðils, teldust einkamálefni í skilningi ákvæðisins.

Í 230. gr. er kveðið á um að ef maður sem hafi eða hafi haft með höndum starf, sem opinbera skipun, leyfi eða viðurkenningu þurfi til að rækja, segi frá einhverjum einkamálefnum, sem leynt eigi að fara og hann hafi fengið vitneskju um í starfi sínu, þá varði það sektum eða fangelsi allt að einu ári. Sömu refsingu varði einnig sams konar verknaður þeirra manna sem hafi aðstoðað framangreinda menn í starfi þeirra. Verður ákvæðinu til dæmis beitt ef lækni ljóstrar upp um einkamálefni sjúklinga sinna. Í *Hrd. 25. febrúar 1999 (252/1998) (Sálumessa syndara)* var rithöfundur sakfelldur fyrir hlutdeild í broti læknis samkvæmt 230. gr. fyrir að hafa í samvinnu við geðlækni birt frásögn hans af einkamálefnum sjúklings hans. Þóttu engir hagsmunir réttlæta að gengið væri svo harkalega á friðhelgi einkalífs.

Í 233. gr. a. almennra hegningarlaga er kveðið á um að hver sem opinberlega hæðist að, rógberi, smáni eða ógni manni eða hópi manna með ummælum eða annars konar tjáningu, svo sem með myndum eða táknum, vegna þjóðernis, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða, kynhneigðar eða kynvitundar, eða breiði slíkt út, skuli sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum. Í 233. gr. b. er kveðið á um sömu refsingu við því að móðga eða smána maka sinn eða fyrrverandi maka, barn sitt eða annan mann sem er nákominn geranda, ef verknaður verður talinn fela í sér stórfelldar ærumeiðingar. Á fyrrnefnda ákvæðið hefur reynt að því er varðar umfjöllun fjölmiðla en í *Hrd. 24. apríl 2002 (461/2001) (Hvíta Ísland)* var varaformaður Félags íslenskra þjóðernissinna dæmdur fyrir brot á ákvæðinu vegna viðtals í dagblaðinu *DV*.

⁴ Sjá til hliðsjónar Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, kafli 5.3.2 (Ákvæði almennra hegningarlaga nr. 19/1940).

Þar lýsti varaformaðurinn yfirburðum hvíta kynstofnsins með samanburði á Íslendingi og „afríkunegra“.

Í 234. gr. almennra hegningarlaga er kveðið á um að hver sem meiði æru annars manns með móðgunum í orðum eða athöfnum, og hver sem beri slíkt út, skuli sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári. Lítið hefur verið svo á að með „móðgun“ sé átt við hátterni sem beint sé gegn öðrum manni og lýsi megnri óvirðingu eða fyrirlitningu.⁵ Svo sem að framan segir lúta aðdróttanir í skilningi 235. gr. alla jafna að staðhæfingu um athöfn eða aðgerðaleysi af hálfu þess sem aðdróttunin beinist að. Móðgun í skilningi 234. gr. er á hinn bóginn ekki jafn alvarleg yfirlýsing í þeim skilningi að hún felur fremur í sér gildisdóm þess sem hana lætur frá sér um þann sem móðgunin beinist að. Þessi munur birtist að einhverju marki í *Hrd. 2. október 2008 (653/2007) (Greiðslur fyrir einbýlishús)* og *Hrd. 24. maí 2012 (469/2011) (Nágrannaerjur)*. Í fyrrnefnda dóminum voru staðhæfingar um að tiltekinn einstaklingur væri „blankur“ taldar fela í sér móðgun í skilningi 234. gr. Á hinn bóginn voru staðhæfingar um að viðkomandi hefði byggt stórt einbýlishús og ekki greitt fyrir gerð þess og nánar tilgreinda kostnaðarliði taldar fela í sér aðdróttun. Í síðarnefnda málinu voru fjölmörg ummæli, þar sem tilteknum einstaklingum var lýst á ófagran hátt, talin varða við 234. gr. almennra hegningarlaga en á hinn bóginn voru ummæli er lutu að því hvernig einn þeirra átti að hafa eignast jörð með því að fá seljandann til að drekka ótæpilegt magn af áfengi talin brjóta gegn 235. gr. laganna.

Í 236. gr. almennra hegningarlaga er það gert refsivert að hafa uppi eða bera ærumeiðandi aðdróttun gegn betri vitund. Felur ákvæðið í sér að refsing skuli vera þyngri fyrir að hafa í frammi ærumeiðandi aðdróttun, sbr. 235. gr., ef það er gert gegn betri vitund.

Í 237. gr. almennra hegningarlaga er kveðið á um að ef maður „bregður manni brigslum“ án nokkurs tilefnis þá varði það sektum, þótt hann segi satt. Lítið hefur reynt á ákvæðið í framkvæmd. Hefur hugtakinu brigslum verið lýst þannig að það feli í sér ásakanir sem kunni að fela í sér aðdróttanir en þurfi þó ekki endilega að vera svo víðtækar.⁶

Þar til nýlega var í 2. mgr. 238. gr. almennra hegningarlaga kveðið á um að hafi maður, er sætt hafi refsidómi fyrir einhvern verknað, síðar öðlast uppreist æru, sé ekki heimilt að bera hann framur þeim sökum og sönnun leysi því ekki undan refsingu þegar svo standi á. Með lögum nr. 80/2017 var ákvæðið fellt úr gildi í tengslum við afnám ákvæða um uppreist æru.

1.2.3 Einkaréttarleg refsivarsla

Segja má að ákvæði 235. gr. almennra hegningarlaga, og ýmis önnur ákvæði XXV. kafla, skeri sig frá flestum öðrum ákvæðum laganna að því leyti að meðferð mála um ætluð brot gegn ákvæðinu er fyrst og fremst einkaréttarlegs eðlis. Birtist þetta á tvennan hátt.

Annars vegar leiðir það af 3. tölulið 242. gr. almennra hegningarlaga að brot gegn 235. gr. laganna sætir ekki ákæru eins og almennt á við um brot gegn lögnum, enda er mælt fyrir um

⁵ Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, kafla 5.4.2.3.2 (Móðgun), sbr. Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 199–200, Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 141 og Gunnar Thoroddsen: *Æran og vernd hennar*, bls. 52.

⁶ Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, kafla 5.3.2.3.4 (Önnur ákvæði laganna), sbr. Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 205.

Það í fyrrgreinda ákvæðinu að sá einn geti höfðað mál sem misgert er við. Svo skyld dæmi séu nefnd á hið sama við um brot gegn 229. gr. laganna, sem leggur bann við að skýra opinberlega frá einkamálefnum annars manns án þess að nægar ástæður séu fyrir hendi, og 234. gr. sem gerir það refsivert að móðga annan mann með orðum eða athöfnum. Af þessu leiðir að sá sem telur að misgert hafi verið við sig á grundvelli 235. gr. almennra hegningarlaga kærir slíka háttsemi ekki til lögreglu, svo sem almennt á við um brot gegn hegningarlögum, heldur höfðar sjálfur svokallað einkarefsimál fyrir dómstólum.

Hins vegar eru afleiðingar brota gegn 235. gr. almennra hegningarlaga sjaldnast þær að refsað sé með sektum eða fangelsi, þótt mælt sé fyrir um það í lagaákvæðinu sjálfu. Í þeim málum sem hér eru til skoðunar voru í sumum tilvikum gerðar kröfur um að fjölmiðlafólki yrði gerð refsing en á það var aldrei fallist. Þá hefur Hæstiréttur Íslands hafnað refsikröfu í málum er varða 235. gr. almennra hegningarlaga með vísan til 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. *Hrd. 18. desember 2014 (215/2014) (Gillzenegger)* þar sem þó var fallist á ógildingu tiltekinna ummæla. Er þetta í samræmi við þau viðhorf sem fram hafa komið í dómaframkvæmd Mannréttindadómstólsins að það sé mjög íþyngjandi að refsikenndum viðurlögum sé beitt til að takmarka tjáningarfrelsi. Auk þessa kann að vera tilefni til að hafna refsikröfu með vísan til 239. gr. almennra hegningarlaga, þar sem kveðið er á um að heimilt sé að láta refsingu samkvæmt 234. og 235. gr. falla niður ef tilefni ærumeiðingar var ótilhlýðilegt háttarni þess manns sem telur sér misboðið eða ef hann hefur goldið líku líkt.

Í stað þess að refsingum sé beitt hafa þeir sem orðið hafa fyrir brotum gegn 235. gr. getað fengið hag sinn réttan með þrenns konar úrræðum. Í *fyrsta lagi* geta dómstólar ómerkt ummæli sem talin hafa verið brjóta í bága við lög á grundvelli 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga, sem kveður á um að í meiðyrðamáli megi dæma óviðurkvæmileg ummæli ómerk ef sá krefjist þess sem misgert var við. Í *öðru lagi* getur sá sem dæmdur hefur verið sekur um ærumeiðandi aðdróttun verið dæmdur til þess að greiða þeim sem misgert var við kostnað af birtingu dóms í opinberu blaði eða riti svo sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga hafi krafa verið gerð þar að lútandi. Einnig hefur Hæstiréttur látið nægja að dæma einungis þann fjölmiðil sem í hlut á til að birta forsendur dóms og hafnað kröfum um greiðslu kostnaðar við slíka birtingu. Í *þriðja lagi* hafa þolanda brotsins verið dæmdar miskabætur á einkaréttarlegum grundvelli í samræmi við ákvæði skaðabótalaga eins og nánar verður vikið að í næsta kafla. Auk alls framangreinds hefur dómþolum síðan verið gert að greiða málskostnað.

Lyktir þeirra mála sem hér eru til skoðunar urðu í samræmi við þetta. Komust dómstólar í öllum tilvikum að þeirri niðurstöðu að nánar tiltekin ummæli sem birtust í fjölmiðlum hefðu falið í sér aðdróttanir í skilningi 235. gr. almennra hegningarlaga. Í öllum tilvikum voru umrædd ummæli dæmd dauð og ómerk. Yfirleitt gerðu þolendur ummælanna ekki kröfu um að því fjölmiðlafólki sem í hlut átti yrði gerð refsing. Slíkar kröfur voru þó gerðar í málunum sem lyktaði með *dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 21. desember 2009 (E-5265) (Strawberries)* og *Hrd. 6. desember 2012 (314/2012) (Kæra til lögreglu)*. Í fyrra tilvikinu var kröfunni hafnað með vísan til 239. gr. almennra hegningarlaga. Í hinu síðara hafnaði héraðsdómur kröfunni án rökstuðnings og í Hæstarétti hélt stefndi henni ekki uppi á áfrýjunarstigi.

Varðandi kröfu um greiðslu kostnaðar af birtingu dóms með vísan til 2. mgr. 241. gr. taldi Hæstiréttur í *Hrd. 5. mars 2009 (328/2008) (Goldfinger)* að nægjanlegt væri að dæma þann fjölmiðil sem í hlut átti til að birta forsendurnar. Kröfum af þessu tagi var einfaldlega hafnað í *Hrd. 21. febrúar 2013 (525/2012) (Frambjóðandi til stjórnlagabings)*, dómi Héraðsdóms Reykjaness 29. nóvember 2012 (*E-23/2012) (LÍÚ og AMX)* og *Hrd. 15. nóvember (69/2012) (Fons og Panama)* án þess að mælt væri fyrir um aðra birtingu forsendna. Á hinn bóginn var fallist á kröfur um greiðslu slíks kostnaðar í hinum málunum, þótt ekki hafi verið fallist á þær fjárhæðir sem þolendur vísuðu til í kröfugerð sinni. Var slíkur kostnaður dæmdur á bilinu 50.000 til 200.000 krónur.

1.3 Ákvæði b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993

Almennt er litið svo á að miskabætur séu bætur fyrir ófjárhagslegt tjón.⁷ Í b-lið 1. mgr. 26. gr. er mælt fyrir um að heimilt sé að láta þann sem ábyrgð ber á ólögmætri meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns greiða miskabætur til þess sem misgert var við. Svo sem greinir í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi því sem varð að skaðabótalögum nr. 50/1993 felst í skilyrðinu um ólögmæta meingerð að um sé að ræða saknæma hegðun og þarf gáleysið að vera verulegt. Tekur hugtakið ekki til smávægilegra hrekkja eða stríðni.⁸

Mismunandi er hvaða kröfur dómstólar hafa gert til að sýnt sé fram á að skilyrði séu fyrir hendi til að dæma miskabætur á grundvelli ákvæðisins.⁹ Hafi settar lagareglur verið brotnar verður að telja líklegra en ella að talið yrði að skilyrði þess teldust uppfyllt.¹⁰ Á hinn bóginn eru dæmi um að umdeild ummæli sem hvort tveggja brutu gegn ákvæðum XXV. kafla almennra hegningarlaga og voru ómerkt á þeim grunni hafi ekki verið talin leiða til bótaskyldu á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Í *Hrd. 24. janúar 2013 (383/2012) (Ummæli í bók um Baugsmálið)* var sýkna af kröfu um miskabætur rökstudd með vísan til stöðu þolanda ummælanna og þess að hann hafði tekið þátt í opinberri umræðu um málefnið auk þess sem sá sem gaf ummælin frá sér hafði leiðrétt þau og beðist afsökunar á þeim. Sama átti við í *Hrd. 18. desember 2014 (215/2014) (Gillzenegger)*. Var sýkna af miskabótakröfu studd tilvísun til framgöngu þolanda á opinberum vettvangi, takmarkaðrar útbreiðslu ummælanna og að þau hefðu verið fjarlægð um leið og krafa þess efnis kom fram.¹¹ Þá er það ekki skilyrði að dæmt hafi verið brot gegn XXV. kafla hegningarlaga til þess að atferli, sem þó gæti fallið undir ákvæði laganna, verði talið skapa bótaskyldu samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga, sbr. *Hrd. 21. mars 2002 (306/2001) (Ummæli lögmanns um kynferðisbrotamál)*.¹²

Í öllum þeim málum sem hér eru til skoðunar voru blaðamenn eða ritstjórar dæmdir til að greiða þolendum ummæla miskabætur. Hæstar væru þær dæmdar 500.000 krónur í *Hrd. 5. mars 2009 (328/2008) (Goldfinger)* en lægstar 100.000 krónur í *Hrd. 11. mars 2010*

⁷ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson: *Bótaréttur 1*, bls. 29.

⁸ Alþt. 1992–93, A-deild, bls. 3669.

⁹ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson: *Bótaréttur 1*, bls. 562 og Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 259.

¹⁰ Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögmætrar meingerðar gegn æru samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga“, bls. 75–76 og Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 259.

¹¹ Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 259.

¹² Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 291 og Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 259.

(454/2009) (*Fíkniefnainnflutningur*). Þess má geta að af öllum málunum sem hér eru til skoðunar var það aðeins í *Hrd. 5. mars 2009 (328/2008) (Goldfinger)* að dæmdur málskostnaður var lægri en fjárhæð miskabóta.

1.4 Lagareglur um ábyrgð á efni í fjölmiðlum.

Þegar brotið er gegn friðhelgi einkalífs einstaklings með umfjöllun í fjölmiðlum vaknar sú spurning hver beri ábyrgð á brotinu. Í þeim málum sem hér eru til skoðunar voru atvik um margt mismunandi og ólíkar lagareglur giltu á tímabili um mismunandi fjölmiðla. Er ástæða til að gera stuttlega grein fyrir þessum reglum eftir því sem á þær reyndi í umræddum málum.

Elsti dómurinn sem hér er til umfjöllunar er *Hrd. 5. mars 2009 (328/2008) (Goldfinger)*. Í málinu var blaðamanni stefnt til að þola dóm vegna ummæla í viðtali sem höfð voru eftir nafngreindum einstaklingi. Þegar atvik málsins áttu sér stað giltu ákvæði V. kafla laga nr. 57/1956 um prentrétt um ábyrgð á efni rita. Á þessi ákvæði reyndi síðan einnig í *dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 21. desember 2009 (E-5265) (Strawberries)* og *Hrd. 18. febrúar 2010 (104/2009) (Byrgið)*. Síðar hafa umrædd ákvæði um ábyrgð á prentuðu efni verið felld úr gildi og eiga nú við ábyrgðarreglur laga nr. 38/2011 um fjölmiðla.

Þegar atvik framangreindra mála áttu sér stað var í V. kafla laga nr. 57/1956 að finna 15. gr. þar sem almennt var kveðið á um ábyrgð af útgáfu rita eins og þeirra sem framangreind mál lutu að. Þar var kveðið á um að höfundur bæri refs- og fébótaábyrgð á efni ritsins, ef hann hefði nafngreint sig og væri auk þess annað hvort heimilisfastur hér á landi, þegar ritið kom út, eða undir íslenskri lögsögu þegar mál var höfðað. Væri enginn höfundur nafngreindur var kveðið á um það í ákvæðinu að útgefandi rits eða ritstjóri bæri ábyrgðina, því næst sá er hefði rit til sölu eða dreifingar og loks sá er annaðist prentun eða letrun. Byggðist þessi röð á hinu svonefnda belgíska ábyrgðarkerfi.¹³

Í framangreindum dómi *Hrd. 5. mars 2009 (328/2008) (Goldfinger)* reyndi meðal annars á það hvort blaðamaður sem tilgreindur var sem höfundur viðtals teldist höfundur ummæla sem brutu gegn 235. gr. almennra hegningarlaga eða nafngreindur viðmælandi blaðamannsins. Hafði stefnandi upphaflega höfðað málið gegn báðum en gert dómsátt við viðmælandann undir rekstri málsins. Komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að blaðamaðurinn bæri ábyrgð á ummælum viðmælandans og engu breytti þótt viðmælandinn kynni einnig að geta talist höfundur í skilningi 15. gr. laga um prentrétt.

Verður ekki annað ráðið en að Hæstiréttur hafi í málinu litið svo á að stefnandi hefði haft val um að stefna öðrum hvorum, blaðamanninum eða viðmælandanum, eða báðum. Vísað var til þessarar niðurstöðu í *dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 21. desember 2009 (E-5265) (Strawberries)* þar sem blaðamaður var einnig látinn bera ábyrgð á ummælum sem höfð voru eftir nafngreindum viðmælanda.

Í *Hrd. 18. febrúar 2010 (104/2009) (Byrgið)* höfðaði þolandi aðdróttana mál gegn hvoru tveggja nafngreindum viðmælendum og blaðamanni sem tilgreindur var sem höfundur vegna ummæla sem höfð voru eftir viðmælendum. Á hinn bóginn komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að blaðamanninum hefði ekki tekist að sanna að ummæli, sem töldust aðdróttanir í

¹³ Alpt. 1956, A-deild, bls. 133–134.

skilningi 235. gr. almennra hegningarlaga, væru rétt höfð eftir viðmælandanum. Af þessum sökum var blaðamaðurinn einn talinn vera höfundur í skilningi 15. gr. laga nr. 57/1956 og bar því einn ábyrgð á aðdróttuninum.

Vegna gildissviðsákvæðis 1. gr. laga nr. 57/1956 náði ábyrgðarregla 15. gr. aðeins til hvers þess rits sem var „prentað [...] eða letrað á annan vélrænan eða efnafræðilegan hátt“. Í *Hrd. 21. febrúar 2013 (525/2012) (Frambjóðandi til stjórnlagabings)* reyndi á hver bæri ábyrgð á umfjöllun á vefsíðu þar sem aðdróttanir voru hafðar eftir nafngreindum viðmælanda en blaðamaðurinn sem tók viðtalið var ekki nafngreindur. Í málinu hafði stefnandi, þolandi ummælanna, kosið að stefna ritstjóra vefsíðunnar. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að efni á vefsíðu félli ekki undir ákvæði laga nr. 57/1956 í ljósi gildissviðs laganna eins og það væri afmarkað í 1. gr. Þá yrði ákvæðunum ekki beitt með lögjöfnun. Á hinn bóginn var talið að ritstjóri vefsíðunnar hefði haft eftirlitsskyldu varðandi það efni sem birtist á síðunni. Í því hefði meðal annars falist að honum hefði borið að haga ritstjórninni þannig að forðast yrði að efni miðilsins ylli öðrum miska vegna ærumeiðinga. Saknæm vanræksla ritstjórans á að sinna þessari eftirlitsskyldu kynni því að varða hann ábyrgð. Var síðan fjallað um þau ummæli sem höfð voru eftir viðmælendum vefsíðunnar og komist að þeirri niðurstöðu að þau þeirra er brytu gegn 235. gr. almennra hegningarlaga væru dauð og ómerk og ritstjórinn skyldi dæmdur til að greiða miskabætur.

Atvik voru með öðrum hætti í *Hrd. 11. mars 2010 (454/2009) (Fíkniefnainnflutningur)*, *Hrd. 6. desember 2012 (314/2012) (Kæra til lögreglu)*, *dómi Héraðsdóms Reykjaness 29. nóvember 2012 (E-23/2012) (LÍÚ og AMX)* og *Hrd. 15. nóvember (69/2012) (Fons og Panama)*. Í þeim tilvikum voru þær aðdróttanir sem taldar voru brjóta gegn 235. gr. almennra hegningarlaga ekki hafðar eftir nafngreindum viðmælendum blaðamanna heldur taldar settar fram af blaðamönnunum sjálfum.

Með lögum nr. 38/2011 um fjölmiðla, sem tóku gildi 21. apríl 2011, voru reglur um fjölmiðla samræmdar og ein heildstæð löggjöf sett um fjölmiðla. Áður höfðu lög nr. 57/1956 gilt um prentaða miðla, svo sem að framan greinir, en útvarpslög nr. 53/2000 um útsendingar í hljóðvarpi og sjónvarpi. Í a-lið 1. mgr. 51. gr. laga nr. 38/2011 er nú kveðið á um að sé ritefni réttilega haft eftir nafngreindum einstaklingi beri sá sem það er haft eftir ábyrgð á eigin ummælum hafi hann samþykkt miðlun þeirra og sé annað hvort heimilisfastur hér á landi eða lúti íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli. Af athugasemdum í frumvarpi til laganna má ráða að markmiðið með umræddri breytingu hafi verið að bregðast við afstöðu Hæstaréttar í *Hrd. 5. mars 2009 (328/2008) (Goldfinger)* og að blaðamaður skuli ekki bera ábyrgð á ummælum nafngreindra viðmælanda sinna. Er það þó háð því að sannað sé að rétt sé eftir viðmælandanum haft.¹⁴

1.5 Reglur stjórnskipunarréttarins um tjáningarfrelsi og friðhelgi einkalífs

1.5.1 Ákvæði stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi og friðhelgi einkalífs og tengsl þeirra við mannréttindasáttmála Evrópu.

Með 73. gr. stjórnarskrárinnar er tjáningarfrelsi veitt stjórnarskipunarréttarleg vernd í íslenskum lögum. Í 1. mgr. 73. gr. er kveðið á um að allir skuli vera frjálsir skoðana sinna og

¹⁴ Alpt. 2010–2011, 139. löggjafarþing, þskj. 215, 198. mál, bls. 188.

sannfæringar og í 2. mgr. að hver maður eigi rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verði hann þær fyrir dómi auk þess að ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi megi aldrei í lög leiða. Í 3. mgr. er loks mælt fyrir um að tjáningarfrelsi megi aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.

Að því leyti sem kveðið er á um í 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar að heimilt sé að takmarka tjáningarfrelsi til verndar mannorði annarra rektst tjáningarfrelsisvernd stjórnarskrárinnar á við þá vernd sem friðhelgi einkalífs er veitt samkvæmt 71. gr. hennar. Þar er mælt fyrir um að allir skuli njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Þó sé heimilt með sérstakri lagaheimild að takmarka friðhelgina ef brýna nauðsyn beri til vegna réttinda annarra. Bent hefur verið á að eitt vandmeðfarnasta viðfangsefnið, þar sem reyni á takmarkanir á friðhelgi einkalífs, lúti að því að finna jafnvægi á milli þess og annarra stjórnarskrárverndaðra réttinda og að þar komi tjáningarfrelsi annarra oftast til álita. Verði niðurstaða hagsmunamats að ráðast af atvikum í hverju máli og þá einkum af því hvort vegi þyngra, þeir hagsmunir einstaklings að njóta friðar um einkahagi sína og mannorð eða nauðsyn þess að viðhalda frjálsi lýðræðislegri umræðu um málefni sem varða almenning.¹⁵

Bæði 71. og 73. gr. stjórnarskrárinnar voru lögfestar með þeim breytingum sem gerðar voru á mannréttindakafila stjórnarskrárinnar árið 1995. Áður giltu 66. og 72. gr. um vernd þessara réttinda og var gildissvið þeirra ákvæða mun takmarkaðra.¹⁶

Markmið stjórnarskrárbreytinganna árið 1995 var að efla, samhæfa og samræma mannréttindaákvæðin þannig að þau gegndu betur því hlutverki sínu að vera vörn almennings í samskiptum við þá sem með ríkisvald fara og færa ákvæðin í nútímalegra horf. Þá þótti tímabært að endurskoða mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar með tilliti til þeirra þjóðaréttarlegu skuldbindinga sem Ísland hafði gengist undir með aðild að alþjóðlegum sáttmálum til verndar mannréttindum. Vilji stjórnarskrárgjafans stóð til þess að dómstólar túlkuðu stjórnarskrána í ljósi alþjóðaskuldbindinga um mannréttindi.¹⁷ Í lögskýringargögnum var í þessu samhengi meðal annars vísað til mannréttinasáttmála Evrópu. Sáttmálinn hafði verið lögfestur árið 1994 sem almenn lög, sbr. lög nr. 62/1994, og var ákveðin óvissa um réttarheimildalega stöðu ákvæða hans og afstöðu gagnvart stjórnarskrá. Með stjórnarskrárbreytingunni árið 1995 var stefnt að því að færa inn í stjórnarskrána þau réttindi sem vernduð voru í sáttmálanum.¹⁸

Almennt er talið að eftir stjórnarskrárbreytinguna árið 1995 megi ótvírætt merkja áhrif mannréttinasáttmála Evrópu á skýringu dómstóla á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar.¹⁹ Hefur í því samhengi verið bent á að Hæstiréttur Íslands hafi tekið mið af túlkun Mannréttindadómstóls Evrópu um inntak og gildissvið ýmissa lykilhugtaka. Hæstiréttur hefur vísað til dóma Mannréttindadómstólsins í dómum sínum og vísar oft til

¹⁵ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 305.

¹⁶ Í 66. gr. stjórnarskrárinnar var þá aðeins kveðið á um að heimilið væri friðheilagt og að hvorki mætti gera húsleit né kyrretja bréf og önnur skjöl og rannsaka þau nema eftir dómsúrskurði eða eftir sérstakri lagaheimild. Í 72. gr. var mælt fyrir um að hver maður ætti rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti. Tekið var fram að þó yrði hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi mætti aldrei í lög leiða.

¹⁷ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 107.

¹⁸ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 32–33.

¹⁹ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 108, sbr. einnig Davíð Þór Björgvinsson: „Mannréttinasáttmáli Evrópu. Meginatriði, skýring og beiting“, bls. 78–88.

ákvæða sáttmálans samhlíða því sem hliðstæðum ákvæðum stjórnarskrárinnar er beitt.²⁰ Þá þykir mega greina auknar áherslur íslenskra dómstóla á sambærilegar skýringarreglur og beitt er af Mannréttindadómstólnum þegar kemur að úrlausn um takmarkanir á stjórnarskrárbundnum réttindum.²¹ Gætti slíkrar tilhneigingar raunar áður en stjórnarskránni var breytt árið 1995.²² Þótt formlega séð hafi mannréttinasáttmáli Evrópu ekki stöðu sem stjórnarskipunarlög er því ljóst að vilji stjórnarskrárgjafans stóð til þess að mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar yrði veitt sama efnislega inntak og samsvarandi reglum sáttmálans. Þá hafa íslenskir dómstólar haft tilhneingingu til að túlka stjórnarskrána í samræmi við dómaframkvæmd Mannréttindadómstólsins. Í *Hrd. 21. september 2005 (248/2005) (Sakarkostnaður)* tók Hæstiréttur fram að þótt dómur Mannréttindadómstóls Evrópu væru ekki bindandi að íslenskum landsrétti væri rétt að líta til skýringa hans á ákvæðum sáttmálans.²³

Tjáningarfrelsi er verndað í 10. gr. mannréttinasáttmálans og er ákvæðið áþekkt 73. gr. stjórnarskrárinnar. Í 1. mgr. er kveðið á um að sérhver maður eigi rétt til tjáningarfrelsis. Sá réttur skuli einnig ná yfir frelsi til að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum heima og erlendis án afskipta stjórnvalda. Kveðið er á um að ákvæði greinarinnar skuli hindra ríki í að gera útvarps-, sjónvarps- og kvikmyndafyrirtækjum að starfa aðeins samkvæmt sérstöku leyfi. Í 2. mgr. er mælt fyrir um að þar sem af réttindum þessum leiði skyldur og ábyrgð sé heimilt að þau séu háð þeim formsreglum, skilyrðum, takmörkunum eða viðurlögum sem lög mæli fyrir um og nauðsyn beri til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, landvarna eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna, mannorði eða réttindum og til þess að koma í veg fyrir uppljóstrun trúnaðarmála eða til þess að tryggja vald og óhlutrægni dómstóla.

Í 8. gr. sáttmálans er síðan fjallað um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu. Í 1. mgr. er kveðið á um að sérhver maður eigi rétt til friðhelgi einkalífs síns, fjölskyldu, heimilis og bréfskipta. Í 2. mgr. segir að opinber stjórnvöld skuli eigi ganga á rétt þennan nema samkvæmt því sem lög mæli fyrir um og nauðsyn beri til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, almannaheilla eða efnalegrar farsældar þjóðarinnar, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu manna eða siðgæði eða réttindum og frelsi annarra.

1.5.2 Heimild stjórnarskrárinnar til takmarkana á tjáningarfrelsi með hliðsjón af ákvæðum XXV. kafla hegningarlaga

1.5.2.1 Almennt um beitingu 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar

Eins og að framan greinir er í 3. mgr. 73. gr. mælt fyrir um að heimilt sé að takmarka tjáningarfrelsi að nánar tilteknum skilyrðum uppfylltum. Eru þau venjulega greind í þrennt. Í *fyrsta lagi* verður takmörkun að vera lögmaelt, það er heimild til hennar verður að vera í

²⁰ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 109 og 113. Björg bendir á að eftir því sem næst verði komist finnst þrjú tilvik þar sem Hæstiréttur hafi vísað til tilgreindra fordæma Mannréttindadómstólsins til stuðnings niðurstöðu sinni: *Hrd. 1990, bls. 92, Hrd. 1995, bls. 1444 og Hrd. 28. apríl 1989 (179/2008)*. Ljóst er að síðan þá hefur Hæstiréttur a.m.k. vísað til tilgreindra dóma Mannréttindadómstólsins í *Hrd. 21. september (283/2016), Hrd. 8. október 2015 (164/2015), Hrd. 1. október 2015 (114/2015), Hrd. 1. október 2015 (132/2015), Hrd. 28. maí (37/2014) og Hrd. 2. mars 2009 (75/2009)*.

²¹ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 109. Sjá einnig Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmíðlaréttur*, kafla 5.4 (Próun aðferðafræðinnar í meidyrðamálum).

²² Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 372.

²³ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 90. Sjá um þetta einnig Björg Thorarensen: „Áhrif Mannréttinasáttmála Evrópu á vernd tjáningarfrelsis að íslenskum rétti“, bls. 415–417.

lögum. Í *öðru lagi* verður markmið hennar að vera eitthvert þeirra sem talið er í stjórnarskrárákvæðinu, það er í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra. Í *þriðja lagi* verður takmörkunin að vera nauðsynleg og samræmast lýðræðishefðum. Þurfa öll skilyrðin að vera uppfyllt.²⁴

Með þeim ákvæðum XXV. kafla almennra hegningarlaga sem gera tiltekna tjáningu óheimila, og sem fjallað var um í kafla 1.2 hér að framan, er mælt fyrir um takmörkun á tjáningarfrelsi. Á þetta við um 235. gr. almennra hegningarlaga sem sérstaklega reyndi á í þeim málum sem hér eru til skoðunar. Í þeim tilvikum þar sem reynir á 235. gr. almennra hegningarlaga er tveimur fyrstu skilyrðum 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar fullnægt, enda er eðli máls samkvæmt um að ræða beitingu setts lagaákvæðis til verndar réttindum eða mannorði annarra.

Yfirleitt er rætt um að í þriðja skilyrði 3. mgr. 73. gr. felist stjórnskipuleg meðalhófsregla. Það er að segja, að ekki sé gengið lengra en nauðsynlegt er við takmörkun tjáningarfrelsis en til að vernda þau réttindi sem ætlunin er að vernda. Er það sérstaklega við beitingu þessarar meðalhófsreglu sem talið er að íslenskir dómstólar hafi í auknum mæli litið til beitingar Mannréttindadómstóls Evrópu á sambærilegum ákvæðum mannréttinasáttmálans.²⁵ Beiting reglunnar verður oft flókin þegar tvenns konar stjórnarskrárbundin réttindi vegast á, það er réttur til tjáningarfrelsis og réttur til friðhelgi einkalífs. Verður við það mat að hafa hliðsjón af því að auk þess sem einstaklingurinn sjálfur á rétt til tjáningar er tjáningarfrelsi nauðsynleg forsenda lýðræðis.²⁶ Af þessum sökum standa rök til þess að tjáningarfrelsi sé veitt ríkari vernd þegar um er að ræða tjáningu um opinber málefni, almannahagsmuni og stjórn mála efnis.²⁷

Í framkvæmd Hæstaréttar Íslands og Mannréttindadómstóls Evrópu spila ýmsir þættir saman við mat á því hvort takmörkun á tjáningarfrelsi samræmist ákvæðum 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttinasáttmála Evrópu.²⁸ Verður stuttlega gerð grein fyrir einstaka sjónarmiðum sem íslenskir dómstólar hafa vísað til í þessu samhengi sem og eiga sér fyrirmynd í framkvæmd Mannréttindadómstólsins .

Ýmsar leiðir eru mögulegar til að greina þessi sjónarmið í sundur og flokka þau. Hér er farin sú leið að hliðsjón er að nokkru leyti höfð af þeirri aðferð sem Mannréttindadómstóll Evrópu hefur upp á síðkastið beitt við úrlausn mála um takmarkanir á tjáningarfrelsi samkvæmt 10. gr. mannréttinasáttmálans, svo sem nánar verður fjallað um í 3. kafla.

1.5.2.2 Umræða um málefni sem varðar almannahagsmuni

Í ljósi þeirra undirstöðuraka sem búa að baki vernd tjáningarfrelsis er viðurkennt að veita verður meira svigrúm í umræðum sem snúast um málefni sem varða almannahagsmuni. Hafa íslenskir dómstólar ekki alltaf virt þetta sjónarmið. Skal sérstaklega getið dóms Hæstaréttar *Hrd. 1987, bls. 1280 (Þorgeir Þorgeirson)* þar sem rithöfundur var sakfelldur í refsímáli samkvæmt þágildandi ákvæðum hegningarlaga um æruvernd opinberra starfsmanna. Hafði

²⁴ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 372–373.

²⁵ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 109 og 378, sbr. *Hrd. 1999, bls. 781* og *Hrd. 2006, bls. 1689*.

²⁶ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 377.

²⁷ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 377.

²⁸ Í greiningu sinni á dómaframkvæmd Hæstaréttar Íslands, að því er varðar 73. gr. stjórnarskrárinnar, telur Björg Thorarensen lagaprófessor að nokkrir þættir hafi áhrif á þetta mat. Mestu máli skipti í hvaða samhengi tiltekin ummæli séu sett fram, hvert sé eðli þeirra og tilgangur og ekki síður á hvaða vettvangi tjáningin komi fram. Þessir þættir spili saman og innbyrðis vægi þeirra geti verið breytilegt eftir atvikum máls. Sjá Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 379.

rithöfundurinn sett fram harða ádeilu á starfshætti lögreglunnar í Reykjavík og meðal annars ásakað lögregluna um að beita fólk ofbeldi. Af hálfu ákærða var því haldið fram að tilgangur blaðaskrifa hans hefði verið að vekja athygli á mikilvægu samfélagslegu málefni og kalla eftir aðgerðum yfirvalda. Ekki var fallist á að ákærði nyti ríkara málfrelsis en aðrir vegna starfa sinna sem blaðamaður en ekki var tekin afstaða til tilgangs eða efnis blaðaskrifanna. Málið var síðan kært til Mannréttindadómstóls Evrópu sem kvað upp dóm sinn *MDE, Þorgeir Þorgeirson gegn Íslandi*, 25. júní 1992 (13778/88). Komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn tjáningarfrelsi kæranda. Meðal annars var vísað til þess að þótt kærandi hefði tekið sterklega til orða hefði efni skrifa hans varðað almenning mjög miklu.

Síðar hefur Hæstiréttur títt vísað til þess að stjórnvöld þurfi að þola að gagnrýni sé beint að þeim, þótt orðfæri í því sambandi kunni að vera hvasst. Vísaði rétturinn meðal annars til þessa í *Hrd. 1997, bls. 3618 (Fangelsismálastofnun)* er varðaði gagnrýni á störf forstjóra Fangelsismálastofnunar og benti á að grein blaðamanns sem var ákærður í málinu hefði snúið að samfélagslegu málefni. Í *Hrd. 1998, bls. 1376 (Húsnæðismálastofnun)*, er laut að málefnum Húsnæðismálastofnunar ríkisins, var í dómi Hæstaréttar vísað til stöðu stofnunarinnar í samfélaginu og þess að játa yrði mönnum rúmu tjáningarfrelsi á því sviði sem um ræddi.

Með sömu rökum kann að vera réttlætlegt að þeir sem starfi fyrir hið opinbera láti í ljós opinberar skoðanir sínar á því sem þeir telji að megi fara betur á sviðum er varða almannahagsmuni þótt í því felist að einhverju marki gagnrýni á tilgreinda einstaklinga sem hvorki starfa fyrir hið opinbera né eru þekktir almenningi.²⁹

Ekki eru það aðeins stjórnvöld sem geta þurft að þola að um þau sé fjallað á opinberum vettvangi í þágu almannahagsmuna. Í þessu samhengi má einnig nefna *Hrd. 1. júní 2006 (541/2005) (Upphaf Baugsmálsins)* og *Hrd. 4. október 2007 (37/2007) (Ástarsamband)* sem þegar er getið. Í báðum tilvikum höfðu fjölmiðlar unnið fréttir upp úr tölvupóstsamskiptum einstaklings sem þeir höfðu komið höndum yfir án vilja viðkomandi. Í fyrra málinu tók Hæstiréttur fram að skrif fjölmiðilsins hefðu haft að geyma efni sem átti erindi til almennings og varðaði mál sem miklar deilur höfðu staðið um í þjóðfélaginu. Var talið að ekki hefði verið gengið nær einkalífi þess einstaklings sem átti tölvubréfin en óhjákvæmilegt hefði verið í opinberri umræðu um málefni sem varðaði almenning. Í hinu síðara var talið að umfjöllun um efni tölvubréfanna, um ástamál tiltekinna einstaklinga, hefði ekki lotið að slíku málefni. Var af þessum sökum talið samræmast stjórnarskrá að takmarka tjáningarfrelsi á grundvelli friðhelgi einkalífs í síðara tilvikinu en ekki hinu fyrra.³⁰

Auk framangreinds *MDE, Þorgeir Þorgeirson gegn Íslandi*, 25. júní 1992 (13778/88) hefur Mannréttindadómstóllinn vísað til þessa sjónarmiðs í fjölmörgum dómum þar sem reynt hefur á takmarkanir á tjáningarfrelsi.³¹

²⁹ *Hrd. 2005, 181/2005 (Skattasniðganga)*.

³⁰ Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, kafli 5.5.3.2 (Rýmkað tjáningarfrelsi í þjóðfélagsumræðu).

³¹ Sjá t.d. *MDE, von Hannover gegn Þýskalandi*, 24. júní 2004 (59320/00), 60. mgr., *MDE, Tammer gegn Eistlandi*, 6. febrúar 2001 (41205/98), 59. mgr. og *MDE, News Verlags GmbH & Co. KG gegn Austurríki*, 11. janúar 2000 (31457/96), 52. mgr. Sbr. einnig Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“, bls. 371–374, Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, kafli 2.2.6.4.3 (Vernd stjórnmalalegrar tjáningar) og kafli 5.5.3 (Rýmkað tjáningarfrelsi), Halldóra Þorsteinsdóttir: „Vægari kröfur til sönnunar ummæla í meiðyrðamálum“, bls. 91–92 og David Harris o.fl.: *Law of the European Convention on Human Rights*, bls. 455–457.

1.5.2.3 Staða þess einstaklings sem fjallað er um og fyrri hegðun hans

Hvoru tveggja íslenskir dómstólar og Mannréttindadómstóll Evrópu hafa vísað til þess að einstaklingar í ákveðinni stöðu þurfi að þola í meira mæli en aðrir að fjallað sé um þá á opinberum vettvangi. Tengist þetta að nokkru framangreindu sjónarmiði um að síður skuli takmarka tjáningu um málefni sem varða almannahagsmuni. Þessu tengt hefur jafnframt verið litið til fyrri hegðunar viðkomandi og hvort hann hafi á einhvern hátt gefið færi á því að hann yrði þátttakandi í umræðu sem nyti rýmra tjáningarfrelsis en ella.

Þess finnast dæmi að vísað hafi verið til þessa sjónarmiðs áður en stjórnarskránni var breytt árið 1995. Nefna má að í *Hrd. 1977, bls. 375 (Varið land)* höfðu þeir sem stóðu fyrir söfnun undirskrifta til stuðnings áframhaldandi þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningnum við Bandaríkin sætt harðri gagnrýni á opinberum vettvangi. Höfðuðu þeir meiðyrðamál vegna þessa. Í dómi héraðsdóms, sem var staðfestur í Hæstarétti, var vísað til þess að gæta yrði að því að opinberri umræðu yrðu ekki settar óþarfa skorður, að upplýsingaskyldu og gagnrýnisskyldu fjölmiðla væru ekki sett of þröng mörk, eðlis umræðunnar og hvaða tjáningarvenjur giltu um slíka umræðu. Var síðan rakið að varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna hefði verið mikið ræddur í íslensku þjóðfélagi frá því að hann var samþykktur. Yrði ekki horft framhjá áralangri umræðu um dvöl hersins, þeim aðstæðum sem urðu hvarfing til hinnar umdeildu undirskriftasöfnunar og að aðstandendur hennar hefðu sett sig í sviðsljós opinberra stjórn málaátaka. Var því talið að þeir yrðu að þola harkalegri umræðu um sig en venjulegt mætti teljast, án þess að það yrði látið varða ummælenda ábyrgð. Í samræmi við þetta virðist almennt viðurkennt að þeir sem taki þátt í umræðu um málefni á vettvangi stjórn mála verði að geta þolað óvægari og harkalegri gagnrýni í sinn garð en aðrir.

Þegar um er að ræða gagnrýni á tiltekna ráðherra vegna embættisgjörða þeirra rennur þetta sjónarmið oft saman við það sem hér var rakið á undan, það er að málefni varði almannahagsmuni. Sjá í þessu samhengi *Hrd. 28. maí 2009 (575/2008) (Umsókn um ríkisborgararétt)* þar sem höfðað var mál vegna umfjöllunar Kastljóss um meðferð á umsókn um ríkisborgararétt. Laut umfjöllunin að því hvort þáverandi umhverfisráðherra hefði beitt sér fyrir framgangi umsóknarinnar vegna tengsla sinna við umsækjanda. Taldi Hæstiréttur að ætla yrði fjölmiðlum svigrúm til umfjöllunar um málefni sem þetta, enda snerist það um athugun á því hvernig stjórnsýslan og kjörnir fulltrúar á Alþingi færu með vald sem þeim væri fengið með lögum.

Þá var vísað til þátttöku fréttamanns í þjóðfélagsumræðu í *Hrd. 2003, bls. 3136 (Ráðherra gagnrýnir fréttamann)*. Höfðaði fréttamaður mál gegn þáverandi sjávarútvegsráðherra sem hafði meðal annars gagnrýnt vinnubrögð fréttamannsins og haldið því fram að hann hefði sviðsett fréttir um fiskveiðistjórnunarkerfið. Í dómi Hæstaréttar var rakið að réttur til að færa fram gagnrýni á stjórn málamenn og stjórn málastefnu þeirra væri ekki aðeins í aðra áttina, heldur gæti gagnrýnin kallað á hörð andsvör þess sem hún beindist að. Bent var á að fréttamaðurinn sjálfur hefði margoft kveðið sér hljóðs á opinberum vettvangi og gagnrýnt stefnu stjórnvalda í máli sem heitar pólitískar deilur hefðu staðið um og beint gagnrýni sinni að ráðherranum. Með því að hasla sér völl í stjórn máladeilu með þessum hætti hefði fréttamaðurinn mátt búast við því að andsvör kæmu frá ráðherranum. Var ráðherrann því sýknaður.

Í *Hrd. 2000, bls. 4506 (Framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins)* höfðaði formaður bankaráðs Landsbanka Íslands, sem jafnframt var framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, mál gegn lögmanni fyrirtækis sem hafði gagnrýnt bankaráðsformanninn fyrir að neita fyrirtækinu um lánaufyrirgreiðslu. Hefði bankaráðsformaðurinn misnotað aðstöðu sínu og byggt á ómálefnalegum sjónarmiðum. Í dómi Hæstaréttar voru ýmis störf bankaráðsformannsins rakin og komist að þeirri niðurstöðu að hann væri valdamaður í stjórnmalalífi þjóðarinnar. Þegar litið væri til þess hversu áberandi hann væri vegna stöðu sinnar innan Sjálfstæðisflokksins yrði hann að una því að fjallað væri um tengsl starfa hans fyrir flokkinn við önnur þau störf er hann gegndi. Bæri að fara varlega við að hefta slíka umræðu í lýðræðislegu þjóðfélagi. Niðurstaðan var kærð til Mannréttindadómstóls Evrópu með vísan til þess að brotið hefði verið gegn friðhelgi framkvæmdastjórans til einkalífs samkvæmt 8. gr. mannréttindasáttmálans. Ekki var fallist á þau sjónarmið, sbr. *Ákv. MDE 20. október 2005 í máli Kjartans Gunnarssonar gegn Íslandi (4591/04)*.

Á sama hátt kann að vera heimilt að fjalla nánar um einkalíf einstaklinga sem eru þekktir almenningi vegna starfa sinna á sviði lista eða íþróttar að því marki sem þeir hafa sjálfir gert það að umtalsefni á opinberum vettvangi. Í *Hrd. 1. mars 2007 (278/2006) (Bubbi fallinn)* var til dæmis talið að réttlæt看legt hefði verið að fjölmiðill fjallaði um reykingar listamanns, enda hefði hann sjálfur fjallað um þær á opinberum vettvangi. Í *Hrd. 24. nóvember 2011 (100/2011) (Eiður Smári)* var einnig talið að fjölmiðli hefði verið heimilt að fjalla um spilafíkn og laun þjóðþekktar íþróttamanns, enda væru launin til komin vegna starfa sem hann væri þjóðþekktur fyrir og hann hefði sjálfur gert spilafíkn sína að umræðuefni í viðtölum. Þá þótti heimilt að fjalla um lántökur hans hjá íslenskum viðskiptabönkum með vísan til þess að hrun íslensku viðskiptabankanna haustið 2008 hefði haft mikil áhrif á almenning og starfsemi bankanna hefði mjög verið til umræðu á opinberum vettvangi.

Einstaklingar sem þekktir eru vegna þátttöku sinnar í viðskiptalífinu geta einnig þurft að þola að rýmra svigrúm sé til tjáningar um þá, sbr. *Hrd. 10. desember 2015 (238/2015) (Um fjöllum um deilur fjárfesta)* þar sem höfðað var mál vegna umfjöllunar í fjölmiðli um málaferli milli tveggja fjárfesta. Var kröfum hafnað, meðal annars með vísan til þess að stefnandi stundaði umfangsmikil viðskipti og að þátttaka hans í þeim hefði hlotið mikla umfjöllun fjölmiðla. Umfjöllun um slík málefni ætti erindi við almenning og væri hluti mikilvægrar þjóðfélagssumræðu.

Auk framangreindrar *Ákv. MDE 20. október 2005 í máli Kjartans Gunnarssonar gegn Íslandi (4591/04)* hefur margsinnis reynt á þetta sjónarmið í úrlausnum Mannréttindadómstóls Evrópu.³²

1.5.2.4 Efni tjáningar

Mannréttindadómstóll Evrópu markaði nýja afstöðu til tjáningar í dómi sínum í *MDE, Lingens gegn Austurríki, 8. júlí 1986 (9815/82)*. Þá greindi dómstóllinn á milli svokallaðra gildisdóma annars vegar og staðhæfinga um staðreyndir hins vegar. Hæstiréttur Íslands tók sömu afstöðu í *Hrd. 1998, bls. 1376 (Húsnæðismálastofnun)*. Þótt gildisdómur sé að jafnaði reistur á staðreyndum felst í honum huglæg afstaða þess sem tjáir gildisdóminn um

³² Sjá t.d. *MDE, von Hannover gegn Þýskalandi, 24. júní 2004 (59320/00)*, 63. mgr., *MDE, Petrenco gegn Moldavíu, 30. mars 2010 (20928/05)*, 55. mgr. og *MDE, Petrina gegn Rúmeníu, 14. október 2008 (78060/01)*, 40. mgr., og Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“, bls. 371–374 og Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, kafli 5.5.3 (Rýmkað tjáningarfrelsi).

staðreyndirnar. Eðli málsins samkvæmt verða slíkir gildisdómar ekki sannaðir, enda lýsa þeir aðeins skoðun manns. Staðhæfingar um staðreyndir geta á hinn bóginn verið réttar eða rangar og er því unnt að gera kröfu til manns sem færir fram meiðandi staðhæfingar af þeim toga að hann færi fyrir þeim sönnur, enda gengið út frá að mönnum verði almennt ekki gerð viðurlög eða greiðsla miskabóta vegna sannra ummæla.³³ Þekkjast þess þó dæmi að dæmdar hafi verið miskabætur vegna harðra gildisdóma, sbr. *Hrd. 2004 25. mars 2004 (382/2003) (Dómnefndarálit)*.³⁴ Hefur Mannréttindadómstóllinn þó áréttað að tjáningarfrelsi verndi ekki aðeins að upplýsingum eða hugmyndum sé komið á framfæri, heldur taki líka til tjáningar sem móðgi eða trúfli.³⁵

Hæstiréttur Íslands hefur getið þess sjónarmiðs að menn hafi rýmra svigrúm til að láta í ljós gildisdóma en staðhæfingar um staðreyndir. Í *Hrd. 29. janúar 2009 (321/2008) (Aðal rasisti bloggheima)* var leyst úr máli milli tveggja vefsíðueigenda þar sem annar hafði ásakað hinn um að vera „aðal rasisti bloggheima“. Hæstiréttur vísaði til þess að ætla yrði að afstaða þess sem lét ummælin frá sér hefði byggst á ályktunum hans af orðum hins og yrði því ekki slegið föstu að þær væru með öllu haldlausar. Það væri á valdi hvers og eins að móta sér sjálfstæða skoðun á því hvort „gildisdómar hans“ væru á rökum reistir. Var því hann því sýknaður. Í *Hrd. 2005, 181/2005 (Skattasniðganga)* var að sama skapi sýknað með vísan til þess að í umdeildum ummælum þáverandi ríkisskattstjóra hefði falist gildisdómur þar sem hann lagði mat sitt á staðreyndir sem hann taldi vera fyrir hendi.

Þó geta staðhæfingar um staðreyndir verið þess eðlis, þótt sannar séu, að ekki sé réttlætanlegt að hafa þær frammi opinberlega, sbr. umræðu í kafla 1.5.2.2 og 1.5.2.3 um það hvort efni varði almannahagsmuni eða málefni opinberrar persónu sem hún sjálf hefur tekið til umfjöllunar eða tengist störfum hennar á opinberum vettvangi. Svo sem þar var rakið geta upplýsingar varðað einkamálefni það mikið að það teljist heimilt að takmarka frelsi manns til að tjá þær á opinberum vettvangi. Að því leyti sem gildisdómar eru reistir á tilteknum atvikum verða þeir að eiga sér einhverja stoð í fyrirliggjandi staðreyndum.³⁶

Umfangsmikil dómaframkvæmd Mannréttindadómstólsins liggur fyrir um muninn á gildisdómum og staðhæfingum um staðreyndir, hvaða kröfur verði gerðar til þeirra sem setja fram tjáningu af öðru hvoru taginu og um alvarleika tjáningar.³⁷

1.5.2.5 Sérstakt hlutverk fjölmiðla

Við mat á því hvort heimilt sé að takmarka tjáningarfrelsi hefur Hæstiréttur Íslands vikið að því sérstaka hlutverki sem fjölmiðlar hafa í lýðræðissamfélagi. Kom þetta meðal annars fram í

³³ Halldóra Þorsteinsdóttir: „Vægari kröfur til sönnunar ummæla í meiðyrðamálum“, bls. 48–49. Á þessu eru þó undantekningar. T.a.m. eru sumar staðreyndir þess eðlis að það myndi raska einkalífi annars manns ef þær yrðu opinberaðar, þótt fullyrðingar um þær væru sannar. Þá kunna gildisdómar jafnframt að vera þess eðlis að brotið yrði gegn öðrum manni með því að setja þá fram. Sjá Halldóra Þorsteinsdóttir: „Vægari kröfur til sönnunar ummæla í meiðyrðamálum“, bls. 52. Sjá hér einnig Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, kafli 5.5.2.2 (Aðgreining staðhæfinga um staðreyndir og gildisdóma).

³⁴ Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, kafli 5.5.2.2.3 (Afmörkunin í dómaframkvæmd héraðs).

³⁵ Sjá t.d. MDE, *Pedersen and Baadsgaard gegn Danmörku*, 17. desember 2004 (49017/99), 71. mgr.

³⁶ Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, kafli 5.5.2.2.4.2 (Krafan um að gildisdómar eigi sér einhverja stoð í fyrirliggjandi staðreyndum).

³⁷ Sjá hér m.a. Halldóra Þorsteinsdóttir: „Vægari kröfur til sönnunar ummæla í meiðyrðamálum“, bls. 50–52, Skúli Á. Sigurðsson: „Exceptio veritatis og fjölmiðlar“, bls. 10–15, Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, kafli 5.5.2.2 (Aðgreining staðhæfinga um staðreyndir og gildisdóma) og Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“, bls. 375–378.

Hrd. 1995, bls. 408 (Gallerí Borg). Í málinu var höfðað mál gegn ritstjóra og blaðamanni dagblaðsins *Pressunnar* vegna greinar um viðskiptahætti og málverkasölu fyrirtækisins *Gallerí Borgar*. Var í dóminum meðal annars vísað til þess að fjölmiðlar hefðu mikilvægu hlutverki að gegna í nútímaþjóðfélagi og því yrði að játa blaðamönnum frelsi til tjáningar. Þó yrði að gera þær kröfur til blaðamanna að þeir byggðu umfjöllun sína á vandaðri könnun á staðreyndum. Þrátt fyrir að vikið væri að mikilvægi fjölmiðla að þessu leyti var fallist á kröfur um að blaðamönnum yrði gerð refsing og þeim gert að greiða miskabætur. Í framangreindum *Hrd. 24. nóvember 2011 (100/2011) (Eiður Smári)* var einnig vikið að mikilvægu hlutverki fjölmiðla í lýðræðisþjóðfélagi við miðlun upplýsinga og skoðana um þjóðfélagsleg málefni. Tekið var fram að almenningur ætti rétt á að fá upplýsingar sem slík málefni vörðuðu. Sérstaklega ríkar ástæður þyrftu að liggja fyrir til að skerðing á frelsi fjölmiðla til birtingar upplýsinga gæti talist nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi. Í málinu voru blaðamenn og ritstjórar sýknaðir af kröfum um miskabætur með vísan til ætlaðs brot gegn 229. gr. almennra hegningarlaga.

Mannréttindadómstóllinn hefur ítrekað vikið að mikilvægi fjölmiðla í lýðræðisríkjum og að þeir gegni sérstöku hlutverki sem eftirlitsaðilar sem miðli upplýsingum er varði almenning miklu.³⁸

1.5.3 Sjónarmið um takmarkanir á tjáningarfrelsi í þeim dómum sem eru viðfangsefni skýrslunnar

Hér að framan er rakið að framkvæmd íslenskra dómstóla um takmarkanir á tjáningarfrelsi hafi breyst eftir að ákvæðum stjórnarskrárinnar var breytt árið 1995 og að dómaframkvæmdin sé undir áhrifum frá þeirri aðferð sem Mannréttindadómstóll Evrópu hefur beitt við mat á því hvort heimilt sé að skerða tjáningarfrelsi samkvæmt mannréttinasáttmála Evrópu. Þrátt fyrir þetta bera þeir dómur Mannréttindadómstólsins sem fallið hafa gegn íslenska ríkinu á undanförunum árum þess vitni að íslenskir dómstólar hafi ekki virt tjáningarfrelsi fjölmiðla. Verður nánar vikið að rökstuðningi Mannréttindadómstólsins í þessum tilvikum í köflum 2 og 3. Áður en það verður gert er rétt að greina hvernig framangreind sjónarmið um vernd og heimild til takmörkunar tjáningarfrelsis á grundvelli 73. gr. stjórnarskrárinnar birtust í þeim dómum íslenskra dómstóla sem Mannréttindadómstóllinn fjallaði síðan um og eru viðfangsefni þessarar skýrslu.

- Í *Hrd. 5. mars 2009 (328/2008) (Goldfinger)* var fjallað um staðhæfingar, sem hafðar voru eftir nafngreindum viðmælanda, um að eigandi veitingastaðarins *Goldfinger* stæði að því að stúlkur sem störfuðu hjá honum stunduðu vændi á stöðum hans og beitti þær í þeim tilgangi þrýstingi og einnig að hann hefði svipt stúlkur frelsi. Hæstiréttur sló því föstu að blaðamaðurinn sem tók viðtalið teldist höfundur hinna umdeildu ummæla og að þau fælu í sér aðdróttanir í skilningi 235. gr. almennra hegningarlaga. Í dóminum var tekið fram að ummælin fælu „ekki í sér lýsingu á skoðunum eða gildismati heldur fullyrðingar um staðreyndir og [rúmuðust] ekki innan 73. gr. stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi.“
- Í dómi *Héraðsdóms Reykjavíkur 21. desember 2009 (E-5265) (Strawberries)* var fjallað um staðhæfingu um eiganda veitingastaðarins *Strawberries* sem að mati

³⁸ MDE, *Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (46443/09) (Goldfinger)*, 65. mgr., sbr. *MDE Bladet Tromsø og Stensaas gegn Noregi, 20. maí 1999 (21980/93)*, 59. og 62. mgr., og *MDE Tönsbergs Blad A.S. og Haukom gegn Noregi, 1. mars 2007 (510/04)*, 82. mgr. Sjá einnig Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“, bls. 374–375.

héraðsdóms mátti skilja sem svo að eigandinn væri með skipulögð alþjóðleg glæpasamtök á sínum snærum. Í dómi héraðsdóms var hvorki vísað til ákvæða stjórnarskrárinnar né mannréttindasáttmálans. Þá var heldur ekki vísað til sjónarmiða um beitingu slíkra ákvæða.

- Í *Hrd. 18. febrúar 2010 (104/2009) (Byrgið)* var fjallað um ummæli, sem höfð voru eftir nafngreindum viðmælanda, um að ekki væri við hæfi að eiginkona forstöðumanns meðferðarheimilisins, sem var dæmdur fyrir kynferðisbrot gegn vistkonum heimilisins, ynni í grunnskólum, enda vísað til þess að hún „vei[ddi] fyrir hann“. Hæstiréttur sló því föstu að blaðamaðurinn sem tók viðtalið teldist höfundur hinna umdeildu ummæla og að þau fælu í sér aðdróttanir í skilningi 235. gr. almennra hegningarlaga. Málið varðaði fjölmörg ummæli og komst Hæstiréttur að því að í mörgum þeirra hefðu falist gildisdómar. Það var á hinn bóginn ekki talið eiga við um framangreind ummæli.
- Í *Hrd. 11. mars 2010 (454/2009) (Fíkniefnainnflutningur)* var fjallað um staðhæfingu um að sakborningur í máli er varðaði innflutning á fíkniefnum hefði tekið við bifreið í þeirri trú að í henni væru fíkniefni. Í dómi Hæstaréttar var tekið fram að ummælin hefðu komið fram í umfjöllun fjölmiðils sem birtist meðan beðið var dóms í héraði í sakamáli. Þetta hefði komið skýrt fram í greininni. Þessi skrif hefðu snúið að alvarlegu sakamáli, sem rekið hefði verið fyrir dómi í heyranda hljóði og ekki sætt takmörkunum samkvæmt þágildandi lögum um meðferð opinberra mála. Vísað var til þess að fjölmiðlar nytu frelsis samkvæmt 73. gr. stjórnarskrárinnar til að fjalla um málið, þar á meðal með því að nafngreina ákærðu. Hæstiréttur tók fram að í þeirri umfjöllun hefði borið að gæta sérstaklega að því að það væri hlutverk dómstóla en ekki fjölmiðla að slá því föstu hvort sakaðir menn væru sannir að broti.
- Í *Hrd. 21. febrúar 2013 (525/2012) (Frambjóðandi til stjórnlagabings)* var fjallað um staðhæfingu, sem höfð var eftir nafngreindum viðmælendum, um að tiltekinn frambjóðandi til stjórnlagabings hefði brotið kynferðislega gegn börnum. Hæstiréttur sló því föstu að ritstjóri miðilsins sem birti ummælin bæri ábyrgð á þeim. Hæstiréttur féllst á með ritstjóranum að þeir sem gæfu kost á sér til trúnaðarstarfa í þágu almennings þyrftu að þola umfjöllun á opinberum vettvangi sem snerti hæfni þeirra og eiginleika og hvort þeir væru traustsins verðir til að axla slíka ábyrgð. Þetta var á hinn bóginn ekki talið geta réttlætt að frambjóðandanum væri, án þess að annað og meira kæmi til, borin á brýn sú refsiverða háttsemi sem fram kom hjá miðlinum og varðaði við almenn hegningarlög. Væri til þess að líta að frambjóðandinn hefði hvorki verið fundinn sekur um þá háttsemi né sætt rannsókn lögreglu af slíku tilefni. Þá fengi þessu ekki breytt þótt blaðamaður vefmiðilsins hefði við vinnslu fréttarinnar rætt við frambjóðandann, sem hefði vísað ásökununum á bug, og aðra sem töldu sig geta greint frá atvikum. Var takmörkun á tjáningarfrelsi því talin eiga sér næga stoð í 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar.
- Í *Hrd. 6. desember 2012 (314/2012) (Kæra til lögreglu)* var fjallað um staðhæfingu um að lektor í viðskiptafræði væri til rannsóknar hjá lögreglu vegna saknæmrar og refsiverðrar háttsemi. Í dómi héraðsdóms, sem staðfestur var með athugasemd, var tekið fram að þegar ákvörðuð væru mörk tjáningarfrelsis yrði að líta til þess að tryggja þyrfti að fram gæti farið þjóðfélagsleg umræða. Ekki var sérstaklega fjallað um það að

öðru leyti hvernig atvik horfðu við þeim sjónarmiðum sem almennt væri beitt við mat á mörkum tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs.

Þá er rétt að geta þess hvernig vikið var að slíkum sjónarmiðum í þeim íslensku dómum sem síðar urðu grundvöllur þeirra tveggja úrlausna Mannréttindadómstóls Evrópu þar sem íslenska ríkið var sýknað.

- Í dómi *Héraðsdóms Reykjaness 29. nóvember 2012 (E-23/2012) (LÍÚ og AMX)* var fjallað um staðhæfingar sem mátti skilja sem svo að framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna léti það viðgangast að beitt væri bókhaldsblekkingum til að leyna stuðningi við vefsíðuna *AMX* og hann hefði framið umboðssvik og vanrækslu í starfi með sömu háttsemi án heimildar stjórnar. Í upphafi niðurstöðukafla dómsins var rakið að á undanförunum árum hefðu farið fram miklar umræður um kosti og galla núverandi fiskveiðistjórnunarkerfis. Um kerfið væru skiptar skoðanir í þjóðfélaginu enda um mikið hagsmunamál að ræða þar sem sjávarútvegurinn væri ein helsta og mikilvægasta undirstöðuatvinnugrein landsins. Framkvæmdastjórinn hefði starfs síns vegna komið opinberlega fram fyrir hönd *LÍÚ* og kynnt sjónarmið samtakanna. Höfundur ummælanna hefði skrifað reglulega um ýmis þjóðfélagsmál, þar á meðal um fiskveiðistjórnunarkerfið og gagnrýnt ákveðna þætti þess.
- Í *Hrd. 15. nóvember (69/2012) (Fons og Panama)* var fjallað um ummæli sem mátti skilja sem svo að þekktur maður í viðskiptalífinu hefði framið refsivert og saknæmt athæfi með því að taka við fé sem fyrirtæki lánaði áður en það varð gjaldþrota. Í dómi Hæstaréttar var tekið fram að við mat á því hvar draga skyldi mörkin milli tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs skipti miklu hvort það efni sem birt væri gæti talist þáttur í þjóðfélagslegri umræðu og ætti þannig erindi til almennings. Tekið var fram að fjölmiðlar hefðu mikilvægu hlutverki að gegna við miðlun upplýsinga og skoðana um þjóðfélagsleg málefni. Almennigur ætti rétt á að fá upplýsingar sem slík málefni vörðuðu og þyrftu sérstaklega ríkar ástæður að vera fyrir því að skerðing á frelsi fjölmiðla gæti talist nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi. Þá var tekið fram að það hrun sem hefði orðið í íslensku efnahagslífi við fall íslensku viðskiptabankanna þriggja haustið 2008 hefði haft mikil og almenn áhrif á alla starfsemi í landinu og kjör almennings. Opinber umræða og umfjöllun fjölmiðla hefði frá þeim tíma mjög snúist um að greina aðdraganda og orsakir þess hvernig hefði farið. Hefði umfjöllun um fjárhagsleg málefni einstakra manna oft verið nærgöngul. Þá var síðar tekið fram að blaðamaðurinn sem vann umrædda frétt hefði ekki getað talist vera í góðri trú um sannleiksgildi ummælanna er málið laut að.

2. Yfirlit yfir dóma Mannréttindadómstóls Evrópu 2012–2017 um úrlausnir íslenskra dómstóla er varða tjáningarfrelsi

2.1 MDE, Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (46443/09) (*Goldfinger*)

2.1.1 Málavextir og niðurstaða íslenskra dómstóla

Í ágúst 2007 starfaði kærandi, Björk Eiðsdóttir, sem blaðamaður á tímaritinu *Vikunni*. Í þeim mánuði birtist í tímaritinu grein sem byggði á viðtali kæranda við konuna Z sem hafði starfað sem nektardansari á ýmsum veitingastöðum og þá einkum á staðnum *Goldfinger*. Áður hafði farið fram almenn umræða í prent- og ljósvakamiðlum um hvort hér á landi ætti að herða reglur um nektardansstaði eða hvort banna ætti rekstur slíkra staða. Hafði *Vikan* tekið viðtöl við konur sem starfað höfðu sem nektardansarar á *Goldfinger*. Í viðtalinu við Z var meðal annars að finna lýsingar hennar á vændi sem hún kvað hafa verið stundað óáreitt á *Goldfinger*, eiturlyfjaneyslu hennar eftir að hún hóf störf sem nektardansari og hótunum sem hún hefði orðið fyrir í tengslum við starfið. Z lýsti því meðal annars að Y, eigandi *Goldfinger*, hvetti starfsstúlkur sínar til þess að stunda vændi og hefði milligöngu þar um.

Í kjölfar útgáfu tímaritsins höfðaði Y mál gegn kæranda, ritstjóra tímaritsins og Z vegna ýmissa ummæla sem höfð voru eftir Z auk fyrirsgagna og millifyrirsagna. Við rekstur málsins í héraði gerðu Y og Z dómsátt og féll Y frá kröfum sínum á hendur henni en hélt þeim til streitu gagnvart kæranda og ritstjóra *Vikunnar*. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar. Með *Hrd. 5. mars 2009 (328/2008) (Goldfinger)* var kærandi þar dæmd til að greiða Y 500.000 krónur í miskabætur og 400.000 í málskostnað, auk vaxta, vegna eftirfarandi ummæla sem voru dæmd dauð og ómerk:

- „Ég endaði á því að vinna fyrir [Y] en það var mjög mikið um vændi inni á stöðunum hans og gríðarleg pressa á þeim stelpum sem fyrir hann störfuðu að stunda slíkt.“
- „[Y] hefur alltaf gert mikið út á vændi og þá inni á stöðunum. Eftir að einkadansinn var bannaður hefur vændið einfaldlega farið fram bak við tjöld sem sögð eru notuð til að hægt sé að spjalla við kunnana í einrúmi.“
- „Það er allur gangur á því hvort kunnarnir borga [Y] sjálfum fyrir þjónustuna eða stelpunum beint ...“
- „Starfsstúlkur hans sem koma hingað tímabundið í þrjá mánuði í senn eru eins og í fangelsi.“
- „Þess á milli eru þær í raun kyrrsettar í húsinu fyrir utan vissan útivistartíma.“
- „Ástæðan fyrir því er sú að stelpur urðu uppvisar að því að ná sér í kúnna utan klúbbsins án þess að [Y] fengi hlut af þóknuninni en hann vill geta stjórnað vændinu sjálfur.“
- „Vændi regla frekar en undantekning“ (millifyrirsögn)

Síðustu ummælin voru í millifyrirsögn en hin voru öll höfð eftir Z. Í dómi Hæstaréttar kom fram að ágreiningur málsins snerist aðallega um það hvort kærandi og ritstjóri *Vikunnar* bæru ábyrgð á því sem haft væri eftir Z á grundvelli þágildandi laga um prentrétt nr. 57/1956 og hvort fyrirsgagnir og tilvísanir sem þær hefðu sjálfar samið rúmuðust innan 73. gr. stjórnarskrárinnar um vernd tjáningarfrelsis.

Varðandi ábyrgð á ummælunum í grein kæranda kom til skoðunar hvaða þýðingu það hefði að í 15. gr. þágildandi prentлага var mælt fyrir um að „höfundur“ bæri refsí- og fébótaábyrgð á efni rits, ef hann hefði nafngreint sig og væri annaðhvort heimilisfastur hér á landi, þegar ritið kæmi út, eða undir íslenskri lögsögu þegar mál væri höfðað. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að þar sem kærandi hefði verið tilgreind sem höfundur greinarinnar er málið laut að bæri hún ábyrgð á bæði greininni og millifyrirsögnum hennar. Tekið var fram að engu breytti þótt Z kynni einnig að geta talist höfundur greinarinnar í skilningi ákvæðisins.

Komst Hæstiréttur síðan að þeirri niðurstöðu að með framangreindum ummælum hefði Y verið borin á brýn refsiverð háttsemi sem heimfæra mætti til 206. og 226. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Nánar tiltekið, að stuðla að því að stúlkur sem störfuðu hjá honum stunduðu vændi á þeim stöðum sem hann rak sér til ávinnings og beita þær í þeim tilgangi þrýstingi eða svipta þær frelsi.

2.1.2 Dómur Mannréttindadómstólsins

Kærandi taldi að dómur Hæstaréttar bryti gegn tjáningarfrelsi hennar samkvæmt 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og kærði niðurstöðu málsins til Mannréttindadómstóls Evrópu. Með *MDE, Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (46443/09) (Goldfinger)* komst Mannréttindadómstóllinn að þeirri niðurstöðu að með umræddum dómi Hæstaréttar hefði Ísland brotið gegn tjáningarfrelsi kæranda samkvæmt 10. gr. mannréttindasáttmálans.

Eftir að dómstóllinn hafði slegið því föstu að hin umdeilda aðgerð hefði falið í sér „afskipti stjórnvalda“ af rétti kæranda til tjáningarfrelsis samkvæmt 10. gr. mannréttindasáttmálans og að afskiptin hefðu haft þann lögmæta tilgang að vernda „réttindi og mannorð annarra“ tók dómstóllinn ítarlega til umfjöllunar hvort afskiptin hefðu verið „nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi“.

Í upphafi umfjöllunar sinnar fjallaði Mannréttindadómstóllinn með almennum hætti um þær meginreglur sem kæmu til skoðunar á því hvort afskipti væru nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi. Dómstóllinn þyrfti að ákvarða hvort hin kærðu afskipti hefðu leitt af brýnni samfélagslegri þörf. Aðildarríkin hefðu ákveðið svigrúm til mats við ákvörðun á því hvort slík nauðsyn væri fyrir hendi en það væri á valdi Mannréttindadómstólsins að kveða upp endanlegan úrskurð um hvort takmörkun samrýmdist 10. gr. mannréttindasáttmálans. Eftirlit dómstólsins einskorðaðist ekki við það eitt að ganga úr skugga um hvort ríki hefði nýtt svigrúmið sem því bæri af sanngirni, varfærni eða í góðri trú. Dómstóllinn yrði að líta á hin kærðu afskipti í ljósi málsins í heild, þar með talið efni ummælanna sem málið lyti að og samhengi þeirra. Einkum og sér í lagi bæri dómstólnum að ákvarða hvort afskiptin hefðu af hálfu ríkisins verið studd réttmætum og nægjanlega ríkum ástæðum og hvort ráðstöfun sem gripið var til hefði verið hófleg í ljósi þess lögmæta markmiðs sem stefnt væri að.

Dómstóllinn tók fram að tjáningarfrelsi tæki ekki aðeins til upplýsinga eða hugmynda sem féllu í góðan jarðveg eða sem teldust meinlausar eða sem skiptu engu máli. Frelsið tæki einnig til tjáningar sem misbyði, hneykslaði eða kæmi illa við fólk. Undantekningar frá þessu frelsi bæri að túlka þröngt og þörfin á takmörkunum yrði vera studd sannfærandi rökum.

Í dóminum var rakið að rétturinn til verndar mannorði væri verndaður samkvæmt 8. gr. mannréttindasáttmálans og væri hluti af réttinum til einkalífs. Á hinn bóginn yrði atлага að

mannorði að ná tilteknu alvarleikastigi til þess að falla undir 8. gr. og hún þyrfti að vera með þeim hætti að hún skerti rétt viðkomandi til þess að njóta friðhelgi einkalífs.

Loks fjallaði dómstóllinn almennt um það mikilvæga hlutverk sem fjölmiðlar gegndu í lýðræðislegu þjóðfélagi. Þótt fjölmiðlar mættu ekki fara út fyrir tiltekin mörk, einkum að því er varðaði mannorð og réttindi annarra og nauðsyn þess að koma í veg fyrir birtingu trúnaðarupplýsinga, væri það hlutverk þeirra að miðla upplýsingum og hugmyndum um öll málefni sem vörðuðu hagsmuni almennings með þeim hætti að það samrýmdist skyldum þeirra og ábyrgð. Það væri ekki einungis skylda fjölmiðla að veita slíkar upplýsingar, heldur einnig réttur almennings að fá þær. Að auki næði frelsi fjölmiðla til þess að ýkja að vissu marki eða jafnvel ögra. Svigrúm ríkja til mats takmarkaðist af hagsmunum lýðræðislegs samfélags af því að gera fjölmiðlum kleift að sinna nauðsynlegu hlutverki sínu sem „varðhundur almennings“ við miðlun upplýsinga um alvarleg mál sem ættu erindi við almenning.

Að því er varðaði atvik málsins og dóm Hæstaréttar Íslands í máli kæranda taldi Mannréttindadómstóllinn ekki ástæðu til þess að vefengja það mat Hæstaréttar að staðhæfingar málsins hefðu verið ærumeiðandi. Á hinn bóginn væri það frekar álitamál hvort rökstuðningur Hæstaréttar væri fullnægjandi í skilningi 10. gr. mannréttinasáttmálans.

Tók Mannréttindadómstóllinn til umfjöllunar hvort tímaritsgrein kæranda hefði verið innlegg í umræðu um samfélagslegt málefni og komst að þeirri niðurstöðu að svo hefði verið. Benti dómstóllinn á fyrri umfjöllun *Vikunnar* um málefni nektardansstaða og þá sérstaklega *Goldfinger* þar sem meðal annars aðrir nektardansarar hefðu komið fram og lýst starfseminni með jákvæðum hætti. Þá hefði verið fjallað um viðfangsefnið í öðrum fjölmiðlum. Enginn vafi gæti leikið á því að grein kæranda hefði í heildina varðað ríka almannahagsmuni á Íslandi eins og í öðrum löndum Evrópu. Á hinn bóginn væri ekki að sjá af röksemdafærslu Hæstaréttar að þetta sjónarmið hefði haft nokkurt vægi, hvað þá að það hefði verið talið skipta máli varðandi mat réttarins. Þá taldi Mannréttindadómstóllinn að Y hefði gengist undir að náíð yrði fylgst með framferði hans þar sem hann hefði ráðist í þá tegund starfsemi sem um ræddi. Mörk ásættanlegrar gagnrýni hlytu því að vera rýmri en ef um væri að ræða einstakling í einkalífi eða almennu starfi.

Dómstóllinn tók fram að á honum hvíldi sú skylda að taka mál til gaumgæfilegrar athugunar ef ráðstafanir eða refsiaðgerðir stjórnvalda gætu orðið til þess að letja fjölmiðla frá þátttöku í umræðum um málefni sem ættu lögmaett erindi við almenning. Vernd réttar blaðamanna til þess að miðla upplýsingum um slík málefni krefðist þess að þeir störfuðu í góðri trú og á grundvelli staðreynda og að þeir veittu áreiðanlegar og nákvæmar upplýsingar í samræmi við siðareglur blaðamanna. Af tjáningarfrelsi leiddu bæði skyldur og ábyrgð sem einnig giltu um fjölmiðla, jafnvel þegar um væri að ræða alvarleg mál sem ættu erindi við almenning. Þannig þyrfti sérstakar forsendur til þess að fjölmiðlar væru leystir undan hefðbundinni skyldu sinni til þess að sannreyna staðhæfingar um staðreyndir sem væru ærumeiðandi. Hvort slíkar forsendur væru fyrir hendi ylti einkum á því hvers eðlis og hversu alvarleg ærumeiðingin væri og að hvaða marki væri eðlilegt að ætlast til að fjölmiðlar gætu reitt sig á heimildir sínar að því varðar staðhæfingarnar. Að mati dómstólsins væru engar slíkar forsendur fyrir hendi í þessu tilviki.

Tók dómstóllinn til umfjöllunar hvort kærandi hefði verið í góðri trú og uppfyllt þá almennu skyldu blaðamanna að kanna fram settar staðhæfingar um staðreyndir. Kæranda hefði borið að reiða sig á nægjanlega nákvæmar og áreiðanlegar staðreyndir, sem telja mætti hæfilegar í ljósi þess hvers eðlis og hversu alvarleg staðhæfingin um þær væri. Því alvarlegri sem staðhæfingin væri þyrftu upplýsingarnar sem lægju henni til grundvallar að vera áreiðanlegri.

Dómstóllinn benti á að þau ærumeiðandi ummæli sem málið varðaði væru öll frá nafngreindum viðmælanda kæranda komin og að því marki sem lögmætir hagsmunir hefðu verið til þess að vernda Y gegn ummælunum hefðu þeir hagsmunir að mestu verið varðir með þeim úrræðum sem stóðu Y til boða gagnvart Z sjálfri. Dómstóllinn vakti athygli á því að þar sem Z og Y hefðu gert dómsátt um að fella niður málishöfðun Y að því er varðaði Z hefði verið verulega dregið úr möguleikum kæranda til þess að færa sönnur á þær staðreyndir sem lágu að baki grein þeirri er málið laut að.

Þrátt fyrir þetta hefði kærandi fært fram sönnunargögn til stuðnings hinum umdeildu staðhæfingum að því er varðaði vændi á *Goldfinger*. Annars vegar hefði þess verið getið í skýrslu bandaríska sendiráðsins á Íslandi en einnig í viðtali við Y sjálfan í öðrum fjölmiðli, þar sem hann hefði viðurkennt að upp hefðu komið atvik um vændisstarfsemi á veitingastaðnum auk þess að nektardansarar hefðu verið sviptir frelsi sínu. Þótt Hæstiréttur hefði komist að þeirri niðurstöðu að hin umdeildu ummæli fælu í sér staðhæfingar um staðreyndir fremur en gildisdóma hefði réttinum láðst að fjalla um þessa röksemdafærslu í máli kæranda. Í ljósi þessa mætti spyrja hvort kæranda hefði í raun verið gefið tækifæri til þess að firra sig ábyrgð með því að sýna fram á að hún hefði verið í góðri trú, að því er varðaði staðhæfingar um staðreyndir. Þá hefði kröfum Y á hendur öðrum blaðamönnum sem fjallað höfðu um vændi á *Goldfinger* verið vísað frá dómi. Í ljósi þessa gat Mannréttindadómstóllinn ekki fallist á þá röksemd íslenska ríkisins að kærandi hefði látið undir höfuð leggjast að kanna hvort einhver fótur væri fyrir ásökunum á hendur Y.

Þá tók dómstóllinn fram að kærandi hefði gefið Y tækifæri á að gera athugasemdir og hefði svar hans birst í tímaritinu. Í grein kæranda hefði einnig verið vísað til fyrri umfjöllunar *Vikunnar* þar sem nektardansarar sem starfað höfðu á *Goldfinger* höfnuðu þeim ásökunum sem fram höfðu komið um starfsemi staðarins. Þá tók dómstóllinn fram að hann teldi ekki ástæðu til að gagnrýna kæranda fyrir að fjarlægja sjálfa sig ekki frekar innihaldi ummæla Z. Áréttaði dómstóllinn hlutverk fjölmiðla í þessu sambandi og benti á að refsing blaðamanna fyrir að hafa milligöngu um miðlun staðhæfinga annarra í viðtali myndi torvelda með alvarlegum hætti framlag fjölmiðla til umræðu um efni sem ætti erindi við almenning og ætti ekki að koma til álita nema sérstaklega brýnar ástæður væru til þess. Hæstiréttur Íslands hefði ekki fjallað um slíkar brýnar ástæður en auk þess væri dómstóllinn ekki sannfærður um að slíkum ástæðum væri til að dreifa í málinu.

Með hliðsjón af öllu framangreindu, einkum að hinar umdeildu staðhæfingar byggðu á frásögn annars frá fyrstu hendi í viðtali við kæranda, og að hinn síðarnefndi lagði mat á áreiðanleika frásagnarinnar og lagði fram gögn til stuðnings staðhæfingunum, var það mat dómstólsins að ekki væri unnt að gagnrýna kæranda fyrir að láta undir höfuð leggjast að grennslast fyrir um sannleika hinna umdeildu staðhæfinga og að kærandi hefði borið sig að í góðri trú í samræmi við þá kostgæfni sem ætlast mætti til af ábyrgum fréttamanni. Hefði ekki

verið sýnt fram á að hin kærðu afskipti, það er að segja dómur Hæstaréttar Íslands í máli kæranda, hefðu verið nauðsynleg í lýðræðislegu samfélagi. Ekki hefði verið gætt eðlilegs meðalhófs milli þeirra takmarkana sem leiddu af ákvörðunum Hæstaréttar á rétt kæranda til tjáningarfrelsis og þess lögmæta markmiðs sem stefnt var að. Hefði því verið brotið gegn 10. gr. mannréttindasáttmálans.

2.2 MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (43389/10) (Strawberries)

2.2.1 Málavextir og niðurstaða íslenskra dómstóla

Í febrúar 2009 starfaði kærandi, Erla Hlynsdóttir, sem blaðamaður á dagblaðinu *DV*. Í þeim mánuði birti dagblaðið frétt, sem kærandi var höfundur að, undir fyrirsögninni „Strípikóngar takast á“. Þar var sagt frá ásökunum A á hendur B í tengslum við ætlaða líkamsárás á nektardansstaðnum *Strawberries*. A var þá eigandi umrædds nektardansstaðar og hafði að eigin frumkvæði haft samband við kæranda. Taldi A að árásin hefði verið að eggjan eiganda samkeppnisaðila *Strawberries*. Haft var eftir A í fréttinni að fyrir í mánuðinum hefði B verið meðal gesta veitingastaðarins ásamt tveimur mönnum. B hefði yfirgefið staðinn en mætt aftur skömmu fyrir lokun og ráðist þá að starfsfólki staðarins. Hefði B ráðist á A þegar sá síðarnefndi hefði reynt að vísa honum af staðnum með þeim afleiðingum að sprunga kom í höfuðkúpu A auk þess sem hann meiddist illa á auga. Í sömu frétt var birt viðtal við B þar sem hann neitaði öllum ásökunum A. Átök hefðu brotist út þegar A og dyraverðir *Strawberries* hefðu krafist þess að B og tveir vinir hans yfirgæfu staðinn og þeir neitað.

Í kjölfar þess að fréttin birtist í *DV* höfðaði A mál gegn kæranda og krafðist miskabóta og ómerkingar eftirfarandi ummæla, sem höfð voru eftir B, og millifyrirsagnar:

- „Hann [kærandi] er búinn að bera orðróm út um allan bæ um að það komi enginn með stæla inn á *Strawberries* því hann sé þar með litháísku maffíuna og ég hafi bara verið tekinn og laminn þarna inni. Ég átta mig ekki alveg á þessu. Hann verður eiginlega að gera upp hug sinn um hvort hann telur mig hafa verið laminn eða sig.“
- „Orðrómur um maffíuna“

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 21. desember 2009 (E-5265) (*Strawberries*) voru framangreind ummæli og millifyrirsögn dæmd dauð og ómerk. Þá var kæranda gert að greiða A 350.000 krónur í miskabætur og vegna kostnaðar við að birta dóminn og málskostnað sem einnig var ákveðinn 350.000 krónur.

Með vísan til *Hrd.* 5. mars 2009 (328/2008) (*Goldfinger*), sbr. umfjöllun hér að framan, komst héraðsdómur að þeirri niðurstöðu að kærandi teldist höfundur greinarinnar er málið lyti að, sbr. 2. mgr. 15. gr. þágildandi prentлага nr. 57/1956 og óháð því hvort B gæti einnig talist höfundur ummælanna. Bæri kærandi því ábyrgð á ummælum sem höfð væru eftir B í fréttinni og millifyrirsögnum.

Héraðsdómur rakti að viðtal kæranda við A hefði verið tekið með hans vilja og að hann hefði mátt vita að ásakanir hans yrðu bornar undir B. Þau orð sem höfð væru eftir B vektu á hinn bóginn þau hughrif hjá lesendum að A hefði skipulögð alþjóðleg glæpasamtök á sínum snærum. Hefði kærandi ekki sýnt fram á að sennilegt væri að sú staðhæfing væri sönn. Fælist í þessu aðdróttun í skilningi 235. gr. almennra hegningarlaga.

Kæranda var synjað um leyfi til að áfrýja dóminum til Hæstaréttar.

2.2.2 Dómur Mannréttindadómstólsins

Kærandi taldi að dómur Hæstaréttar bryti gegn tjáningarfrelsi hennar samkvæmt 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og kærði niðurstöðu málsins til Mannréttindadómstóls Evrópu. Með *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (43389/10) (Strawberries)* komst Mannréttindadómstóllinn að þeirri niðurstöðu að með umræddum dómi Héraðsdóms Reykjavíkur hefði Ísland brotið gegn tjáningarfrelsi kæranda samkvæmt 10. gr. mannréttindasáttmálans.

Eftir að dómstóllinn hafði slegið því föstu að hin umdeilda aðgerð hefði falið í sér „afskipti stjórnvalda“ af rétti kæranda til tjáningarfrelsis samkvæmt 10. gr. mannréttindasáttmálans og að afskiptin hefðu haft þann lögmæta tilgang að vernda „réttindi og mannorð annarra“ tók dómstóllinn ítarlega til umfjöllunar hvort afskiptin hefðu verið „nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi“.

Í upphafi umfjöllunar sinnar fjallaði Mannréttindadómstóllinn almennt um þær meginreglur sem kæmu til skoðunar á því hvort afskipti væru nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi á sama hátt og gert var í *MDE, Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (46443/09) (Goldfinger)*.

Varðandi gildi umræddra meginreglna fyrir mál kæranda hóf Mannréttindadómstóllinn umfjöllun sína á því að taka til skoðunar mat héraðsdóms á innihaldi þeirra aðdróttana er málið laut að. Benti dómstóllinn á að héraðsdómur hefði dregið þá ályktun af þeim ummælum sem höfð voru eftir B að staðhæft hefði verið að A væri „með skipulögð alþjóðleg glæpasamtök á sínum snærum“. Þetta leiddi á hinn bóginn ekki af orðanna hljóðan heldur af almennum tóni ummællanna. Orðin um að A væri „með litháensku mafíuna þarna inni“ mætti vel skilja sem svo að þeir, sem þannig væri lýst, hefðu verið inni í húsnaði staðarins. Þá hefði héraðsdómur ekki skýrt hvernig orðalag í greininni, sér í lagi „litháíska mafían“, gæti gefið lesendum þá hugmynd að átt væri við „alþjóðleg glæpasamtök“. Í dóminum hefði ekki verið skýrt frá því hvernig almennur lesandi gæti skilið ummælin sem staðhæfingu um að A væri með „alþjóðleg glæpasamtök á sínum snærum“, hvað þá að hann væri í tygjum við eitthvað sem lýst var sem „litháískri mafíu“. Meðan ekki lægju fyrir neinar slíkar skýringar virtist greining héraðsdóms á innihaldi aðdróttunarinnar ósannfærandi og gefa tilefni til að efast um hvort forsendurnar sem dómurinn byggði á giltu um það lögmæta markmið að vernda rétt og mannorð A.

Mannréttindadómstóllinn féllst ekki á þá röksemd íslenska ríkisins að grein kæranda væri ótengd mikilvægu samfélagslegu málefni. Að mati Mannréttindadómstólsins miðaði greinin að því að varpa ljósi á ofbeldisfull átök milli eigenda nektardansstaða sem áttu í samkeppni og hana þyrfti að skoða í víðara samhengi þeirrar almennu umræðu sem átt hefði sér stað í íslenskum prent- og ljósvakamiðlum um hvort herða þyrfti reglur um nektardansstaði eða banna þá alfarið. Vísaði dómstóllinn til umfjöllunar sinnar í *MDE, Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (46443/09) (Goldfinger)* þar að lútandi. Enginn vafi gæti leikið á því að grein kæranda tengdist víðtækara málefni sem ætti lögmætt erindi við almenning. Á hinn bóginn væri ekki að sjá að umfjöllun héraðsdóms um þetta sjónarmið hefði haft nokkurt vægi eða verið talið skipta máli varðandi mat réttarins.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að með því að ráðast í þá tegund starfsemi sem hér um ræddi, og þegar tekið væri mið af framangreindum lögmætum hagsmunum almennings,

hefði A óhjákvæmilega og vitandi vits stigið fram á sjónarsvið almennings og gengist undir að náíð yrði fylgst með framferði hans. Mörk þolanlegrar gagnrýni hlytu því að vera rýmri en ef um væri að ræða einstakling í einkalífi eða almennu starfi.

Þótt dómstóllinn féllist á að staðhæfingar í frétt kæranda væru til þess fallnar að skaða æru A taldi hann að ekki yrði litið framhjá því að þær áttu ekki rætur sínar að rekja til kæranda heldur til B. Að því marki sem lögmætir hagsmunir stóðu til þess að vernda A gegn hinum umdeildu ærumeiðandi staðhæfingum sem B viðhafði í viðtali sínu hefðu þeir hagsmunir að mestu verið varðir með þeim úrræðum sem A stóðu til boða með því að höfða meiðyrðamál gegn B. Þar sem A hefði kosið að höfða þess í stað mál gegn kæranda hefðu möguleikar hennar til að færa sönnur á staðhæfingarnar verið takmarkaðar verulega. Þá yrði að líta til þess að A hefði haft frumkvæði að umfjölluninni og hefði hann því átt að sýna meira umburðarlyndi í því ljósi.

Þá yrði að telja að kærandi hefði leitast við að gæta jafnræðis í frétttaflutningi sínum með því að birta ekki aðeins útgáfur B og Y á málsatvikum, heldur einnig útgáfu A. Í ljósi sjónarmiða um að það væri ekki hlutverk dómstólsins að endurskoða aðferðir sem blaðamenn notuðu við fréttamennsku sá dómstóllinn ekki ástæðu til að gera athugasemd við að kærandi hefði ekki fjarlæggt sig frekar ummælum B.

Þá ítrekaði dómstóllinn að frétttaflutningur sem byggðist á viðtölum, hvort sem þeim væri ritstýrt eða ekki, væri ein mikilvægasta aðferð fjölmiðla til þess að gegna nauðsynlegu hlutverki sínu. Refsing blaðamanna fyrir að hafa milligöngu um miðlun staðhæfinga annarra í viðtali myndi torvelda með alvarlegum hætti framlag fjölmiðla til umræðu um efni sem ætti erindi við almenning. Ætti slíkt ekki að koma til álita nema brýnar ástæður væru til þess. Þótt þetta atriði hefði ekki skipt máli í mati héraðsdóms var dómstóllinn ekki sannfærður um að slíkum brýnum ástæðum væri til að dreifa í fyrirliggjandi máli.

Með hliðsjón af öllu framangreindu og þá sérstaklega gloppunum í greiningu héraðsdóms á hinum umdeildu staðhæfingum, þeirri staðreynd að staðhæfingarnar byggðu á frásögn annars manns í viðtali við kæranda og ekki síst þætti þolanda misgerðarinnar í málinu, var það mat dómstólsins að ekki væri unnt að gagnrýna kæranda fyrir að láta undir höfuð leggjast að grennslast fyrir um sannleika hinna umdeildu staðhæfinga og að kærandi hefði borið sig að í góðri trú og í samræmi við góða starfshætti blaðamanna. Hefði ekki verið gætt meðalhófs milli þeirra ráðstafana sem héraðsdómur greip til varðandi rétt kæranda til tjáningarfrelsis og þess lögmæta markmiðs sem stefnt var að.

2.3 MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 2), 21. október 2014 (54125/10) (Byrgið)

2.3.1 Málavextir og niðurstaða íslenskra dómstóla

Um mánaðamótin ágúst–september 2007 starfaði kærandi sem blaðamaður hjá dagblaðinu DV. Í helgarblaði dagblaðsins 31. ágúst til 2. september 2007 birtist frétt eftir kæranda um sakamál sem var til rannsóknar og varðaði Y og X. Y var forstöðumaður kristinnar meðferðarstofnunar, Byrgisins, en X var eiginkona hans. Áður höfðu komið fram ásakanir í fjölmiðlum á hendur Y um kynferðisbrot gegn nokkrum vistkonum í Byrginu og fyrir að draga sér fé af opinberjum styrkjum. Var málið rannsakað af lögreglu og höfðu bæði Y og X réttarstöðu sakbornings.

Í grein kæranda var að finna ummæli sem höfð voru eftir A og B. A hafði verið vistkona í Byrginu og lagt fram kæru á hendur Y til lögreglu. B hafði verið fjármálastjóri Byrgisins og náinn vinur Y og X. Að sögn A hafði X hjálpað Y að tæla konunnar og jafnvel sóst sjálf eftir kynmökum við þær án eiginmannsins. Gagnrýndi A að X starfaði á þeim tíma sem stuðningsfulltrúi við skóla. B staðhæfði að bæði Y og X hefðu misnotað nokkra vistmenn kynferðislega og fannst undarlegt í ljósi stöðu X að henni væri leyft að vinna með börnum. Í greininni vísaði lögmaður X og Y ummælum A og B á bug.

X höfðaði meiðyrðamál gegn A, B og kæranda og krafðist miskabóta og ógildingar tiltekinna ummæla sem höfð voru eftir A og B. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar. Með *Hrd. 18. febrúar 2010 (104/2009) (Byrgið)* var kærandi dæmd til að greiða X 400.000 krónur í miskabætur og vegna kostnaðar af birtingu dómsins og 600.000 í málskostnað, auk vaxta, vegna eftirfarandi ummæla sem voru dæmd dauð og ómerk:

- „... ekki við hæfi að sú sem veiðir fyrir hann vinni í grunnskóla.“

Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að kæranda hefði ekki tekist að sanna að umrædd ummæli væru rétt höfð eftir A. Hafði viðtal kæranda við A verið tekið upp en upptakan ekki varðveitt. Fyrir dómi kannaðist A ekki við að hafa haft ummælin uppi. Kærandi hafði á hinn bóginn verið tilgreind sem höfundur fréttarinnar og var því talin bera ábyrgð á ummælunum í samræmi við 15. gr. þágildandi prentлага. Talið var að með ummælunum hefði verið gefið til kynna að X hefði gerst sek um refsivert athæfi sem ekki hefði verið sannað að ætti við rök að styðjast. Voru ummælin því dæmd dauð og ómerk og kærandi dæmd til greiðslu miskabóta og kostnaðar af birtingu dómsins. Á hinn bóginn var ekki fallist á kröfu X um ógildingunni annarra ummæla, enda þóttu þau ýmist fela í sér gildisdóma eða sönnuð í ljósi þess hvernig máli ákærvaldsins gegn Y hefði lyktað fyrir dómstólum.

2.3.2 Dómur Mannréttindadómstólsins

Kærandi taldi að dómur Hæstaréttar bryti gegn tjáningarfrelsi hennar samkvæmt 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og kærði niðurstöðu málsins til Mannréttindadómstóls Evrópu. Með *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 2), 21. október 2014 (54125/10) (Byrgið)* komst Mannréttindadómstóllinn að þeirri niðurstöðu að með umræddum dómi Hæstaréttar Íslands hefði Ísland brotið gegn tjáningarfrelsi kæranda samkvæmt 10. gr. mannréttindasáttmálans.

Eftir að dómstóllinn hafði slegið því föstu að hin umdeilda aðgerð hefði falið í sér „afskipti stjórnvalda“ af rétti kæranda til tjáningarfrelsis samkvæmt 10. gr. sáttmálans og að afskiptin hefðu haft þann lögmæta tilgang að vernda „réttindi og mannorð annarra“ tók dómstóllinn ítarlega til umfjöllunar hvort afskiptin hefðu verið „nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi“.

Í upphafi umfjöllunar sinnar fjallaði Mannréttindadómstóllinn með almennum hætti um þær meginreglur sem kæmu til skoðunar á því hvort afskipti væru nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi á sambærilegan hátt og gert var í þeim dómum sem þegar hefur verið vikið að hér. Auk þess áréttaði dómstóllinn að við mat á því hvort rök innlendra dómstóla væru réttmæt og nægjanlega rík tæki dómstóllinn mið af því, í samræmi við svokallaða nálægðarreglu, að hvaða marki landsdómstólar gættu jafnvægis milli réttinda sem stangast á í máli með hliðsjón af dómaframkvæmd Mannréttindadómstólsins. Bæri rökstuðningur landsdómstóls þess merki að hann hefði ekki haft nægjanlega hliðsjón af almennum meginreglum

Mannréttindadómstólsins samkvæmt 10. gr. mannréttinasáttmálans yrði framangreint svigrúm yfirvalda til mats óhjákvæmilegra þrengra. Væru gæði könnunar landsdómstóls á nauðsyn ráðstöfunarinnar sérlega mikilvæg í þessu samhengi.

Varðandi gildi umræddra meginregla fyrir mál kæranda hóf Mannréttindadómstóllinn umfjöllun sína á því að áréttu að sérstakar forsendur þyrfti til að leysa fjölmiðla undan venjulegri skyldu sinni til að sannreyna fullyrðingar um staðreyndir sem væru ærumeiðandi. Komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að engar slíkar sérstakar forsendur væru fyrir hendi í þessu tilviki. Þá gerði Mannréttindadómstóllinn ekki athugasemd við þá niðurstöðu Hæstaréttar að ósannað væri að hin umdeildu ummæli hefðu komið frá A, enda gætu niðurstöður Hæstaréttar um þetta málefni ekki talist augljóslega ósanngjarnar.

Tók dómstóllinn þá greinina til skoðunar í heild með sérstöku tilliti til orðanna sem notuð voru í umdeildum hluta hennar og samhengi birtingarinnar. Kanna þyrfti hvort kærandi hefði verið í góðri trú og uppfyllt þá almennu skyldu blaðamanna að kanna fullyrðingu um staðreyndir. Í þessari skyldu fælist krafa um að blaðamaðurinn reiddi sig á nægjanlega nákvæmar og áreiðanlegar staðreyndir, sem telja mætti hæfilegar í ljósi þess hvers eðlis og hversu alvarleg staðhæfingin um þær væri, með hliðjón af því að þeim mun alvarlegri sem staðhæfingin væri, því traustari þyrfti staðreyndagrunnurinn að vera.

Í þessu samhengi benti dómstóllinn í fyrsta lagi á að sú ályktun að hin umdeilda setning hefði falið í sér grófa aðdróttun um refsiverða háttsemi leiddi ekki beint af setningunni sjálfri, heldur hefði sú merking verið niðurstaða túlkunar innlendra dómstóla. Landsdómstólarnir hefðu ekki útskýrt hvernig venjulegur lesandi myndi skilja orðið „veiða“, sem notað væri í ummælunum, sem aðdróttun um refsiverða háttsemi. Raunar væri hvorki í dómunum vísað til nokkurs lagaákvæðis sem hægt væri að heimfæra háttsemina undir með hlutlægum hætti né lýst hinu ætlaða afbroti. Þetta hefði verið enn nauðsynlegra í ljósi þess að Hæstiréttur hafði ekki fallist á ógildingu ummæla er lutu að virkri þátttöku X í kynferðisathöfnum með nokkrum vistkonum í Byrginu, meðal annars að hún hefði leitað eftir kynferðislegu samneyti við A í einrúmi og að X hefði haft fulla vitneskju um misnotkun Y á vistkonunum og stundum tekið þátt í kynlífsleikjunum. Því var dómstóllinn ekki sannfærður um að rökin sem innlendu dómstólarnir byggðu á hefðu átt við hvað varðar það lögmeta markmið að vernda réttindi eða mannorð X.

Þá taldi dómstóllinn í öðru lagi að skilja yrði hin umdeildu ummæli sem gildishlaðna lýsingu á atburðum, sem sýnt hafði verið fram á að hefðu átt sér stað, frekar en hreina fullyrðingu um staðreyndir.

Dómstóllinn áréttaði að jafnvel í tilfellum þar sem ummæli teldust fela í sér gildisdóm kynni spurningin um meðalhóf afskipta að velja á því hvort fullnægjandi staðreyndagrunnur lægi fyrir um hin umdeildu ummæli, enda gæti gildisdómur sem ætti sér enga stoð í staðreyndum gengið of langt.

Dómstóllinn taldi, með vísan til þess að landsdómstólar höfðu staðfest að X hefði tekið þátt í þeim kynferðislegu athöfnum sem um ræddi, að hin umdeilda staðhæfing hefði nægjanlega stuðst við staðreyndir þegar staðhæfingin væri skoðuð í samhengi greinarinnar í heild og annarra staðhæfinga þar sem vísað væri til eðlis athæfis X.

Auk þessa hefði kærandi ítrekað gert tilraunir til að taka viðtal við Y. Fyrirsvarsmaður hans og X hefði svarað erindi kæranda og tjáð henni að hann hefði ráðlagt skjólstaðingum sínum að ræða ekki við fjölmiðla. Hann hefði tekið fram að þau væru bæði saklaus af ásökununum. Þá hefði kærandi tekið viðtal við lögreglumann sem staðfesti að X hefði réttarstöðu sakbornings. Í ljósi þessa yrði að telja að kærandi hefði leitast við að tryggja jafnvægi í umfjöllun sinni.

Í ljósi framangreinds komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að Hæstiréttur hefði ekki byggt dóm sinn á réttmætum og nægjanlega sterkum rökum er sýndu fram á með sannfærandi hætti að kærandi hefði aðhafst í vondri trú eða að öðru leyti í ósamræmi við þá kostgæfni sem ætlast mætti til af ábyrgum fréttamanni sem flytti fréttir af málefni sem ætti erindi við almenning. Ítrekaði dómstóllinn að jafnvel ef gert væri ráð fyrir því að röksemdir Hæstaréttar hefðu átt við um afskiptin sem um ræddi hefði ekki verið sýnt fram á að innlendi dómstóllinn hefði gætt jafnvægis milli tjáningarfrelsis kæranda sem blaðamanns og réttar X til mannorðs í samræmi við viðurkenndar meginreglur í dómaframkvæmd Mannréttindadómstólsins og þannig kannað ítarlega hvort ráðstöfunin byggði á ríkri samfélagslegri þörf. Þar af leiðandi byggðist dómur Hæstaréttar ekki á fullnægjandi forsendum til þess að meðalhöfs teldist gætt við ráðstöfun samkvæmt 2. mgr. 10. gr. mannréttinasáttmálans.

2.4 MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 3), 2. júní 2015 (54145/10) (Fíkniefnainnflutningur)

2.4.1 Málavextir og niðurstaða íslenskra dómstóla

Í júlí 2007 starfaði kærandi, Erla Hlynsdóttir, sem blaðamaður á dagblaðinu *DV*. Þann 5. júlí 2007 birti *DV* frétt um sakamál sem rekið var fyrir héraðsdómi gegn A og öðrum manni vegna innflutnings á fíkniefnum. Kærandi var tilgreind sem höfundur greinarinnar. Mynd var birt af A á forsíðu dagblaðsins þar sem hann gekk inn í dómsal. Forsíðufyrirsögn blaðsins var „Hræddir kókaínsmyglarar“ og þar fyrir neðan var ritað að báðir ákærðu óttuðust hefndaraðgerðir vitorðsmanna og hefðu því neitað að nafngreina þá. Nafn A var einnig birt á forsíðunni með þeim ummælum að hann og meðákærði gætu átt von á fangelsisdómi allt að sjö eða átta árum og þremur til fjórum árum hvor um sig. Í greininni var staðhæft að A hefði óttast að gefa upp nafn þess sem hann sagði að hefði í raun staðið á bak við fíkniefnainnflutninginn og að hann óttaðist um öryggi sitt og fjölskyldu sinnar. Í greininni var að finna eftirfarandi ummæli:

„Ríkissaksóknari fer fram á sjö til átta ára fangelsi yfir [A] sem ákærður hefur verið fyrir innflutning á tæpum 3,8 kílóum af kókaíni ætluðum til sölu ásamt óþekktum samverkamanni. Farið er fram á þriggja til fjögurra ára fangelsi yfir B, sem einnig var ákærður í málinu fyrir að hafa í félagi við A fjarlægt ætluð fíkniefni úr bifreiðinni.“

„Kókaínið var falið í bifreið sem [A] flutti til landsins og tók í sína vörslu í febrúar 2007 í þeirri trú að kókaínið væri á sínum stað en lögregla hafði þá gert efnið upptækt og skipt því út fyrir gerviefni.“

Voru ummælin orðrétt tekin úr málsatvikalýsingu í ákæru. A og meðákærði voru síðar sýknaðir af ákæru fyrir hvoru tveggja héraðsdómi og Hæstarétti.

A höfðaði mál gegn kæranda og ritstjóra DV. Krafðist hann þess að fyrirsögnin „Hræddir kókaínsmyglarar“ og framangreind ummæli úr grein kæranda yrðu dæmd dauð og ómerk auk þess að sér yrðu dæmdar miskabætur og bætur vegna kostnaðar við birtingu dóms í dagblöðum. Með *Hrd. 11. mars 2010 (454/2009) (Fíkniefnainnflutningur)* var orðið „kókaínsmyglarar“ á forsíðu blaðsins og ummælin „í þeirri trú að kókaínið væri á sínum stað“ dæmd ómerk og kæranda og ritstjóra gert að greiða A í sameiningu 100.000 krónur í miskabætur auk dráttarvaxta og 50.000 krónur til að standa straum af kostnaði af opinberri birtingu niðurstöðu dómsins. Í dómi Hæstaréttar var rakið að frétt kæranda hefði varðað meðferð alvarlegs sakamáls fyrir dómi og að ákvæði laga um meðferð sakamála hefðu ekki staðið í vegi fyrir því að fjölmiðlar neyttu tjáningarfrelsis síns til að fjalla um málið. Í þeirri umfjöllun hefði á hinn bóginn borið að gæta sérstaklega að því að það væri hlutverk dómstóla en ekki fjölmiðla að slá því föstu hvort sakaðir menn væru sannir að broti. Þá var vísað til þess að með endanlegum sýknudómi yfir A hefði því verið hafnað að A og meðákærði hefðu orðið sannir að sök um að vera „kókaínsmyglarar“ og að A hefði tekið bifreið í sína vörslu „í þeirri trú að kókaínið væri á sínum stað“. Voru umrædd ummæli því dæmd dauð og ómerk. Kærandi var talin höfundur þeirra að því leyti sem þau komu fram í grein hennar. Bar hún því ábyrgð á þeim á grundvelli 15. gr. þágildandi prentлага. Ritstjóri blaðsins var á hinn bóginn talinn bera fébótaábyrgð á þeim ummælum sem fram komu í forsíðufyrirsögn, enda var kærandi ekki tilgreind höfundur hennar.

2.4.2 Dómur Mannréttindadómstólsins

Kærandi taldi að dómur Hæstaréttar bryti gegn tjáningarfrelsi hennar samkvæmt 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og kærði niðurstöðu málsins til Mannréttindadómstóls Evrópu. Með *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 3), 2. júní 2015 (54145/10) (Fíkniefnainnflutningur)* komst Mannréttindadómstóllinn að þeirri niðurstöðu að með umræddum dómi Hæstaréttar Íslands hefði Ísland brotið gegn tjáningarfrelsi kæranda samkvæmt 10. gr. mannréttindasáttmálans.

Eftir að dómstóllinn hafði slegið því föstu að hin umdeilda aðgerð hefði falið í sér „afskipti stjórnvalda“ af rétti kæranda til tjáningarfrelsis samkvæmt 10. gr. mannréttindasáttmálans og að afskiptin hefðu haft þann lögmæta tilgang að vernda „réttindi og mannorð annarra“ tók dómstóllinn ítarlega til umfjöllunar hvort afskiptin hefðu verið „nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi“.

Í upphafi umfjöllunar sinnar fjallaði Mannréttindadómstóllinn með almennum hætti um þær meginreglur sem kæmu til skoðunar á því hvort afskipti væru nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi. Var sú umfjöllun af sama toga og sú sem fram kom í fyrri dómum dómstólsins sem hér hefur verið fjallað um. Að því er varðar samspil þeirrar verndar sem tjáningarfrelsi nýtur samkvæmt 10. gr. sáttmálans og friðhelgi einkalífs samkvæmt 8. gr. hans reifaði dómstóllinn þau viðmið sem kæmu til álita þegar þessi réttindi sköruðust. Í þessu samhengi skipti máli hvort umfjöllunarefnið ætti erindi við almenning, hversu þekktur viðkomandi væri, hvert væri efni umfjöllunarinnar, fyrri hegðun viðkomandi, aðferð við öflun upplýsinganna og sannleiksgildi þeirra, efni, framsetning afleiðingar birtingarinnar og auk þess hversu íþyngjandi ráðstöfunin væri fyrir þann sem látið hefði tjáninguna í ljós. Vísaði dómstóllinn til eldri dóma sinna um tilurð þessara viðmiða.

Varðandi gildi umræddra meginreglna fyrir mál kæranda hóf Mannréttindadómstóllinn umfjöllun sína á því að taka fram að hann sæi ekki ástæðu til að vefengja þá niðurstöðu Hæstaréttar að með því að vísa til A og meðákærða sem kókaínsmyglara og að fullyrða að A hefði haft vitneskju um að kókaín hefði verið í bifreið sem hann tók við hefði falist aðdróttun um að A hefði verið sekur um fíkniefnainnflutning. Ekki væri heldur ástæða til að efast um að rök Hæstaréttar hefðu varðað þann lögmæta tilgang að vernda réttindi og mannorð A.

Við mat á því hvort þessi rök hefðu verið fullnægjandi í skilningi 10. gr. mannréttinasáttmálans yrði að taka mið af heildarmyndinni að baki birtingu ummælanna. Benti dómstóllinn á að umrætt sakamál hefði verið stórt fíkniefnamál í íslensku samhengi og brotið sem ákært hefði verið fyrir hefði verið alvarlegt. Almennigur hefði því haft lögmæta hagsmuni af því að fá upplýsingar um málið.

Dómstóllinn áréttaði að við mat á því hvort blaðamaður hafi verið í góðri trú yrði að leggja mat á þær upplýsingar sem honum voru tiltækar á þeim tíma sem hann vann það efni sem um ræðir. Þannig réði ekki úrslitum í málinu að A hefði verið sýknaður af ákæru í máli því sem kærandi fjallaði um í grein sinni. Dómstóllinn tók þó fram að hann væri sammála Hæstarétti Íslands um að það væri dómstóla en ekki fjölmiðla að ákvarða hvort sakborningur væri sekur um brot.

Varðandi þau ummæli í grein kæranda að A hefði tekið við bifreið „í þeirri trú að kókaínið væri á sínum stað“ tók dómstóllinn fram að tilgangurinn með grein kæranda hefði verið að greina frá réttarhöldum yfir A og meðákærða. Taldi dómstóllinn ljóst af greininni að málið hefði verið til meðferðar og því ekki verið lokið.

Dómstóllinn bætti við að ummælin hefðu verið orðrétt tilvitnun í ákæru á hendur A án þess þó að það hefði sérstaklega verið tekið fram í þessum hluta greinarinnar. Væri endursögn á ákæru í sakamáli dæmi um aðstæður þar sem sérstök ástæða kynni að vera til þess að leysa fjölmiðla undan þeirri venjulegu skyldu sinni að sannreyna staðhæfingar um staðreyndir sem eru ærumeiðandi, enda hafi heimildin verið tilgreind með skýrum hætti.

Dómstóllinn mat textann í grein kæranda og komst að þeirri niðurstöðu að þegar hin umdeilda staðhæfing væri lesin með hliðsjón af greininni í heild væri ekki óeðlilegt að lesandi skildi hana sem framhald af þeim hluta greinarinnar þar sem vísað var til málalíbúnaðar ákæruvaldsins í málinu á hendur A. Þótt ekki hefði verið gerður aukalegur fyrirvari um að hin umdeilda tilvísun til huglægrar afstöðu A væri komin úr ákærinni var dómstóllinn ekki sannfærður um að sú framsetning hefði leitt til þess að lesendur skildu hana sem svo að um skoðun kæranda eða dagblaðsins væri að ræða. Taldi dómstóllinn að ekki væri unnt að álasa kæranda fyrir að tilgreina ekki hina opinberu heimild eða að réttlætlanlegt hefði verið að kalla hana til ábyrgðar á sama hátt og ef ásökunin hefði komið frá henni sjálfri.

Á hinn bóginn taldi dómstóllinn að fyrirsögn á forsiðu, þar sem vísað var til A sem kókaínsmyglara, hefði ekki verið nægjanlega tengd framangreindum kafla greinarinnar til þess að gera lesanda kleift að skilja að þar væri byggt á ákærinni. Hins vegar yrði sú staðhæfing ekki rakin til kæranda heldur til ritstjóra DV. Var Mannréttindadómstóllinn ósammála Hæstarétti Íslands um að fyrirsögnin og hin umdeildu ummæli í greininni hefðu verið það tengd að sanngjarnt hefði verið að dæma kæranda til að greiða A bætur. Í ljósi þessa

var talið að ekki hefði verið sýnt fram á að kærandi hefði aðhafst í vondri trú eða með öðrum hætti í ósamræmi við þá kostgæfni sem ætlast mætti til af ábyrgum blaðamanni sem væri að fjalla um mál sem ætti erindi við almenning. Hefði því verið brotið gegn 10. gr. mannréttindasáttmálans.

2.5 MDE, Steingrímur Sævarr Ólafsson gegn Íslandi, 16. mars 2017 (58493/13) (Frambjóðandi til stjórnlagabings)

2.5.1 Málavextir og niðurstaða íslenskra dómstóla

Í nóvember 2010 var kærandi, Steingrímur Sævarr Ólafsson, ritstjóri fréttavefsíðunnar *Pressunnar*. Þann 7. nóvember var á vefsíðu *Pressunnar* birt grein þar sem fjallað var um ætluð kynferðisbrot A gegn tveimur fullorðnum systurum á þeim tíma þegar þær voru börn. Skömmu áður höfðu systurnar birt grein og bréf á vefsíðu sinni þar sem þær hvöttu fólk til þess að kanna bakgrunn frambjóðenda í komandi kosningum til stjórnlagabings. Í bréfinu staðhæfðu systurnar að A, sem hafði boðið sig fram í kosningunum, hefði brotið gegn þeim kynferðislega þegar þær voru á barnsaldri. Í grein *Pressunnar* var byggt á viðtali við aðra systurina og á framangreindri umfjöllun systranna sjálfra. Einnig var haft samband við A og svar hans, þar sem hann hafnaði ásökununum, var birt í greininni ásamt yfirlýsingu hans þess efnis að hann hygðist ekki tjá sig frekar um málið. Degi síðar birti *Pressan* frétt þar sem fram kom að A hefði komið á framfæri við dagblað athugasemd um að ásakanir systranna væru rangar og að hann hygðist höfða mál á hendur *Pressunni*. Í dagblaðinu komu einnig fram athugasemdir frá annarri systurinni.

Í apríl 2011 höfðaði A mál gegn kæranda og krafðist þess að nánar tiltekin ummæli yrðu dæmd dauð og ómerk. Undir rekstri málsins kom fram að B, blaðamaður hjá *Pressunni*, hafði skrifað fréttina en ekki verið nafngreindur.

Með *Hrd. 21. febrúar 2013 (525/2012)* (*Frambjóðandi til stjórnlagabings*) var kæranda gert að greiða A 200.000 krónur í miskabætur vegna umfjöllunarinnar og 800.000 í málskostnað. Þá voru eftirfarandi ummæli dæmd dauð og ómerk:

- „Systur: Sitjum ekki þegjandi undir því að barnaníðingur bjóði sig fram til stjórnlagabings.“
- „Við gátum ekki setið þegjandi undir því að barnaníðingur byði sig fram til stjórnlagabings.“
- „Maðurinn er stórhættulegur og hann gengur laus.“
- „Systur láta ekki dóttur [A] sussa á sig – Barnaníð ekki einkamál fjölskyldu hans.“

Í dómi Hæstaréttar var vísað til þess að fyrir lægi hver væri höfundur greinarinnar, þótt hann hefði ekki verið nafngreindur við birtingu hennar. Ein þeirra ummæla sem málatilbúnaður A beindist gegn höfðu verið birt eftir að ný fjölmiðlalög nr. 38/2011 tóku gildi en samkvæmt þeim skyldi nafngreindur viðmælandi bera ábyrgð á eigin ummælum, væru þau rétt eftir honum höfð og birt með hans samþykki. Þar sem þessi skilyrði voru uppfyllt var talið að kærandi gæti ekki borið ábyrgð á þessum ummælum.

Varðandi önnur ummæli, sem birst höfðu í gildistíð prentлага nr. 57/1956, komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að þau lög tækju aðeins til rita sem væru prentuð eða letruð á annan

vélrænan eða efnafræðilegan hátt. Efni sem eingöngu væri birt á netinu félli því ekki undir gildissvið laganna. Á hinn bóginn var talið að á kæranda, sem ritstjóra *Pressunnar*, hefði hvílt eftirlitsskylda. Í því hefði meðal annars falist að honum hefði borið að haga ritstjórn þannig að forðast yrði að efni miðilsins ylli öðrum miska vegna ærumeiðinga. Sagnæm vanræksla áfrýjanda á að sinna þessari eftirlitsskyldu kynni því að varða hann ábyrgð.

Í dómi Hæstaréttar var fallist á með kæranda að þeir sem gæfu kost á sér til trúnaðarstarfa í þágu almennings þyrftu að þola umfjöllun á opinberum vettvangi sem snerti hæfni þeirra og eiginleika og hvort þeir væru traustsins verðir til að axla slíka ábyrgð. Rétturinn taldi á hinn bóginn að þetta gæti ekki réttlætt að A væri, án þess að annað og meira kæmi til, borin á brýn sú refsiverða háttsemi sem fram kom hjá miðlinum og varðaði við almenn hegningarlög. Væri til þess að líta A hefði hvorki verið fundinn sekur um þá háttsemi né sætt rannsókn lögreglu af slíku tilefni. Engu breytti þótt blaðamaður *Pressunnar* hefði rætt við A og aðra sem töldu sig geta greint frá atvikum. Taldi Hæstiréttur að sú takmörkun sem í þessu fælist ætti sér viðhlítandi stoð í 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar.

2.5.2 Dómur Mannréttindadómstólsins

Kærandi taldi að dómur Hæstaréttar bryti gegn tjáningarfrelsi hans samkvæmt 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og kærði niðurstöðu málsins til Mannréttindadómstóls Evrópu. Með *MDE, Steingrímur Sævarr Ólafsson gegn Íslandi, 16. mars 2017 (58493/13) (Frambjóðandi til stjórnlagabings)* komst Mannréttindadómstóllinn að þeirri niðurstöðu að með umræddum dómi Hæstaréttar Íslands hefði Ísland brotið gegn tjáningarfrelsi kæranda samkvæmt 10. gr. mannréttindasáttmálans.

Eftir að dómstóllinn hafði slegið því föstu að hin umdeilda aðgerð hefði falið í sér „afskipti stjórnvalda“ af rétti kæranda til tjáningarfrelsis samkvæmt 10. gr. mannréttindasáttmálans og að afskiptin hefðu haft þann lögmæta tilgang að vernda „réttindi og mannorð annarra“ tók dómstóllinn ítarlega til umfjöllunar hvort afskiptin hefðu verið „nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi“.

Í upphafi umfjöllunar sinnar fjallaði Mannréttindadómstóllinn með almennum hætti um þær meginreglur sem kæmu til skoðunar á því hvort afskipti væru nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi. Áréttaði dómstóllinn að hann hefði í fjölmörg skipti þurft að fjalla um deilumál þar sem nauðsynlegt væri að leggja mat á það hvenær jafnvægi ríkti milli réttarins til friðhelgi einkalífs og tjáningarfrelsis. Hefði dómstóllinn þróað almennar meginreglur sem ættu rætur í ríkulegum dómafordæmum.

Í þessu samhengi minnti dómstóllinn á að til þess að 8. gr. mannréttindasáttmálans kæmi til álita þyrfti atлага gegn æru manns að ná tilteknu alvarleikastigi og vera með þeim hætti að hún hefði í för með sér skerðingu á rétti manns til þess að njóta friðhelgi einkalífs. Þau viðmið sem kæmu til álita þegar rétturinn til tjáningarfrelsis væri veginn á móti réttinum til friðhelgi einkalífs væru eftirfarandi: Erindi efnis í almenna þjóðfélagsumræðu, hversu vel þekktur viðkomandi væri og hvert væri efni fréttarinnar, fyrri háttsemi viðkomandi, aðferðin sem notuð hefði verið við öflun upplýsinganna og sannleiksgildi þeirra, efni, framsetning og afleiðingar birtingarinnar og þyngd viðurlaganna sem væru ákvörðuð.

Varðandi gildi umræddra meginreglna fyrir mál kærandi hóf Mannréttindadómstóllinn umfjöllun sína á því að taka fram að ekki væri ástæða til þess að vefengja það mat Hæstaréttar að þær ásakanir sem komu fram í hinu umdeildu grein á vefsíðu kæranda hefðu verið ærumeiðandi eða að rökstuðningurinn sem rétturinn byggði á hefði haft þann lögmæta tilgang að vernda réttindi og mannorð A.

Tók dómstóllinn til athugunar hvort þessar röksemdir hefðu verið fullnægjandi í skilningi 10. gr. mannréttinasáttmálans. Með vísan til þess að A hefði verið frambjóðandi til stjórnlagabætur í almennum kosningum og að kynferðisofbeldi gegn börnum varðaði almenningshagsmuni taldi dómstóllinn að almenningur hefði haft lögmæta hagsmuni af því að fá upplýsingar eru lutu að þessum atriðum.

Um þá spurningu hversu þekktur A væri taldi dómstóllinn að A hefði stigið inn á opinberan vettvang með því að bjóða sig fram í almennum kosningum og þannig gefið kost á að fjallað yrði nánar um persónu sína en ella. Hefði því verið rýmra svigrúm til að fjalla á gagnrýninn hátt um A en ef um hefði verið að ræða almennan borgara.

Dómstóllinn tók fram að hann veitti því athygli að hvorki íslensku dómstólarnir né málsaðilar hefðu fjallað um fyrri hegðun A.

Varðandi aðferðirnar sem notaðar voru til að afla upplýsinganna sem voru til umfjöllunar á vefsíðu *Pressunnar* og sannleiksgildi þeirra taldi dómstóllinn að engar sérstakar forsendur hefðu verið í málinu til þess að leysa fjölmiðla undan hefðbundinni skyldu þeirra til að sannreyna staðhæfingar þær sem fram komu í umfjölluninni. Dómstóllinn yrði því að kanna hvort kærandi hefði verið í góðri trú og tryggt að greinarnar hefðu verið skrifaðar í samræmi við þá almennu skyldu blaðamanna að kanna staðhæfingar um staðreyndir. Í þessari skyldu fælist krafa um að blaðamaður reiddi sig á nægjanlega nákvæmar og áreiðanlegar staðreyndir sem telja mætti hæfilegar í ljósi þess hvers eðlis og hversu alvarleg staðhæfingin um þær væri. Eftir því sem staðhæfingar væru alvarlegri yrðu staðreyndir að liggja skýrar fyrir.

Dómstóllinn féllst á með kæranda að hann hefði verið í góðri trú og tryggt að greinin væri skrifuð í samræmi við þá almennu skyldu blaðamanna að sannreyna staðhæfingu um staðreynd. Rakti dómstóllinn að blaðamaður *Pressunnar* hefði leitast við að sannreyna trúverðugleika systranna og sannleiksgildi staðhæfinganna með því að taka viðtöl við systurnar, son A, lögreglu, vinnuveitanda annarrar systurinnar, annan ætlaðan brotþola og fleira fólk sem nefnt hefði verið í grein systranna. Þá hefði blaðamaðurinn reynt að fá viðtal við Barnaverndarstofu. Auk þessa hefði blaðamaðurinn boðið A að gera athugasemdir við ásakanir systranna. A hefði síðar hafnað ásökununum. Dómstóllinn árétaði að það samræmdist ekki því hlutverki fjölmiðla að veita upplýsingar um atburði, skoðanir og hugmyndir samtímans að gera þá almennu kröfu að blaðamenn fjarlægðu sig með kerfisbundnum og formlegum hætti frá efni tilvitnunar sem kynni að meiða aðra. Ekki ætti að koma til greina að refska blaðamanni fyrir að hafa milligöngu um staðhæfingu annarra í viðtali nema sérstaklega brýnar ástæður væru til.

Varðandi efni, form og afleiðingar hinna umdeildu ummæla tók dómstóllinn undir þá niðurstöðu Hæstaréttar að þær aðdróttanir sem fram komu í hinni umdeildu umfjöllun

Pressunnar hefðu verið þess eðlis og svo alvarlegar að þær hefðu verið til þess fallnar að skaða æru A og mannorð.

Á hinn bóginn væri ljóst að hin umdeildu ummæli hefðu hvorki átt uppruna sinn hjá kæranda né blaðamanninum sem skrifaði fréttina heldur hjá systrunum sem ásökuðu A. Hefðu þær þá þegar látið ásanir sínar í ljós á opinberum vettvangi. Að því marki sem dómur gegn kæranda hefði þjónað þeim réttmætu hagsmunum að vernda A gegn ærumeiðandi ásökunum systranna hefðu þeir hagsmunir að mestu verið tryggðir með þeim möguleika að höfða mál gegn þeim sjálfum. Í ljósi þess að fyrir lægi að A hefði hótad því að höfða mál gegn systrunum og boðið þeim sættir vaknaði sú spurning hvort kæranda hefði boðist raunverulegt tækifæri til þess að hreinsa sig af ábyrgð með því að sýna fram á að hann hefði verið í góðri trú og sannreynt sannleiksgildi staðhæfinga um staðreyndir.

Varðandi þyngd viðurlaganna tók dómstóllinn fram að við mat á meðalhófi skipti sú staðreynd máli, ein og sér, að kveðinn hefði verið upp dómur yfir viðkomandi og þá án tillits til þess hversu stórvægileg viðurlögin væru eða hvort þau væru alfarið einkaréttarlegs eðlis. Hvers kyns ótilhlýðilegri takmörkun á tjáningarfrelsi fylgdi í raun hættu á því að hindra eða lama til framtíðar umfjöllun fjölmiðla um sambærileg álitamál.

Að öllu þessu virtu taldi dómstóllinn að þótt rökstuðningur Hæstaréttar hefði verið viðeigandi yrði hann ekki talinn nægjanlegur til þess að réttlæta afskiptin sem um var deilt. Hæstiréttur hefði ekki tekið tilhlýðilegt tillit til þeirra meginreglna og viðmiða sem leiddu af réttarframkvæmd Mannréttindadómstólsins um að vega réttinn til friðhelgi einkalífs á móti réttinum til tjáningarfrelsis. Hefði rétturinn farið út fyrir það svigrúm til mats sem hann hefði haft og ekki gætt eðlilegs jafnvægis milli þeirra aðgerða sem gripið var til, það er þess að skerða tjáningarfrelsi kæranda og þess lögmeta markmiðs sem stefnt var að. Í ljósi þessa hefði verið brotið gegn 10. gr. mannréttindasáttmálans.

2.6 MDE, Reynir Traustason o.fl. gegn Íslandi, 4. maí 2017 (44801/13) (Kæra til lögreglu)

2.6.1 Málavextir og niðurstaða íslenskra dómstóla

Kærendur málsins voru Reynir Traustason, Jón Trausti Reynisson og Ingi Freyr Vilhjálmsson. Í marsmánuði 2011 fjallaði dagblaðið *DV* um málefni fyrirtækisins *Sigurplast ehf.* Reynir og Jón Trausti voru þá í ritstjórn *DV* og Ingi Freyr fréttastjóri. Þann 14. mars 2011 birtist í *DV* mynd af A á forsíðu með fyrirsögninni „Kolsvört skýrsla um Sigurplast: Lögregla rannsakar lektor“. Grein um málið var að finna inni í blaðinu og var Ingi Freyr tilgreindur sem höfundur hennar. Fyrirsögn fréttarinnar var „Lektor flæktur í rannsókn“ og við hlið hennar var birt mynd af A. Hann var þá stjórnarmaður og einn þriggja eigenda umrædds fyrirtækis og lektor í viðskiptafræði við Háskóla Íslands. Í greininni var stöðu fyrirtækisins lýst með tilvísunum til skýrslu endurskoðunarfyrirtækis. Greint var frá því að fyrirtækið hefði greitt kostnað A sem ólíklegt væri að tengdist rekstri fyrirtækisins og að A hefði verið kunnugt um alvarlega stöðu fyrirtækisins löngu áður en það var lýst gjaldþrota árið 2010. Í umræddri skýrslu var komist að þeirri niðurstöðu að gengið hefði verið á eignir fyrirtækisins að hluta þegar ljóst var að það var ógjaldfært. Þessar eignir hefðu í raun verið færðar yfir til annars félags í eigu meðeiganda A.

Í kjölfar umfjöllunar DV aflaði A sér upplýsinga frá saksóknara um að skiptastjóri *Sigurplasts ehf.* hefði sent tilkynningu um málefni fyrirtækisins til lögreglu og að sú tilkynning væri til skoðunar auk tveggja kæra sem einnig hefðu borist. Tekið var fram að ekki hefði verið tekin formleg ákvörðun um lögreglurannsókn. A sendi þetta tölvubréf saksóknara til Reynis Traustasonar og fór fram á leiðréttingu hinna umdeildu ummæla. Þeirri beiðni var hafnað.

A höfðaði í kjölfarið mál gegn kærendum og krafðist greiðslu miskabóta og bóta vegna kostnaðar við birtingu dóms. Þá krafðist hann ómerkingar nánar tilgreindra ummæla. Með *Hrd. 6. desember 2012 (314/2012) (Kæra til lögreglu)* var staðfestur dómur Héraðsdóms Reykjavíkur þar sem fallist var á kröfur A að því leyti að kærendum var sameiginlega gert að greiða A 200.000 krónur í miskabætur, 200.000 krónur vegna kostnaðar við birtingu dómsins og 500.000 krónur í málskostnað. Þá voru eftirfarandi ummæli dæmd dauð og ómerk:

- „Lögreglan rannsakar lektor“
- „Lektor í viðskiptafræði flæktur í lögreglurannsókn“

Í dómi Hæstaréttar kom fram að tölvubréf það sem A aflaði frá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra, eftir að hin umdeilda umfjöllun birtist í DV, yrði ekki skilið á annan veg en að engin rannsókn hefði þá verið hafin vegna þeirra þriggja kæra sem borist höfðu. Ekki lægi fyrir að slík rannsókn hefði hafist síðar. Komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að hin ómerktu ummæli hefðu verið röng og meiðandi fyrir A. Umfjöllun og myndbirtingar DV hefðu falið í sér atlögu að mannorði A, sem þá hefðu engar forsendur verið fyrir. Auk þess hefði því verið synjað að leiðrétta það sem rangt hefði verið farið með þegar gefinn hefði verið kostur á því.

2.6.2 Dómur Mannréttindadómstólsins

Kærendur töldu að dómur Hæstaréttar Íslands bryti gegn tjáningarfrelsi þeirra samkvæmt 10. gr. mannréttinasáttmála Evrópu. Kærðu þeir niðurstöðu málsins til Mannréttindadómstóls Evrópu. Með *MDE, Reynir Traustason o.fl. gegn Íslandi, 4. maí 2017 (44801/13) (Kæra til lögreglu)* komst Mannréttindadómstóllinn að þeirri niðurstöðu að með umræddum dómi Hæstaréttar Íslands hefði Ísland brotið gegn tjáningarfrelsi kæranda samkvæmt 10. gr. mannréttinasáttmálans.

Eftir að dómstóllinn hafði slegið því föstu að hin umdeilda aðgerð hefði falið í sér „afskipti stjórnvalda“ af rétti kæranda til tjáningarfrelsis samkvæmt 10. gr. mannréttinasáttmálans og að afskiptin hefðu haft þann lögmæta tilgang að vernda „réttindi og mannorð annarra“ tók dómstóllinn ítarlega til umfjöllunar hvort afskiptin hefðu verið „nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi“. Á sama hátt og í *MDE, Steingrímur Sævarr Ólafsson gegn Íslandi, 16. mars 2017 (58493/13) (Frambjóðandi til stjórnlagabings)* minnti dómstóllinn á að til þess að 8. gr. mannréttinasáttmálans kæmi til álita þyrfti atлага gegn æru manns að ná tilteknu alvarleikastigi og vera með þeim hætti að hún hefði í för með sér skerðingu á rétti manns til þess að njóta friðhelgi einkalífs. Þau viðmið sem kæmu til álita þegar rétturinn til tjáningarfrelsis væri veginn á móti réttinum til friðhelgi einkalífs væru eftirfarandi: Erindi efnis í almenna þjóðfélagsumræðu, hversu vel þekktur viðkomandi væri og hvert væri efni fréttarinnar, fyrri háttsemi viðkomandi, aðferðin sem notuð hefði verið við öflun upplýsinganna og sannleiksgildi þeirra, efni, framsetning og afleiðingar birtingarinnar og

þyngd viðurlaganna sem væru ákvörðuð. Var umfjöllun dómstólsins í framhaldinu afmörkuð í samræmi við þetta.

Í fyrsta lagi tók dómstóllinn til skoðunar þá aðferð sem hafði verið beitt við öflun upplýsinganna og sannleiksgildi þeirra. Benti dómstóllinn á að niðurstöður héraðsdóms og Hæstaréttar hefðu byggt á því að gerður var skýr greinarmunur á því að mál væri annars vegar til „rannsóknar“ hjá lögreglu en hins vegar „til skoðunar“. Af þessum sökum höfðu íslensku dómstólarnir komist að þeirri niðurstöðu að hin umdeildu ummæli væru efnislega röng og að ekki hefði verið óhóflegum erfiðleikum bundið að sannreyna hvort lögreglurannsókn hefði í raun verið hafin.

Mannréttindadómstóllinn féllst á að ekki hefði verið ástæða til að leysa fjölmiðla undan þeirri almennu skyldu þeirra að sannreyna staðhæfingar um staðreyndir sem kynnu að vera meiðandi fyrir einstaklinga. Fyrir dómstólnum lægi því að meta hvort kærendur hefðu verið í góðri trú og tryggt að greinin væri skrifuð í samræmi við þá almennu skyldu blaðamanna að kanna staðhæfingar um staðreyndir. Í þessari skyldu fælist krafa um að blaðamaður reiddi sig á nægjanlega nákvæmar og áreiðanlegar staðreyndir sem telja mætti hæfilegar í ljósi þess hvers eðlis og hversu alvarleg staðhæfingin um þær væri.

Dómstóllinn tók fram að hann veitti því athygli að kærendur hefðu ekki leitað staðfestingar lögreglu eða saksóknara á því hvort skýrslan frá skiptastjóra væri til rannsóknar eða skoðunar áður en hin umdeilda grein var birt. Þá hefðu þeir ekki leiðrétt hin umdeildu ummæli eftir beiðni A þar að lútandi. Á hinn bóginn taldi dómstóllinn að ekki væri unnt að gera þá kröfu til blaðamanna er starfa hjá fjölmiðlum í almennri dreifingu að þeir væru fyllilega upplýstir um hugtakanotkun sem varðaði fyrirkomulag við meðferð ákærvalds eða meðferð mála fyrir dómi. Af því leiddi að dómstóllinn gæti ekki fallist á að kærendum hefði verið skylt samkvæmt 2. mgr. 10. gr. mannréttinasáttmálans að gera greinarmun á hugtökunum „rannsókn“ og „skoðun“ umrædds máls eða gera sérstaklega tæknilega grein fyrir málsmeðferðinni hjá lögreglu sem þeir vísuðu til. Þá mætti ráða af tilkynningu frá saksóknara, eftir að umfjöllun *DV* birtist, að kærur á hendur A hefðu á einhverjum tímapunkti verið til „rannsóknar“ áður en þeim var síðar vísað frá.

Loks væri mikilvægt að kærendum hefði verið kunnugt um skýrslu endurskoðunar-fyrirtækisins þar sem fram komu grunsemdir um refsivert athæfi af hálfu A og að skiptastjóri hefði tilkynnt þetta til lögreglu. Þeim hefði á hinn bóginn ekki verið kunnugt um afstöðu saksóknara sem fram kom í tölvubréfi hans til A þar sem staðfest var að kærurnar væru til skoðunar. Að mati dómstólsins væri því ljóst að greinin hefði byggt á nægilega traustum og áreiðanlegum staðreyndagrundvelli. Hefði því ekki verið sýnt fram á að kærendur hefðu verið í slæmri trú eða vanrækt að tryggja að greinin væri skrifuð í samræmi við þá almennu skyldu blaðamanna að kanna staðhæfingar um staðreyndir.

Í öðru lagi fjallaði dómstóllinn um efni, framsetningu og afleiðingar hinnar umdeildu greinar. Dómstóllinn rakti að íslenskir dómstólar hefðu komist að þeirri niðurstöðu að með hinni umdeildu umfjöllun hefði verið gefið í skyn að A væri sakborningur í refsimáli vegna refsiverðrar háttsemi. Dómstóllinn dró ekki í efa að með þessu hefði verið vegið að æru manns með þeim hætti að það varðaði við 8. gr. mannréttinasáttmálans. Með vísan til fyrri

umfjöllunar taldi dómstóllinn á hinn bóginn að ekki hefði verið unnt að gera þá kröfu til kæranda að þeir gerðu greinarmun á hugtökunum „rannsókn“ og „skoðun“. Í ljósi þessa hefði efni greinarinnar takmarkast við að greina frá því að lögreglan hefði verið upplýst af skiptastjóra um rökstuddan grun um refsivert athæfi af hálfu stjórnarmanna í stjórn sem A átti sæti í, skiptastjóri hefði byggt afstöðu sína á skýrslu endurskoðunarskrifstofu og að skýrslan væri til umfjöllunar. Í greininni hefði ekki verið staðhæft að A hefði verið kærður, að hann sætti ákæru, hefði verið dreginn fyrir dóm, væri sekur eða hefði verið sakfelldur fyrir afbrot. Greinin hefði ekki gengið lengra en að lýsa eðli og umfangi þeirra efnislegu upplýsinga sem kærundur byggðu fréttáflutning sinn á.

Í þriðja lagi fjallaði dómstóllinn um erindi umfjöllunarinnar í almenna þjóðfélagsumræðu. Ekki væri ljóst hvort héraðsdómur eða Hæstiréttur hefðu lagt mat á þetta atriði. Óumdeilt væri þó að fjárhagsleg vandræði *Sigurplasts ehf.* höfðu áður verið til umfjöllunar fjölmiðla. Dómstóllinn taldi því að grunsemdir um refsivert misferli stjórnarmanna fyrirtækisins ættu erindi til almennings. Vísaði dómstóllinn einnig til hins stærra samhengis fjármálakreppunnar á Íslandi.

Í fjórða lagi fjallaði dómstóllinn um það sjónarmið hversu þekktur A væri og hegðun hans fyrir birtingu umfjöllunar *DV*. Benti dómstóllinn á að hvorki héraðsdómur né Hæstiréttur hefðu vikið að þessu atriði í umfjöllun sinni. A væri lektor í viðskiptafræði jafnframt því að vera formaður stjórnar og einn af eigendum leiðandi iðnfyrirtækis. Þá varðaði skýrslan sem greinin byggði á grunsemd um refsivert athæfi af hálfu stjórnar fyrirtækis sem A átti sæti í. Var því ekki fallist á það sjónarmið íslenska ríkisins að A hefði átt rétt á sömu einkalífsvernd og einstaklingur sem væri með öllu ókunnur almenningi.

Í fimmta lagi fjallaði dómstóllinn um þyngd viðurlaganna sem ákvörðuð voru. Þótt bætur þær sem kærundur hefðu verið dæmdir til að greiða fælu ekki í sér refsingu og þótt fjárhæðin kynni ekki að virðast íþyngjandi skipti það ekki höfuðmáli. Hvers kyns ótilhlýðileg takmörkun á tjáningarfrelsi fylgdi í raun hætta á að hindra eða lama umfjöllun fjölmiðla um sambærileg álitamál.

Í ljósi alls framangreinds taldi dómstóllinn að héraðsdómur og Hæstiréttur hefðu ekki gætt að því að taka mið af viðeigandi sjónarmiðum úr dómaframkvæmd Mannréttindadómstólsins þegar réttur kæranda til tjáningarfrelsis var veginn á móti rétti A til æru sinnar. Þá hefði ekki verið ljóst af röksemdafærslu dómstólanna hvaða ríka þjóðfélagslega þörf hefði verið til staðar sem réttlæti að réttur A nyti verndar umfram rétt kæranda eða hvort afskiptin sem um ræddi hefðu verið hófleg í ljósi þess markmiðs sem stefnt var að. Hefði ekki verið gætt eðlilegs jafnvægis í meðalhófi milli þeirra aðgerða sem gripið var til. Í ljósi þessa hefði verið brotið gegn 10. gr. mannréttindasáttmálans.

2.7 MDE, Ólafur Arnarson gegn Íslandi, 13. júní 2017 (58781/13) (LÍÚ og AMX)

2.7.1 Málavextir og niðurstaða íslenskra dómstóla

Á árunum 2010–2011 var kærandi, Ólafur Arnarson, lausráðinn blaðamaður og greinahöfundur hjá fréttavefsíðunni *Pressunni*. Þann 21. júlí 2010 birti kærandi grein á *Pressunni* með fyrirsögninni „LÍÚ borgar 20 milljónir fyrir ósómann“ og vísaði til greinar sem birst hafði sama dag í dagblaðinu *DV*. Í grein *DV* var fjallað um orðróm þess efnis að

Landssamband íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) veitti vefsíðunni *AMX* fjárstuðning. Var því haldið fram að stuðningurinn næmi 1.500.000 krónum á mánuði. Framkvæmdastjóri *LÍÚ*, A, sendi *Pressunni* athugasemd í kjölfarið um að *LÍÚ* hefði ekki stutt vefsíðuna *AMX*.

Kærandi birti þann 24. júlí 2010 aðra grein á *Pressunni* þar sem yfirlýsingu A var svarað. Ítrekaði kærandi að *LÍÚ*, undir stjórn A, bæri ábyrgð á skrifum sem birtust á vefsíðunni *AMX*. Lýsti kærandi efasemdum um hvort sómakærir forráðamenn aðildarfyrirtækja *LÍÚ* sættu sig við þessa ráðstöfun á fjármagni landssambandsins.

Þann 26. júlí 2011 birti kærandi síðan þriðju grein sína um málið á *Pressunni*. Var þar sagt að *LÍÚ* styddi vefsíðuna *AMX* um 20 milljónir á ári í gegnum fyrirtæki í eigu Y, sem einnig væri eigandi *AMX*. Einnig var sagt að kæranda væri kunnugt um að ekki vissu allir stjórnarmenn *LÍÚ* af stuðningi samtakanna við „óhróðurinn“ á vefsíðu *AMX*, enda væru greiðslurnar vel dulbúnar í reikningum samtakanna. Þá hefði kæranda verið sagt að mögulega vissi enginn í stjórn *LÍÚ* um stuðning samtakanna við *AMX* og að A hefði einn ákveðið að nota fjármuni samtakanna með þessum hætti. Kærandi bætti því við að hann hefði ekki fengið staðfestingu á síðustu ummælunum.

A höfðaði mál gegn kæranda og krafðist þess að nánar tiltekin ummæli yrðu dæmd dauð og ómerk og greiðslu miskabóta og málskostnaðar. Með *dómi Héraðsdóms Reykjaness 29. nóvember 2012 (E-23/2012) (LÍÚ og AMX)* var kæranda gert að greiða A 300.000 í miskabætur og 450.000 krónur í málskostnað. Eftirfarandi ummæli voru dæmd dauð og ómerk:

- „Mér er kunnugt um, að einhverjir stjórnarmenn *LÍÚ* vita ekki af stuðningnum við fugladritið á *AMX* enda munu greiðslurnar vera vel dulbúnar í reikningum samtakanna.“

Í dómi héraðsdóms var rakið að A væri framkvæmdastjóri *LÍÚ* og að hlutverk hans væri meðal annars að taka þátt í opinberri umræðu um sjávarútvegsmál. Undanfarin ár hefðu farið fram miklar umræður um núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi og væru skiptar skoðanir um það. A hefði komið fram opinberlega og kynnt sjónarmið *LÍÚ* þar að lútandi. Kærandi hefði gagnrýnt ákveðna þætti kerfisins. Dómstóllinn taldi að í hinum ómerktu ummælum hefði falist aðdróttun um umboðssvik og vanrækslu í starfi. Kærandi hefði ekki sýnt fram á að ummælin væru sönn. Þau væru meiðandi fyrir A og var fallist á ómerkingu þeirra.

Hæstiréttur Íslands synjaði kæranda um leyfi til að áfrýja dóminum.

2.7.2 Dómur Mannréttindadómstólsins

Kærandi taldi að dómur Hæstaréttar bryti gegn tjáningarfrelsi hans samkvæmt 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og kærði niðurstöðu málsins til Mannréttindadómstóls Evrópu. Með *MDE, Ólafur Arnarson gegn Íslandi, 13. júní 2017 (58781/13) (LÍÚ og AMX)* komst Mannréttindadómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn réttindum kæranda.

Eftir að dómstóllinn hafði slegið því föstu að hin umdeilda aðgerð hefði falið í sér „afskipti stjórnvalda“ af rétti kæranda til tjáningarfrelsis samkvæmt 10. gr. mannréttindasáttmálans og að afskiptin hefðu haft þann lögmæta tilgang að vernda „réttindi og mannorð annarra“ tók

dómstóllinn ítarlega til umfjöllunar hvort afskiptin hefðu verið „nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi“.

Í upphafi umfjöllunar sinnar fjallaði Mannréttindadómstóllinn með almennum hætti um þær meginreglur sem kæmu til skoðunar á því hvort afskipti væru nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi. Var sú umfjöllun af sama toga og sú sem fram kom í fyrri dómum sem hér hafa verið raktir. Sér í lagi reifaði dómstóllinn þau viðmið sem kæmu til álita þegar rétturinn til friðhelgi einkalífs skaraðist á við réttinn til tjáningarfrelsis svo sem dómstóllinn hafði áður gert. Auk þessa sá dómstóllinn ástæðu til að taka fram að þegar innlend yfirvöld hefðu vegið þá hagsmuni sem um ræddi í samræmi við framangreind viðmið þyrfti veigamikil rök til þess að dómstóllinn setti sjónarmið sín í stað sjónarmiða landsdómstólanna.

Varðandi gildi umræddra meginreglna fyrir mál kæranda hóf Mannréttindadómstóllinn umfjöllun sína á því að taka fram að ekki væri ástæða til þess að vefengja það mat héraðsdóms að þær ásakanir sem fram komu í grein kæranda hefðu verið ærumeiðandi. Atlagan að A hefði náð því alvarleikastigi að framsetning hennar hefði skert rétt A til friðhelgi einkalífs samkvæmt 8. gr. mannréttinasáttmálans. Reifaði dómstóllinn ýmis sjónarmið um mikilvægi netsins í þessu samhengi. Var umfjöllun dómstólsins síðan afmörkuð með tilliti til þeirra viðmiða sem skipta máli við mat á árekstri réttinda samkvæmt 8. og 10. gr. sáttmálans sem dómstóllinn hafði áður talið upp.

Í fyrsta lagi tók dómstóllinn til skoðunar hvaða erindi grein kæranda hefði haft til almennrar þjóðfélagsumræðu. Með vísan til umfjöllunar héraðsdóms um þær umræður sem fram hefðu farið um íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið taldi Mannréttindadómstóllinn að héraðsdómur hefði með fullnægjandi hætti lagt mat á erindi greinarinnar til almennrar þjóðfélagsumræðu.

Í öðru lagi tók dómstóllinn til skoðunar hversu þekktur A væri, efni fréttarinnar og háttsemi A fyrir birtingu hinnar umdeildu greinar. Vísaði dómstóllinn til umfjöllunar um stöðu og störf A og *LÍÚ*. Mannréttindadómstóllinn taldi að af þessu leiddi að mörk ásættanlegrar gagnrýni á A væru rýmri en í tilviki almennra borgara. Engu að síður yrði að hafa í huga að jafnvel persónur sem kunnar væru almenningi ættu réttmætar væntingar til verndunar einkalífs.

Í þriðja lagi tók dómstóllinn til skoðunar aðferðina sem notuð var við öflun upplýsinganna og sannleiksgildi þeirra. Dómstóllinn áréttaði að vernd tjáningarfrelsis fréttamanna væri háð því skilyrði að þeir störfuðu í góðri trú og byggðu á traustum staðreyndagrunni og veittu áreiðanlegar og nákvæmar upplýsingar í samræmi við siðareglur blaðamanna. Engar sérstakar forsendur hefðu verið til þess að leysa kæranda undan þeirri almennu skyldu blaðamanna að sannreyna staðhæfingar um staðreyndir sem væru ærumeiðandi.

Dómstóllinn benti á að þótt kærandi hefði vísað til umfjöllunar *DV* til stuðnings umfjöllun sinni hefðu hin ómerktu ummæli verið frekari úrvinnsla hans. Þá hefði kærandi engar sönnur færnt fyrir fullyrðingum sínum um staðreyndir eða sýnt fram á að þær byggðu á traustum staðreyndagrunni. Taldi dómstóllinn að með því að birta fullyrðingu sína án þess að fá staðfestingu á sannleiksgildi hennar hefði kærandi ekki starfað í góðri trú eða í samræmi við reglur um ábyrga blaðamennsku.

Í fjórða lagi fjallaði dómstóllinn um efni, framsetningu og afleiðingar hinna umdeildu ummæla. Dómstóllinn taldi að þegar umrædd ummæli væru metin í heild og í samhengi væru ekki forsendur til þess að draga í efa niðurstöðu héraðsdóms um eðli og umfang ummælanna innan þess svigrúms sem íslenskir dómstólar hefðu til mats á málsatvikum. Dómstóllinn veitti því athygli að héraðsdómur hefði tekið skýrt fram að við mat á því hvort ummæli væru meiðandi yrði ekki byggt á því hvernig ummælin horfðu við kæranda heldur hvernig ætla mætti að lesendur ummælanna skynjuðu þau og túlkuðu.

Í fimmta lagi fjallaði dómstóllinn um þyngd viðurlaganna sem ákvörðuð voru og komst að þeirri niðurstöðu að þau gætu ekki talist óhófleg miðað við málavexti eða af þeim toga að þau hefðu kæfandi áhrif á frelsi fjölmiðla.

Með vísan til alls framangreinds taldi dómstóllinn að héraðsdómur hefði með fullnægjandi hætti vegið réttinn til tjáningarfrelsis á móti réttinum til friðhelgi einkalífs og tekið mið af þeim viðmiðum sem fram væru sett í fordæmum dómstólsins. Héraðsdómur hefði ekki farið út fyrir það svigrúm til mats sem honum bar heldur gætt eðlilegs jafnvægis í meðalhófi milli þeirra aðgerða sem gripið var til og þess lögmæta markmiðs sem stefnt var að. Hefði því ekki verið brotið gegn 10. gr. mannréttindasáttmálans.

2.8 MDE, Svavar Halldórsson gegn Íslandi, 4. júlí 2017 (44322/13) (Fons og Panama)

2.8.1 Málavextir og niðurstaða íslenskra dómstóla

Þegar atvik málsins áttu sér stað starfaði kærandi, Svavar Halldórsson, sem fréttamaður hjá Ríkisútvarpinu, RÚV. Í sjónvarpsfréttum RÚV dagana 24. og 28. maí og 6. desember 2010 voru sagðar fréttir, sem kærandi var höfundur að, er vörðuðu lán að fjárhæð 3 milljarðar króna frá fyrirtækinu *Fons* til fyrirtækisins *Pace Associates* í Panama. Í frétt kæranda 6. desember 2010 kom meðal annars fram að féð hefði verið millifært 24. apríl 2007 en lánsamningur vegna þessa væri dagsettur 30. apríl sama ár, eða sex dögum síðar. Sama dag og gengið hefði verið frá lánsamningnum hefði lánið verið afskrifað í bókhaldi *Fons*. Þá kom fram í fréttinni að fréttastofa RÚV hefði vikuna á undan reynt að ná sambandi við B, eiganda *Fons*, til að spyrja hann um þessi viðskipti. Í fréttinni sagði kærandi síðan: „Fons er á hinn bóginn gjaldþrota og þrotabúið leitar fjárins. Það hafa yfirvöld hér á landi líka gert, eins og við höfum áður greint frá, og þau telja sig komin á slóð peninganna, enda hafa þau undir höndum gögn sem benda til þess að þeir [B], Jón Ásgeir Jóhannesson og [C], hafi skipulagt Panama-fléttuna fyrirfram. Það er að koma peningunum út til Panama en síðan hafi féð ratað aftur eftir krókaleiðum í vasa þremmenninganna.“ Í fréttinni var sýnd skýringarmynd þar sem myndir af Jóni Ásgeiri, B og C voru sýndar yfir heimskorti og peningum var deilt frá Panama milli þeirra þriggja. Eftir að fréttin birtist gaf Jón Ásgeir út fréttatilkynningu þar sem fram kom að þeir fjármunir sem *Fons* veitti *Pace Associates* hefðu hvorki ratað til hans né fyrirtækja á hans vegum.

Jón Ásgeir höfðaði mál á hendur kæranda og krafðist greiðslu miskabóta og bóta vegna kostnaðar við birtingu dóms. Þá krafðist hann þess að nánar tiltekin ummæli yrðu dæmd dauð og ómerk. Með *Hrd. 15. nóvember (69/2012) (Fons og Panama)* var kæranda gert að greiða Jóni Ásgeiri 300.000 krónur í miskabætur auk vaxta og 1.000.000 krónur í málskostnað. Þá voru ummælin „Jón Ásgeir Jóhannesson“ og „þremmenninganna“, sem voru hluti eftirfarandi ummæla, dæmd dauð og ómerk:

- „Það hafa yfirvöld hér á landi líka gert, eins og við höfum áður greint frá, og þau telja sig komin á slóð peninganna enda hafa þau undir höndum gögn sem benda til þess að þeir [B], Jón Ásgeir Jóhannesson og [C], hafi skipulagt Panama-fléttuna fyrirfram. Það er að koma peningunum út til Panama en síðan hafi féð ratað aftur eftir krókaleiðum í vasa þremninganna.“

Í dómi Hæstaréttar voru rakin sjónarmið um að við mat á því hvar draga skyldi mörk milli tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs skipti máli hvort það efni sem birt væri gæti talist þáttur í þjóðfélagslegri umræðu og þannig átt erindi til almennings. Einnig kom fram að fjölmiðlar hefðu mikilvægu hlutverki að gegna við miðlun upplýsinga og skoðana um þjóðfélagsleg málefni. Þá var vikið að því að opinber umræða og umfjöllun fjölmiðla frá efnahagshruninu haustið 2008 hefði mjög snúist um að greina aðdraganda og orsakir þess hvernig fór og að umfjöllun um fjárhagsleg málefni einstakra manna hefði oft verið nærgöngul.

Hæstiréttur taldi að umfjöllun kæranda yrði ekki skilin öðruvísi en svo að Jón Ásgeir væri sakaður um háttsemi sem væri refsiverð og félli undir ákvæði almennra hegningarlaga. Hefði kærandi engin gögn lagt fram um að tilgreind ummæli um Jón Ásgeir ættu við rök að styðjast og yrði hann að bera hallann af því en það hafi staðið honum nær en Jóni Ásgeiri að tryggja sér slíka sönnun. Þá hefði kærandi ekki sýnt fram á að hann hefði við vinnslu fréttarinnar leitað eftir upplýsingum frá Jóni Ásgeiri um efni hennar. Gæti kærandi því ekki hafa verið í góðri trú um sannleiksgildi þeirra ummæla um Jón Ásgeir sem í fréttinni fólust.

2.8.2 Dómur Mannréttindadómstólsins

Kærandi taldi að dómur Hæstaréttar Íslands bryti gegn tjáningarfrelsi hans samkvæmt 10. gr. mannréttinasáttmála Evrópu. Kærði hann niðurstöðu málsins til Mannréttindadómstóls Evrópu. Með *MDE, Svavar Halldórsson gegn Íslandi, 4. júlí 2017 (44322/13) (Fons og Panama)* komst Mannréttindadómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn réttindum kæranda.

Eftir að dómstóllinn hafði slegið því föstu að hin umdeilda aðgerð hefði falið í sér „afskipti stjórnvalda“ af rétti kæranda til tjáningarfrelsis samkvæmt 10. gr. mannréttinasáttmálans og að afskiptin hefðu haft þann lögmæta tilgang að vernda „réttindi og mannorð annarra“ tók dómstóllinn ítarlega til umfjöllunar hvort afskiptin hefðu verið „nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi“. Í upphafi umfjöllunar sinnar fjallaði Mannréttindadómstóllinn með almennum hætti um þær meginreglur sem kæmu til skoðunar á því hvort afskipti væru nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi. Var sú umfjöllun nær samhljóða almennri umfjöllun dómstólsins í *MDE, Ólafur Arnarson gegn Íslandi, 13. júní 2017 (58781/13) (LÍÚ og AMX)*. Var umfjöllun dómstólsins síðan afmörkuð með tilliti til þeirra viðmiða sem dómstóllinn hafði í fyrri dómum talið að skiptu máli við mat á skörun réttinda samkvæmt 8. og 10. gr. sáttmálans sem dómstóllinn hafði áður talið upp.

Í fyrsta lagi tók dómstóllinn til skoðunar efni, form og afleiðingar hinnar umdeildu fréttar. Dómstóllinn benti á að Hæstiréttur Íslands hefði framkvæmt ítarlegt mat á fréttinni og komist að þeirri niðurstöðu að í henni fælist aðdróttun um að Jón Ásgeir hefði framið refsiverðan glæp. Mannréttindadómstóllinn sá ekki ástæðu til að draga mat Hæstaréttar í efa. Dómstóllinn taldi líka fullnægjandi sýnt fram á að aðdróttunin hefði verið nægjanlega alvarleg til að raska rétti Jóns Ásgeirs til friðhelgi einkalífs. Tók dómstóllinn í þessu samhengi tillit til þess að

fjölmiðlar sem notuðust við miðlun á sjónrænu efni og hljóði hefðu meiri áhrif en prentaðir miðlar.

Í öðru lagi tók dómstóllinn til skoðunar hversu þekktur Jón Ásgeir væri og hegðun hans fyrir birtingu hinnar umdeildu fréttar. Vísaði dómstóllinn til þess að A hefði til margra ára verið til umfjöllunar í fjölmiðlum vegna umsvifa hans í viðskiptalífínu. Hæstiréttur hefði ekki beinlínis fjallað um stöðu Jóns Ásgeirs. Á hinn bóginn taldi dómstóllinn, með hliðsjón af umfjöllun Hæstaréttar í heild sinni, að rétturinn hefði lagt til grundvallar að Jón Ásgeir væri þekkt persóna við það mat sem síðan var framkvæmt. Af þessum sökum hefði verið lagt til grundvallar að svigrúm til gagnrýni á störf Jóns Ásgeirs hefði verið rýmra en ella. Dómstóllinn tók á hinn bóginn fram að jafnvel þekktir einstaklingar ættu rétt til friðhelgi einkalífs.

Í þriðja lagi fjallaði dómstóllinn um efni fréttarinnar og vægi hennar í almennri umræðu. Vísaði dómstóllinn til þess að Hæstiréttur hefði sérstaklega tekið fram að þetta sjónarmið skipti máli við mat á því hvar mörkin lögju milli tjáningarfrelsis kæranda og friðhelgi Jóns Ásgeirs til einkalífs. Hæstiréttur hefði einnig vikið að hlutverki fjölmiðla við að safna og miðla upplýsingum til almennings um mikilvæg málefni. Þá hefði rétturinn vikið að þýðingu efnahagshrunsins haustið 2008 fyrir íslenskt samfélag. Í ljósi alls þessa taldi dómstóllinn að Hæstiréttur hefði lagt mat á þýðingu efnis fréttar kæranda og komist að þeirri niðurstöðu að hún hefði þýðingu fyrir almannahag.

Í fjórða lagi fjallaði dómstóllinn um aðferð kæranda við að afla upplýsinga og sannleiksgildi þeirra. Dómstóllinn sá ekki ástæðu til að efast um niðurstöðu Hæstaréttar Íslands um að kærandi hefði ekki starfað í góðri trú varðandi réttmæti þeirra fullyrðinga sem fram komu í frétt hans. Ekki væru sérstakar ástæður fyrir hendi til að leysa kæranda undan skyldu sinni til að sannreyna ærumeiðandi fullyrðingar í garð einstaklinga.

Að því er varðar rétt kæranda til að leyna því hverjir heimildamenn og heimildir hans væru áréttaði dómstóllinn að sá réttur blaðamanna væri hluti af grundvallarforsendum fjölmiðlafrelsis. Á hinn bóginn hefði kæranda aldrei verið gert að upplýsa um heimildamenn sína. Þá taldi dómstóllinn að rétturinn til að halda heimildamönnum leyndum leysti blaðamenn ekki undan skyldunni til að sannreyna alvarlegar ásakanir og að þeirri skyldu væri unnt að fullnægja án þess að opinbera heimildamenn.

Dómstóllinn benti einnig á að kærandi hefði leitað til ákærvaldsins til að afla staðfestingar á fréttinni en þó aðeins eftir að hann hafði birt hina umdeildu frétt. Svar ákærvaldsins leiddi einnig aðeins í ljós að rannsókn væri yfirstandandi en ekki að Jón Ásgeir væri til rannsóknar.

Í fimmta lagi fjallaði dómstóllinn um þyngd viðurlaganna sem ákvörðuð voru og komst að þeirri niðurstöðu að þau gætu hvorki talist óhófleg miðað við málavexti né haft kæfandi áhrif á frelsi fjölmiðla.

Með vísan til alls framangreinds taldi dómstóllinn að Hæstiréttur Íslands hefði með fullnægjandi hætti vegið réttinn til tjáningarfrelsis á móti réttinum til friðhelgi einkalífs og tekið mið af þeim sjónarmiðum sem lögð hefðu verið til grundvallar í fordæmum dómstólsins. Skiptar skoðanir gætu verið um niðurstöðu dóms en í þeim tilvikum þar sem dómstólar

aðildarríkjanna hefðu lagt mat á málavexti með hliðsjón af þeim viðmiðum sem Mannréttindadómstóllinn hefði kveðið á um þyrfti mikið til að koma svo dómstóllinn legði annað mat á málavexti. Hæstiréttur hefði ekki farið út fyrir það svigrúm til mats sem honum bar heldur gætt eðlilegs jafnvægis í meðalhófi milli þeirra aðgerða sem gripið var til og þess lögmæta markmiðs sem stefnt var að. Hefði því ekki verið brotið gegn 10. gr. mannréttindasáttmálans.

3. Greining á forsendum Mannréttindadómstólsins

3.1 Inngangur

Eins og sjá má af framangreindu eiga þeir dómar Mannréttindadómstólsins sem féllu á árunum 2012 til 2017 í málum er varða tjáningarfrelsi fjölmiðla á Íslandi ýmislegt sameiginlegt. Þá er einnig ljóst að margt greinir þá í sundur. Í þessum kafla verða niðurstöður Mannréttindadómstólsins greindar.

Fyrst ber að nefna að dómarnir eru ekki aðeins upplýsandi um það hvernig framkvæmd íslenskra dómstóla hefur að mati Mannréttindadómstólsins verið í ósamræmi við ákvæði mannréttinasáttmálans, heldur varpa þeir einnig ljósi á þróun í framkvæmd Mannréttindadómstólsins sjálfs. Af þessum sökum er mikilvægt, áður en greint verður hvað dómstólnum þótti ábótavant í framkvæmd íslensks réttar, að setja dómna í samhengi við framkvæmd Mannréttindadómstólsins. Í kafla 3.2 verður þess vegna fjallað um þróun í framkvæmd Mannréttindadómstólsins á beitingu 10. gr. sáttmálans og hvernig hún birtist í þeim dómum sem hér eru til skoðunar. Er þetta gert til að skýra ýmislegt sem er ólíkt í þeim dómum sem hér eru til skoðunar en sem varðar þó ekki endilega ólík atvik eða breytingu í afstöðu dómstólsins til framkvæmdar íslenskra dómstóla.

Í kafla 3.3 verður dregið saman hvað það er sem Mannréttindadómstóllinn hefur sérstaklega gert athugasemdir við varðandi vernd tjáningarfrelsis fjölmiðlafólks í íslenskum rétti. Eins og ljóst er af umfjöllun í 2. kafla, og nánar verður gerð grein fyrir í kafla 3.2, hafa dómar Mannréttindadómstólsins undanfarin ár verið skýrari um þá aðferð sem dómstóllinn beitir við mat á því hvort takmörkun á tjáningarfrelsi á grundvelli friðhelgi einkalífs samræmist 10. gr. sáttmálans. Þannig hefur dómstóllinn tekið fram að matið sé heildstætt og lúti að samspili sex sjónarmiða. Verður í kafla 3.2 dregið fram hvaða sjónarmið það voru sem einkum leiddu til þess að dómar gegn blaðamönnum voru taldir hafa verið brot af Íslands hálfu gegn 10. gr. mannréttinasáttmálans.

Í kafla 3.3 verða niðurstöðurnar dregnar saman og samhliða varpað ljósi á það hvort íslenskur réttur hafi tekið breytingum í kjölfar dóma Mannréttindadómstólsins.

3.2 Þróun í framkvæmd Mannréttindadómstólsins

3.2.1 Inngangur

Þeir dómar sem hér eru til skoðunar varpa ljósi á þróun sem átt hefur sér stað síðastliðin ár innan Mannréttindadómstólsins. Til að unnt sé að greina sérstaklega þau atriði sem til skoðunar eru í þessari skýrslu, það er að segja hvað það er í íslenskri dómaframkvæmd sem farið hefur í bága við mannréttinasáttmála Evrópu, er mikilvægt að gera stuttlega grein fyrir þessari þróun til að útskýra hvers vegna dómarnir eru innbyrðis ólíkir að þessu leyti.

Tvennt skiptir hér mestu. Annars vegar eru dómarnir til vitnis um það hvernig Mannréttindadómstóllinn, í orði kveðnu, veitir aðildarríkjunum meira svigrúm til mats nú en þegar fyrstu dómarnir gegn Íslandi sem hér eru til skoðunar voru kveðnir upp. Segja má að í því felist að dómstóllinn gangi ekki jafn langt í endurskoðun sinni nú og hann gerði áður. Verður fjallað um þetta í kafla 3.2.2. Hins vegar má ráða af þeim dómum sem raktir eru í 2. kafla að Mannréttindadómstóllinn greini nú skýrar á milli þeirra ólíku sjónarmiða sem koma til skoðunar þegar tjáningarfrelsi er takmarkað í því skyni að vernda friðhelgi einkalífs.

3.2.2 Breytt viðhorf er varða svigrúm til mats

3.2.2.1 Frá efnislegri til formlegrar endurskoðunar

Tjáningarfrelsi nýtur verndar samkvæmt 10. gr. mannréttindasáttmálans. Hafi því verið slegið föstu að tjáningarfrelsi hafi sætt takmörkunum kemur til skoðunar hvort slík takmörkun samræmist 2. mgr. 10. gr. þar sem mælt er fyrir um lögmatan tilgang slíkrar takmörkunar. Á sama hátt og við beitingu 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar hefur Mannréttindadómstóllinn leitt þrjú skilyrði af 2. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmálans. Í fyrsta lagi þarf takmörkun að styðjast við lög, í öðru lagi þarf tilgangur takmörkunarinnar að vera í samræmi við þau markmið sem tilgreind eru í 2. mgr. og í þriðja lagi þarf takmörkun að vera nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi.

Í síðastnefnda skilyrðinu felst meðalhófsregla um að ekki sé gengið lengra en nauðsynlegt er við takmörkun tjáningarfrelsis. Eins og rakið var í 1. kafla er þetta skilyrði venjulega það sem vandasamast er að beita og þá sérstaklega þegar mismunandi réttindi sem vernduð eru af sáttmálanum rekast á. Við úrlausn um skilyrðið hefur Mannréttindadómstóllinn játað aðildarríkjum mannréttindasáttmálans ákveðnu „svigrúmi til mats“ (e. margin of appreciation).³⁹ Í þessu felst að dómstóllinn viðurkennir að stofnanir aðildarríkjanna séu, almennt séð, í betri aðstöðu en dómaraar við alþjóðlegan dómstól til að meta þá þætti sem reynir á þegar tekin er afstaða til þess hvort takmörkun sé nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi, enda séu þær í stöðugu og beinu sambandi við aðstæður í löndum sínum.⁴⁰ Af þessu leiðir að dómstóllinn lætur sér í mörgum tilvikum nægja að vísa til þess að stofnanir aðildarríkjanna hafi lagt mat á nauðsyn takmörkunar með hliðsjón af þeim réttindum sem vegist á og að ekki sé ástæða til að efast um að matið sé rétt. Í tilvikum þar sem reynir á mat dómstóla aðildarríkjanna er varðar árekstur tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs hefur Mannréttindadómstóllinn til dæmis tekið fram að það sé ekki hans hlutverk að framkvæma sama mat og innanlandsdómstóla („the Court’s task is not to take the place of the national courts“) heldur fremur að meta hvort niðurstöður þeirra samræmist viðeigandi ákvæðum mannréttindasáttmálans.⁴¹

Mannréttindadómstóllinn veitir aðildarríkjunum mismunandi mikið svigrúm eftir eðli þeirra álitamála sem reynir á. Hefur verið bent á að framkvæmd dómstólsins hafi ekki verið sérstaklega gagnsæ eða samræmd að þessu leyti.⁴² Það er ljóst að í sumum málaflokkum hefur aðildarríkjunum verið veitt meira svigrúm en öðrum.⁴³ Dómstóllinn veitir aðildarríkjunum til

³⁹ Svigrúm aðildarríkjanna til mats er reyndar ekki bundið við mat á því hvort takmörkun réttinda sé nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi sbr. 8.–11. gr. mannréttindasáttmálans, heldur getur það einnig komið til álita við beitingu annarra réttinda hans. Sjá m.a. Björg Thorarensen: „Um mörk endurskoðunarvalds Mannréttindadómstóls Evrópu í ljósi „fjórða stigs reglunnar““, bls. 66–75.

⁴⁰ Sjá MDE, *Handyside gegn Stóra-Bretlandi*, 7. desember 1976 (5493/72), 48.–49. mgr., sbr. Clare Ovey og Robin C.A. White: *Jacobs & White. The European Convention on Human Rights*, bls. 232 og David Harris o.fl.: *Law of the European Convention on Human Rights*, bls. 349.

⁴¹ MDE, *Axel Springer AG gegn Þýskalandi*, 7. febrúar 2012 (39954/08), 86. mgr.

⁴² Clare Ovey og Robin C.A. White: *Jacobs & White. The European Convention on Human Rights*, bls. 233.

⁴³ Clare Ovey og Robin C.A. White: *Jacobs & White. The European Convention on Human Rights*, bls. 234–239. Ef um er að ræða réttindi sem varða mikilvægan hluta tilvistar eða sjálfsmyndar einstaklings hefur dómstóllinn veitt takmarkað svigrúm, t.d. varðandi vernd einstaklings gegn kynferðislegu ofbeldi eða vernd gagna um heilsufar. Á hinn bóginn er svigrúm víðara ef löggjöf er sett til verndar siðgæði, enda leggja þjóðir þeirra ríkja sem eru aðilar að mannréttindasáttmálanum mismunandi viðmið til grundvallar á því sviði. Þá hefur einnig verið rætt um hvort svigrúm til mats sé mismunandi eftir því hvort til skoðunar séu jákvæðar eða neikvæðar skyldur aðildarríkjanna. Þjóðaröryggi, barnavernd og skipulagsmál eru dæmi um svið þar sem aðildarríkin hafa vítt svigrúm til mats.

að mynda meira svigrúm til mats við takmörkun á tjáningu er tengist markaðssetningu fyrirtækja en almennt á við um takmörkun tjáningarfrelsis.⁴⁴

Segja má að í þessu „svigrúmi“ felist að Mannréttindadómstóllinn haldi að sér höndum í vissum tilvikum þegar kemur að mati á því hvort skilyrðið um nauðsyn í lýðræðislegu þjóðfélagi sé uppfyllt. Hvað svo sem líður þeim rökum sem búa að baki þessari eftirgjöf dómstólsins, og í hvaða tilvikum hún er veitt,⁴⁵ er ljóst að rýmra svigrúm leiðir til þess að dómstóllinn kemst síður að þeirri niðurstöðu að brotið hafi verið gegn ákvæðum mannréttinasáttmálans. Frá sjónarhóli þeirra sem telja að dómstóllinn gangi of langt í endurskoðun sinni á athöfnum stofnana aðildarríkjanna er rýmra svigrúm því álitid jákvætt. Virðast slík viðhorf hafa notið nokkurs fylgis meðal sumra aðildarríkja. Sérstaklega hefur þeirra gætt síðastliðin ár á Bretlandi þar sem dómstóllinn hefur sætt nokkurri gagnrýni.⁴⁶

Í kjölfar ráðherrafundar Evrópuráðsins árið 2012 í Brighton var gefin út yfirlýsing þess efnis að stefnt skyldi að því að kveðið skyldi á um svokallaða nálægðarreglu og regluna um svigrúm til mats í formála mannréttinasáttmálans sjálfs. Árið 2013 hófu aðildarríki Evrópuráðsins að samþykkja 15. viðauka við mannréttinasáttmálann þar sem meðal annars er kveðið á um þessar breytingar. Þrátt fyrir að viðaukinn muni ekki koma til framkvæmda fyrr en öll aðildarríkin hafa samþykkt hann hafa fræðimenn bent á að tilkoma viðaukans og sú gagnrýni sem fram hefur komið á dómstóllinn haft áhrif á dóma hans síðastliðin ár í þá veru að rýmra svigrúm sé veitt til mats.⁴⁷

Dómaframkvæmd ber með sér að dómara Mannréttindadómstólsins hafa ekki verið sammála um það hversu rúmu svigrúmi skuli játað og þá sérstaklega í málum er varða árekstur tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs. Þannig hefur verið bent á að Mannréttindadómstóllinn hafi í fyrsta skipti í *MDE, MGN Limited gegn Stóra-Bretlandi, 18. janúar 2011 (39401/04)* beitt aðferð við úrlausn þar sem dómstóllinn haldi frekar að sér höndum við að endurskoða mat dómstóla aðildarríkjanna á því hvort meðalhófs hafi verið gætt í takmörkun réttinda.⁴⁸ Varðaði málið umfjöllun og myndbirtingu er laut að bataferli heimsfrægrar fyrirsætu eftir fíkniefnaneyslu. Dómstóllinn tók fram að í álitaefnum sem þessum hefðu aðildarríkin vítt svigrúm til mats, enda væru stofnanir þeirra í betri aðstöðu til að meta hvort brýn þörf væri til staðar sem réttlætti takmörkun réttinda. Dómstóllinn rakti síðan meðferð málsins fyrir breskum dómstólum og hvernig þarlendir dómara hefðu lagt mat á atvik málsins. Tók dómstóllinn fram að í ljósi þessa, og þess svigrúms sem aðildarríkin hefðu til mats, þyrfti mikið að koma til svo að dómstóllinn léti afstöðu sína til álitaefnisins koma í stað afstöðu breskra dómstóla:

⁴⁴ Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmíðlaréttur*, kafla 2.2.6.4.4 (Vernd viðskiptalegrar tjáningar), sbr. einnig Eiríkur Jónsson: *Mannréttindi lögaðila*, bls. 228–230.

⁴⁵ Sjá m.a. Oddný Mjöll Arnardóttir: „Rethinking the Two margins of Appreciation“. *European Constitutional Law Review*, 1. hefti 2016, bls. 27–53, Alastair Mowbray: „Subsidiarity and the European Convention on Human Rights“, bls. 314–320 og Dóra Guðmundsdóttir: „Mannréttindadómstóllinn. Nálægðarreglan og fullveldi sanningsaðila“, bls. 168–174.

⁴⁶ Róbert Spanó: „Universality or Diversity of Human Rights? Strasbourg in the Age of Subsidiarity“, bls. 487–488.

⁴⁷ Oddný Mjöll Arnardóttir: „Organised Retreat? The Move from „Substantive“ to „Procedural“ Review in the EctHR’s Case Law on the Margin of Appreciation“, bls. 3.

⁴⁸ Oddný Mjöll Arnardóttir: „Organised Retreat? The Move from „Substantive“ to „Procedural“ Review in the EctHR’s Case Law on the Margin of Appreciation“, bls. 13.

Against this background, the Court considers that, having regard to the margin of appreciation accorded to decisions of national courts in this context, the Court would require strong reasons to substitute its view for that of the final decision of the House of Lords.⁴⁹

Eins og bent var á í sératkvæði eins dómara var þessi afstaða meirihluta Mannréttindadómstólsins í málinu nokkuð á skjön við fyrri framkvæmd dómstólsins. Dómstóllinn hefði þvert á móti endurskoðað nokkuð ítarlega mat dómstóla aðildarríkjanna þegar 8. og 10. gr. sáttmálans sköruðust og reglulega látið sitt eigið mat ráða þegar dómstóllinn væri annarrar skoðunar en landsdómstólarnir.⁵⁰

Síðar sama ár kvað yfirdeild Mannréttindadómstólsins síðan upp dóm í *MDE, Palomo Sanches o.fl. gegn Spáni, 12. september 2011 (28955/06, 28957/06 og 28964/06)* er laut að fremur grófri og klámfenginni skopmyndateikningu sem birt hafði verið í fréttablaði. Var þar vísað til *MDE, MGN Limited gegn Stóra-Bretlandi, 18. janúar 2011 (39401/04)* um þá afstöðu dómstólsins að:

If the reasoning of the domestic courts' decisions concerning the limits of freedom of expression in cases involving a person's reputation is sufficient and consistent with the criteria established by the Court's case law, the Court would require strong reasons to substitute its view for that of the domestic courts.⁵¹

Aftur klofnaði dómstóllinn og fimm dómara skiluðu sameiginlegu sératkvæði. Meðal annars gerðu þeir athugasemd við að meirihluti dómara hefði ekki lagt eigið mat á atvik málsins, heldur frekar endurtekið rökstuðning spænskra dómstóla fyrir því að ekki hefði verið brotið gegn tjáningarfrelsi kæranda.

Þann 7. febrúar 2012 kvað yfirdeild Mannréttindadómstólsins síðan upp dóm í *MDE, Axel Springer AG gegn Þýskalandi, 7. febrúar 2012 (39954/08)*. Þar vísaði dómstóllinn til sama viðmiðs um svigrúm til mats og fram hafði komið í *MDE, MGN Limited gegn Stóra-Bretlandi, 18. janúar 2011 (39401/04)* og *MDE, Palomo Sanches o.fl. gegn Spáni, 12. september 2011 (28955/06, 28957/06 og 28964/06)*.⁵² Á hinn bóginn taldi dómstóllinn að í þessu tilviki hefði niðurstaða þýskra dómstóla ekki rúmast innan svigrúmsins. Klofnaði dómstóllinn enn á ný og taldi minnihlutinn að þessu sinni að dómstóllinn hefði gengið of langt í endurskoðun sinni á mati landsdómstólsins. Aðferðin var einnig notuð í *MDE, von Hannover gegn Þýskalandi (nr. 2), 7. febrúar 2012 (40660/08 og 60641/08)* en án þess að dómstóllinn klofnaði.

Líta má svo á að í þessum dómum Mannréttindadómstólsins hafi sú afstaða orðið ráðandi innan dómstólsins að hann kanni fyrst og fremst hvort dómstólar aðildarríkjanna hafi lagt mat á atvik í samræmi við þá aðferð sem dómstóllinn hefur mælt fyrir um og litið til tiltekinnar sjónarmiða þegar vegið er og metið hvort réttlætlegt hafi verið að takmarka tjáningarfrelsi með vísan til friðhelgi einkalífs. Hafi dómstóll aðildarríkis framkvæmt slíkt mat haldi Mannréttindadómstóllinn að sér höndum við að framkvæma nýtt mat á sömu sjónarmiðum.

⁴⁹ *MDE, MGN Limited gegn Stóra-Bretlandi 18. janúar 2011 (39401/04)*, bls. 150.

⁵⁰ Sératkvæði Davíðs Þórs Björgvinssonar, 5. mgr.

⁵¹ *MDE, Palomo Sanches o.fl. gegn Spáni, 12. september 2011 (28955/06, 28957/06 og 28964/06)*, 57. mgr.

⁵² *MDE, Axel Springer AG gegn Þýskalandi, 7. febrúar 2012 (39954/08)*, 88. mgr.

Endurskoðun Mannréttindadómstólsins sé því fremur formleg en efnisleg.⁵³ Dómstóllinn útilokar þó ekki að hann endurskoði efnislegt mat landsdómstólanna en sterkar ástæður þurfi þá að koma til. Framangreindir dómur bera það á hinn bóginn með sér að annars vegar hafi verið ágreiningur um það innan dómstólsins hvaða viðmiði skyldi beita þegar aðildarríkjum sáttmálans væri játað svigrúmi til mats og hins vegar um það hvernig beita skyldi viðmiðinu úr *MDE, MGN Limited gegn Stóra-Bretlandi, 18. janúar 2011 (39401/04)*. Þrátt fyrir þetta þykir enn ríkja nokkur óvissa um hversu skýr þróunin sé og virðast enn skiptar skoðanir um hana.⁵⁴

3.2.2.2 Svigrúm til mats í dómum Mannréttindadómstólsins um Ísland

Hafa verður framangreint í huga þegar þeir dómur sem eru viðfangsefni skýrslunnar eru skoðaðir. Allir dómarnir féllu eftir að Mannréttindadómstóllinn hóf að beita viðmiði sínu um rýmra svigrúm til mats, sbr. *MDE, MGN Limited gegn Stóra-Bretlandi, 18. janúar 2011 (39401/04)*. Greining á þeim dómum sem varða Ísland og hér eru til skoðunar leiðir á hinn bóginn í ljós að nokkur ár liðu áður en dómstóllinn hóf berum orðum að vísa til umrædds dóms í málum er vörðuðu Ísland. Skipta má dómunum í þrennt eftir því hvað Mannréttindadómstóllinn tiltók almennt um svigrúm aðildarríkjanna til mats á nauðsyn takmörkunar á tjáningarfrelsi.

Í fyrsta lagi má nefna dóma þar sem Mannréttindadómstóllinn beitti ekki viðmiðinu úr *MDE, MGN Limited gegn Stóra-Bretlandi, 18. janúar 2011 (39401/04)* eða vísaði í öllu falli ekki til þess. Raunar tók dómstóllinn þvert á móti fram að í málum er vörðuðu hlutverk fjölmiðla sem eftirlitsaðila í lýðræðislegum þjóðfélögum væri svigrúm aðildarríkjanna takmarkað eins og gert var í *MDE, Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (46443/09) (Goldfinger)* og *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (43389/10) (Strawberries)*.⁵⁵

Yfirdeild dómstólsins beitti síðan hinu rýmra viðmiði í *MDE, Palomo Sanches o.fl. gegn Spáni, 12. september 2011 (28955/06, 28957/06 og 28964/06)*, *MDE, Axel Springer AG gegn Þýskalandi, 7. febrúar 2012 (39954/08)* og *MDE, von Hannover gegn Þýskalandi (nr. 2), 7. febrúar 2012 (40660/08 og 60641/08)*. Tiltekið var að mikið þyrfti til að koma svo að dómstóllinn legði til grundvallar eigið mat á réttmæti skerðingar tjáningarfrelsis á grundvelli friðhelgi einkalífs.

Athyglisvert er að þrátt fyrir þetta virðist dómstóllinn hafa haldið áfram að beita því viðmiði sem hann hafði gert í fyrri dómum er vörðuðu Ísland. Í *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 2), 21. október 2014 (54125/10) (Byrgið)* og *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 3), 2. júní 2015 (54145/10) (Fíkniefnainnflutningur)* hélt dómstóllinn áfram að vísa til þess að svigrúm til mats væri þrengra í tilvikum þar sem reyndi á eftirlitshlutverk fjölmiðla í lýðræðislegum þjóðfélögum en bætti við að ef rökstuðningur landsdómstólanna væri ekki í nægjanlegum tengslum við þau viðmið sem Mannréttindadómstóllinn beitti væri svigrúm aðildarríkisins til mats þrengra en ella.⁵⁶

⁵³ Oddný Mjöll Arnardóttir: „The „Procedural Turn“ under the European Convention on Human Rights and Presumptions of Convention Compliance“, bls. 20. Um þetta má síðan einnig sjá Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, kafla 2.4 (Matið á mörkum tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs).

⁵⁴ Dóra Guðmundsdóttir: „Mannréttindadómstóllinn. Nálægðarreglan og fullveldi sammingsaðila“, bls. 174.

⁵⁵ *MDE, Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (46443/09) (Goldfinger)*, 65. mgr. og *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (43389/10) (Strawberries)*, 59. mgr.

⁵⁶ *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 2), 21. október 2014 (54125/10) (Byrgið)*, 54. mgr. og *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 3), 2. júní 2015 (54145/10) (Fíkniefnainnflutningur)*, 59. mgr.

Í þessum síðarnefndu dómum vísaði dómstóllinn fremur til *MDE, Animal Defenders International gegn Stóra-Bretlandi*, 22. apríl 2013 (48876/08) sem fordæmis en til *MDE, Palomo Sanches o.fl. gegn Spáni*, 12. september 2011 (28955/06, 28957/06 eða 28964/06) eða *MDE, MGN Limited gegn Stóra-Bretlandi*, 18. janúar 2011 (39401/04).⁵⁷ Í umræddum *MDE, Animal Defenders International gegn Stóra-Bretlandi*, 22. apríl 2013 (48876/08) tók dómstóllinn fram að svigrúm aðildarríkisins til mats væri þröngt. Varðaði málið almennar takmarkanir í lögum á auglýsingum sem vörðuðu málefni sem teldust til stjórn mála. Vísaði dómstóllinn til þess að málið varðaði skorður á rökræður um málefni sem varðaði almenning og á fjölmiðla sem hefðu eftirlitshlutverk í lýðræðislegum þjóðfélögum. Frjáls félagasamtök hefðu einnig svipuðu mikilvægu hlutverki að gegna. Þrátt fyrir að svigrúmið væri afmarkað þröngt var breska ríkið sýknað.⁵⁸

Svo virðist sem að í *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi* (nr. 3), 2. júní 2015 (54145/10) (*Fíkniefnainnflutningur*) hafi Mannréttindadómstóllinn viljað aðgreina það mál frá *MDE, MGN Limited gegn Stóra-Bretlandi*, 18. janúar 2011 (39401/04) og *MDE, Axel Springer AG gegn Þýskalandi*, 7. febrúar 2012 (39954/08) með tilvísun til þess þrönga svigrúms sem beitt hafði verið í *MDE, Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi*, 10. júlí 2012 (46443/09) (*Goldfinger*). Vísaði dómstóllinn til þess að í þessum málum er vörðuðu Ísland væri um að ræða tjáningarfrelstakmarkanir sem væru til þess fallnar að fæla fjölmiðla frá því að fjalla um mál sem vörðuðu almannahagsmuni og þess vegna skyldi svigrúm til mats vera takmarkað.⁵⁹

Í öðru lagi eru dómar þar sem Mannréttindadómstóllinn tiltók ekki skýrt hvaða viðmiði hann beitti um svigrúm aðildarríkjanna til mats. Í þennan flokk falla *MDE, Steingrímur Sævarr Ólafsson gegn Íslandi*, 16. mars 2017 (58493/13) (*Frambjóðandi til stjórnlagabings*) og *MDE, Reynir Traustason o.fl. gegn Íslandi*, 4. maí 2017 (44801/13) (*Kæra til lögreglu*). Hvorki var tiltekið að svigrúm til mats væri takmarkað, eins og gert var í fyrri dómunum, né að mikið þyrfti til að koma til að dómstóllinn legði eigið mat til grundvallar í stað mats landsdómstólanna að því tilskildu að landsdómstólar hefðu yfirhöfuð metið atvik með aðferð Mannréttindadómstólsins.

Í þriðja lagi eru dómar þar sem Mannréttindadómstóllinn vísaði til viðmiðsins úr *MDE, MGN Limited gegn Stóra-Bretlandi*, 18. janúar 2011 (39401/04). Á þetta bæði við um *MDE, Ólafur Arnarson gegn Íslandi*, 13. júní 2017 (58781/13) (*LÍÚ og AMX*) og *MDE, Svavar Halldórsson gegn Íslandi*, 4. júlí 2017 (44322/13) (*Fons og Panama*). Í báðum málunum vísaði dómstóllinn til þeirra dóma þar sem viðmiðinu úr *MDE, MGN Limited gegn Stóra-Bretlandi*, 18. janúar 2011 (39401/04) hafði verið slegið föstu. Lyktaði þessum málum með því að íslenska ríkið var sýknað.

Að því gefnu að túlka megi dóma Mannréttindadómstólsins á þann veg að frá og með árunum 2011 og 2012 hafi dómstóllinn byrjað að veita aðildarríkjunum rýmra svigrúm til mats en áður má spyrja hvaða þýðingu það hafi við greiningu þeirra mála er varða Ísland á árunum 2012 til 2017 að dómstóllinn hafi fjallað svo mismunandi um það svigrúm til mats sem hann

⁵⁷ Sjá einnig um þetta: Oddný Mjöll Arnardóttir: „Organised Retreat? The Move from „Substantive“ to „Procedural“ Review in the EctHR’s Case Law on the Margin of Appreciation“, bls. 13, neðanmálgrein 66.

⁵⁸ Sjá um málið hjá Oddný Mjöll Arnardóttir: „Organised Retreat? The Move from „Substantive“ to „Procedural“ Review in the EctHR’s Case Law on the Margin of Appreciation“, bls. 14–19 og Róbert Spanó: „Universality or Diversity of Human Rights? Strasbourg in the Age of Subsidiarity“, bls. 497–499.

⁵⁹ *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi* (nr. 3), 2. júní 2015 (54145/10) (*Fíkniefnainnflutningur*), 69. mgr. Sjá hér Dóra Guðmundsdóttir: „Mannréttindadómstóllinn. Nálægðarreglan og fullveldi sammingsaðila“, bls. 181.

játaði aðildarríkjunum. Fátt í forsendum dómanna skýrir hvers vegna umfjöllun dómstólsins um þetta atriði er svo mismunandi. Að því marki sem tiltekið var að svigrúmið væri takmarkað, þar sem um væri að ræða tjáningu sem hefði erindi við almenning, verður að gæta að því að þetta átti í raun við um öll málin sem hér eru til skoðunar. Er því varhugavert að draga þá ályktun að ólík atvik málanna skýri mismunandi viðmið dómstólsins. Nærtækara er að viðhorfsbreyting hafi átt sér stað innan Mannréttindadómstólsins, í þá veru að játa yrði aðildarríkjunum rýmra svigrúm til mats, um það leyti sem fyrstu dómarnir voru kveðnir upp í málum er vörðuðu tjáningarfrelsi blaðamanna á Íslandi. Dómarar dómstólsins hafi í auknum mæli litið svo á að þeirra hlutverk væri að ganga úr skugga um að innanlandsdómstólar hefðu framkvæmt mat í samræmi við dómafordæmi Mannréttindadómstólsins fremur en að endurskoða matið sjálft. Breytileiki í forsendum er varða Ísland varpi því ljósi á þróun viðhorfa innan dómstólsins fremur en að málin sem slík hafi verið ólík.

Spyrja má hvaða þýðingu þessi þróun hafði fyrir niðurstöður málanna sem hér eru til skoðunar. Er unnt að álykta sem svo að íslenska ríkið hafi verið sýknað í nýjustu dómunum vegna þess eins að Mannréttindadómstóllinn hafi veitt rýmra svigrúm til mats en áður? Þar sem atvik málanna eru ólík er í raun ómögulegt að fullyrða nokkuð um þetta. Þeir íslensku dómar sem Mannréttindadómstóllinn fékk til skoðunar eru líka mismunandi og eins og rakið verður hér á eftir má færa fyrir því rök að nýrri dómarnir hafi betur samræmst dómafordæmum Mannréttindadómstólsins. Er því varhugavert að álykta að einungis breytt framkvæmd Mannréttindadómstólsins hafi ráðið því að sýknað var í yngstu málunum.

Á hinn bóginn er athyglisvert að í sumum þeirra dóma þar sem dómstóllinn vísaði til þess að svigrúm til mats væri takmarkað gekk hann tiltölulega langt í að leggja eigið mat á atvik mála sem var andstætt mati íslenskra dómstóla.

- Í *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (43389/10) (Strawberries)* var Mannréttindadómstóllinn ósammála héraðsdómi um það hvaða ályktanir mætti draga af ummælum um að eigandi Strawberries væri „með litháísku mafíuna“ á staðnum og þess vegna kæmi enginn þangað „með stæla“. Héraðsdómur taldi að með þessu væri staðhæft að viðkomandi væri „með skipulögð alþjóðleg glæpasamtök á sínum snærum“. Mannréttindadómstóllinn taldi að þessi ályktun um efni ummælanna hefði verið ósannfærandi. Taldi dómstóllinn að frekari skýringu hefði hvoru tveggja þurft á því hvernig hin umdeildu ummæli hefðu falið í sér að viðkomandi hefði verið með umrædd glæpasamtök „á sínum snærum“ og að þau væru „alþjóðleg“. Mannréttindadómstóllinn taldi að rökstuðningur héraðsdóms væri ósannfærandi að þessu leyti og af þessum sökum væri ástæða til að efast um að réttmætar (e. relevant) ástæður hefðu búið að baki takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda. Dómstóllinn fjallaði síðan um það hvort nægjanlegar ástæður hefðu verið fyrir takmörkuninni þótt fallist væri á að takmörkunin stefndi að þessu markmiði. Skortur á slíkri skýringu réði sýnilega þónokkru um að íslenska ríkið var dæmt brotlegt við sáttmálann.
- Í *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 2), 21. október 2014 (54125/10) (Byrgið)* lá til grundvallar að Hæstiréttur Íslands hafði metið það svo að í ummælunum „ekki við hæfi að sú sem veiðir fyrir hann vinni fyrir grunnskóla“ fælist staðhæfing um að viðkomandi eiginkona forstöðumanns meðferðarheimilis hefði gerst sek um refsivert athæfi. Hefði ekki verið um gildisdóm að ræða. Mannréttindadómstóllinn fann hins

vegar að því að Hæstiréttur hefði ekki útskýrt það sérstaklega hvernig venjulegur lesandi gæti skilið orðalagið „sú sem veiðir fyrir hann“ sem ásökun um refsivert brot. Benti dómstóllinn sérstaklega á að Hæstiréttur hefði hvorki vísað til tiltekins hegningarlagaákvæðis né verknaðarlýsingar þegar rétturinn komst að niðurstöðu sinni. Með vísan til þessa lýsti Mannréttindadómstóllinn því að hann væri ekki sannfærður um að röksemdir sem Hæstiréttur hefði notað styddu það yfirlýsta markmið tjáningarfrelsisserðingarinnar að vernda æru konunnar sem taldi á sér brotið. Þá taldi dómstóllinn að í ljósi atvika málsins hefði verið rétt að meta ummælin sem gildishlaðna lýsingu á fyrirbyggjandi staðreyndum fremur en hreina staðhæfingu um staðreyndir.

- Í *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 3), 2. júní 2015 (54145/10) (Fíkniefnainnflutningur)* voru atvik þannig að Hæstiréttur Íslands hafði metið ummæli í frétt um að sakborningur hefði tekið bifreið „í þeirri trú að kókaínið væri á sínum stað“ svo að þau fælu í sér staðhæfingu blaðamanns. Tók Hæstiréttur fram að þetta hefði verið staðhæft án nokkurs efnislegs fyrirvara um að þær staðhæfingar væru reistar á ákæru á hendur sakborningnum. Mannréttindadómstóllinn var ósammála þessu mati Hæstaréttar og vísaði til þess að ekkert benti til þess að önnur heimild en ákæran í málinu hefði legið til grundvallar staðhæfingunni, þar sem dómkröfum ákæruvaldsins hefði verið lýst í næstu efnisgrein á undan þeirri þar sem hin umdeildu ummæli hefðu komið fram auk þess að ljóst mætti vera af fréttinni í heild að dómsmálinu gegn ákærða væri ekki lokið. Hefði venjulegur lesandi því mátt ætla að staðhæfingin væri í raun aðeins lýsing á málatilbúnaði ákæruvaldsins.⁶⁰
- Í *MDE, Reynir Traustason o.fl. gegn Íslandi, 4. maí 2017 (44801/13) (Kæra til lögreglu)* voru atvik þannig að Hæstiréttur Íslands hafði metið það svo að staðhæfingar um að lögregla væri að „rannsaka“ tiltekinn mann og að hann væri „flæktur í lögreglurannsókn“ væru rangar, enda hefði maðurinn aðeins verið kærður til lögreglu og formleg rannsókn ekki hafin. Þá hefði fjölmiðillinn ekki leiðrétt staðhæfingar sínar þegar réttar upplýsingar voru látnar honum í té. Mannréttindadómstóllinn taldi á hinn bóginn að þegar efni fréttarinnar væri skoðað í heild sinni yrði ekki annað talið en að hún hefði endurspeglad þær staðreyndir sem lágu fyrir fjölmiðlinum þegar fréttin var unnin og að þær kröfur yrðu ekki gerðar til blaðamanna að þeir gerðu greinarmun á því að mál einstaklings væri til skoðunar hjá lögreglu eða til rannsókna. Í því sambandi vísaði dómstóllinn meðal annars til tilkynningar frá embætti sérstaks saksóknara sem var dagsett eftir að íslenskir dómstólar höfðu kveðið upp dóm sinn, þar sem fram kom að á einhverjum tímapunkti hefði málið síðar verið tekið til formlegrar rannsóknar.

Framangreind dæmi eru þess eðlis að ef til vill má færa rök fyrir því að endurskoðun Mannréttindadómstólsins hafi gengið nokkuð lengra en viðmiðið sem tiltekið var í *MDE, MGN Limited gegn Stóra-Bretlandi, 18. janúar 2011 (39401/04)*, það er að Mannréttindadómstóllinn legði ekki eigið mat á atriði sem innanlandsdómstólar hefðu metið

⁶⁰ Stefán Már Stefánsson hefur bent á að Mannréttindadómstóllinn hafi gengið býsna langt í efnislegri endurskoðun sinni í umræddu máli, sjá einkum Stefán Már Stefánsson: „Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Erlu Hlynsdóttur gegn Íslandi (nr. 3) frá 2. júní 2015“, bls. 696–697.

nema sterkar ástæður kæmu til. Þannig virðist dómstóllinn hafa lagt annan skilning í ummæli sem birtust í íslenskum fjölmiðlum en Hæstiréttur Íslands hafði gert. Lagði dómstóllinn þannig eigið mat til grundvallar á efni tjáningar þótt Hæstiréttur hefði framkvæmt slíkt mat. Aftur á móti virðist sem Mannréttindadómstóllinn hafi í eftirfarandi máli beitt annars konar athugun en sérstaklega var vísað til *MDE, MGN Limited gegn Stóra-Bretlandi, 18. janúar 2011 (39401/04)* varðandi svigrúm til mats:

- Í *MDE, Svavar Halldórsson gegn Íslandi, 4. júlí 2017 (44322/13) (Fons og Panama)* hafði Hæstiréttur slegið því föstu að með frétt þeirri, er málið laut að, hefði þekktum manni í viðskiptalífínu verið borin á brún „háttsemi sem er refsiverð og fellur undir ákvæði almennra hegningarlaga nr. 19/1940“. Þótt hvorki væri vísað til hegningarlagaákvæðis né verknadarlýsingar í dómi Hæstaréttar lét Mannréttindadómstóllinn nægja að tiltaka að hann sæi ekki ástæðu til að draga þetta mat Hæstaréttar í efa. Í dómi sínum vék Hæstiréttur sérstaklega að því að fjölmiðlar hefðu mikilvægu hlutverki að gegna við miðlun upplýsinga og skoðana um þjóðhagsleg málefni. Rétturinn vék á hinn bóginn ekki að stöðu þess einstaklings sem höfðaði málið gegn blaðamanninum og hvort hann hefði vegna þátttöku sinnar í viðskiptalífínu gefið kost á að fremur yrði fjallað um hann á opinberum vettvangi en um einstaklinga almennt. Mannréttindadómstóllinn sá ekki ástæðu til að gera athugasemd við það þótt Hæstiréttur hefði ekki tekið afstöðu til þessa sjónarmiðs. Taldi dómstóllinn að nægjanlega væri sýnt fram á, með almennri tilvísun til forsendna Hæstaréttar og umfjöllunar héraðsdóms, að Hæstiréttur hefði í raun lagt mat á stöðu viðkomandi og talið hann vera opinbera persónu. Kærandi í málinu hafði aflað gagna um umrædda gjörninga og rannsókn á þeim frá ákærvaldinu en Mannréttindadómstóllinn benti á að þeirra hefði ekki verið aflað fyrr en eftir að dómsmálið hafði verið til lykta leitt á Íslandi og staðfesti aðeins að viðskiptin hefðu verið tilkynnt og væru til rannsóknar.

3.2.3 Skýrari aðgreining ólíkra sjónarmiða

Samkvæmt framangreindu endurskoðar Mannréttindadómstóllinn ekki mat stofnana aðildarríkja Mannréttindasáttmálans ef sýnt er að matið hafi verið framkvæmt í samræmi við þau sjónarmið sem leiða má af fordæmum dómstólsins. Af þessu má draga þá ályktun að athugun dómstólsins fari þannig fram að dómstóllinn meti fyrst hvort stofnanir aðildarríkjanna, yfirleitt dómstólar, hafi tekið umrædd sjónarmið með í reikninginn þegar lagt var mat á nauðsyn takmarkana á tjáningarfrelsi í lýðræðislegu þjóðfélagi. Hafi slíkt mat verið framkvæmt þurfi mikið til að koma, eða ríkar ástæður, svo að dómstóllinn dragi matið í efa, enda séu stofnanir aðildarríkjanna í betri aðstöðu til þess. Svigrúm aðildarríkjanna sé því minna ef á það skorti að tekin hafi verið afstaða til umræddra sjónarmiða.

Samhliða því að dómstóllinn virðist hafa játað aðildarríkjunum rýmra svigrúmi til mats fór hann á skýrari hátt en áður að greina á milli þeirra sjónarmiða sem skiptu máli við matið. Gerði yfirdeild dómstólsins þetta sérstaklega í *MDE, Axel Springer AG gegn Pýskalandi, 7. febrúar 2012 (39954/08)* þar sem hin ólíku sjónarmið voru útskýrð áður en matið var hvort innanlandsdómstólar hefðu tekið afstöðu til þeirra. Í síðari dómum hefur verið vísað til þessa dóms um tilvist og skýringu viðmiðanna en síðan lagt mat á afstöðu stofnana aðildarríkjanna til hvers og eins sjónarmiðs.

Umrædd sjónarmið eru eftirfarandi:

- Framlag til almennrar umræðu: Dómstóllinn hefur litið svo á að framlag til almennrar umræðu njóti ríkari verndar en önnur tjáning. Hefur dómstóllinn áréttað að ekki sé áskilið að framlag til almennrar umræðu lúti að stjórnámálum eða glæpum. Íþróttir og listir falla líka undir hugtakið. Á hinn bóginn er orðrómur um hjónabandsvandamál stjórnámálamanns eða frægs söngvara ekki slíkt framlag.
- Staða þess einstaklings sem fjallað er um: Tengt sjónarmiðinu um framlag til almennrar umræðu er það hvort sá einstaklingur sem er viðfangsefni umfjöllunar sé opinber persóna. Gera verður greinarmun á einstaklingi sem ekki er þekktur og þeim sem almennt kemur fram á opinberum vettvangi og þá sérstaklega þegar í hlut eiga þeir sem koma fram fyrir hönd almennings. Á hinn bóginn geta upplýsingar um opinbera persónu verið þess eðlis að tjáning þeirra njóti ekki verndar, til dæmis ef ljóstrað er upp um atriði úr einkalífi hennar einungis til að svala forvitni tiltekins lesendahóps.
- Fyrri hegðun þess sem fjallað er um: Máli skiptir hvort sá sem fjallað er um hafi á einhvern hátt komið upplýsingum á framfæri sem réttlæti að fjallað sé um þær. Þó er ekki unnt að líta svo á að fyrri samvinna svipti einstaklinga allri vernd gagnvart tjáningu um þá.
- Efni, form og afleiðingar efnis: Dómstóllinn tók fram að framsetning efnis gæti skipt máli við matið. Í síðari dómum hefur dómstóllinn fjallað um þá spurningu hvort staðhæfing hafi falið í sér gildisdóm eða staðhæfingu um staðreyndir undir þessu viðmiði.⁶¹
- Aðferð við að afla upplýsinga og sannreyna þær: Dómstóllinn hefur áréttað að sú vernd sem fjölmiðlar njóta samkvæmt 10. gr. mannréttindasáttmálans til að fjalla um málefni sem séu mikilvæg fyrir almenning sé háð því að fréttaoöflun fari fram í góðri trú, sé reist á traustum staðreyndalegum grunni og veiti áreiðanlegar og nákvæmar upplýsingar í samræmi við siðareglur blaðamanna.
- Þyngd viðurlaga: Þyngd viðurlaga skiptir máli við mat á því hvort meðalhófs hafi verið gætt við takmörkun á tjáningarfrelsi.

Í *MDE, Axel Springer AG gegn Þýskalandi*, 7. febrúar 2012 (39954/08) og fleiri málum sem komu í kjölfarið fjallaði dómstóllinn um það, hvernig dómstólar aðildarríkjanna höfðu tekið afstöðu til viðmiðanna, með því að greina umfjöllun sína í kafla í samræmi við viðmiðin.

Á hinn bóginn var ekki í fyrstu leyst úr öllum málum er vörðuðu Ísland með þessum hætti. Eðli málsins samkvæmt var það ekki gert í fyrstu tveimur málunum, það er *MDE, Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi*, 10. júlí 2012 (46443/09) (*Goldfinger*) og *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi*, 10. júlí 2012 (43389/10) (*Strawberries*), enda voru þeir dómur kveðnir upp nokkru fyrir.

Í *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi* (nr. 2), 21. október 2014 (54125/10) (*Byrgið*) og *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi* (nr. 3), 2. júní 2015 (54145/10) (*Fíkniefnainnflutningur*) og *MDE, Steingrímur Sævarr Ólafsson gegn Íslandi*, 16. mars 2017 (58493/13) (*Frambjóðandi til stjórnlagabings*) var vísað til viðmiðanna en ekki fjallað um þau kerfisbundið í sérstökum köflum.

⁶¹ *MDE, Ólafur Arnarson gegn Íslandi*, 13. júní 2017 (58781/13) (*LÍÚ og AMX*), 37. mgr.

Í *MDE, Reynir Traustason o.fl. gegn Íslandi, 4. maí 2017 (44801/13) (Kæra til lögreglu)*, *MDE, Ólafur Arnarson gegn Íslandi, 13. júní 2017 (58781/13) (LÍÚ og AMX)* og *MDE, Svavar Halldórsson gegn Íslandi, 4. júlí 2017 (44322/13) (Fons og Panama)* var hvoru tveggja vísað til viðmiðanna og tekin afstaða til þeirra kerfisbundið í sérstökum köflum.

Að þessu leyti er uppbygging þeirra dóma Mannréttindadómstólsins sem hér eru til skoðunar mismunandi. Þannig er ljóst að þau sjónarmið sem Mannréttindadómstóllinn vísaði til í *MDE, Axel Springer AG gegn Þýskalandi, 7. febrúar 2012 (39954/08)* hafa alltaf skipt máli við mat á því hvort tjáningarfrelsisstakmörkun hafi verið réttlæt看anleg en á hinn bóginn er oft óljóst hvernig hin ólíku sjónarmið spila saman í mati dómstólsins. Þannig virðast sjónarmiðin um framlag efnis til almennrar umræðu, stöðu þess sem fjallað er um og atferli hans í aðdraganda umfjöllunar tengjast náið. Eiga þessi sjónarmið það sammerkt að þau tengjast ytra samhengi umfjöllunar, í þeim skilningi að þau varða ekki vinnubrögð blaðamannsins heldur tilefni fréttar og stöðu og hegðun þess einstaklings sem fjallað er um og þá með hliðsjón af tengslum þessara atriða við hagsmuni almennings.

Á hinn bóginn lúta sjónarmiðin um aðferð við að afla upplýsinga og sannreyna þær og efni, form og afleiðingar umfjöllunar fremur að vinnubrögðum blaðamannsins eða þess sem setur fram tjáninguna. Áður en dómstóllinn hóf að vísa til flokkunarinnar í *MDE, Axel Springer AG gegn Þýskalandi, 7. febrúar 2012 (39954/08)* virðist sem þessi tvö sjónarmið hafi að mestu runnið saman og eitt heildarmat hafi verið lagt á það hvort framsetning efnis og vinnubrögð blaðamannsins til að sannreyna efnið hafi verið metin í einu lagi. Eins og eftirfarandi umfjöllun ber með sér er líka oft erfitt að greina þarna á milli þótt flokkunin í framangreindum dómi sé notuð. Að því er varðar efni, form og afleiðingar efnis virðist útgangspunktur dómstólsins vera hvort blaðamaður hafi verið í góðri trú um réttmæti þeirra staðhæfinga sem fram eru settar. Að sama skapi virðist sá mælikvarði notaður þegar metin eru vinnubrögð við öflun upplýsinga og staðreynd þeirra.

3.3 Að hvaða leyti var afstaða íslenskra dómstóla í ósamræmi við aðferð Mannréttindadómstóls Evrópu?

3.3.1 Framlag til almennrar umræðu

Við mat á því hvort tjáningarfrelsisstakmörkun sé nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi hefur Mannréttindadómstóllinn margsinnis vísað til þess að framlag til almennrar umræðu njóti ríkari verndar en önnur tjáning. Með þessu er átt við að síður sé heimilt að takmarka frelsi til tjáningar sem varðar hagsmuni almennings í víðum skilningi. Opinberar stofnanir þurfa að geta þolað gagnrýna umræðu og stjórnámálamenn einnig, þótt þeir njóti einnig æruverndar.⁶² Gagnrýni á störf manna getur þó gengið of langt og það getur verið réttlæt看anlegt að takmarka rétt manna til að setja fram ásakanir að ófyrirsynju um nafngreinda starfsmenn.⁶³ Umfjöllun um íþróttir og listir, og þá sem þær stunda, getur einnig varðað almenning.⁶⁴

Fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu í *MDE, Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (46443/09) (Goldfinger)* og *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (43389/10) (Strawberries)* hélt íslenska ríkið því fram að þær greinar sem málin lytu að hefðu ekki varðað umræðu sem væri mikilvæg fyrir almenning. Þessu var Mannréttindadómstóllinn ósammála.

⁶² Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“. *Mannréttindasáttmáli Evrópu*, bls. 371

⁶³ Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“. *Mannréttindasáttmáli Evrópu*, bls. 372, sbr. *MDE, Pedersen og Baadsgaard gegn Danmörku, 17. desember 2004 (49017/99)*.

⁶⁴ *MDE, Axel Springer AG gegn Þýskalandi, 7. febrúar 2012 (39954/08)*, 90. mgr.

Vísaði dómstóllinn til þess að í ýmsum fjölmiðlum á Íslandi hefði farið fram umræða um hvort takmarka ætti heimildir nektardansstaða til að fá að starfa og um tengsl slíkrar starfsemi við vændi. Hvorki yrði séð af forsendum *Hrd. 5. mars 2009 (328/2008) (Goldfinger)* né dómi *Héraðsdóms Reykjavíkur 21. desember 2009 (E-5265) (Strawberries)* að þessir þættir hefðu haft áhrif á mat íslenskra dómstóla.⁶⁵

Í *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 2), 21. október 2014 (54125/10) (Byrgið)* tók Mannréttindadómstóllinn fram að enginn vafi léki á að efnið sem væri til umfjöllunar hefði varðað almannahagsmuni.⁶⁶ Málið varðaði háttsemi forstöðumanns meðferðarheimilis og eiginkonu hans gagnvart vistkonum á heimilinu en forstöðumaðurinn var dæmdur til refsingar fyrir háttsemi sína. Í *Hrd. 18. febrúar 2010 (104/2009) (Byrgið)* hafði Hæstiréttur ekki tekið afstöðu til þess hvort umfjöllunin hefði verið innlegg í almenna umræðu og gerði Mannréttindadómstóllinn skort á slíkri umfjöllun ekki að umfjöllunarefni í sínum dómi.

Í *Hrd. 11. mars 2010 (454/2009) (Fíkniefnainnflutningur)* hafði Hæstiréttur tekið fram að umfjöllunin sem deilt væri um hefði lotið að „alvarlegu sakamáli, sem rekið var fyrir dómi í heyranda hljóði“ og að fjölmiðlar hefðu frelsi samkvæmt 73. gr. stjórnarskrárinnar til að fjalla um málið. Að öðru leyti var ekki vikið að því í dóminum hvaða þýðingu umfjöllunin hefði fyrir almenna umræðu. Í *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 3), 2. júní 2015 (54145/10) (Fíkniefnainnflutningur)* vísaði Mannréttindadómstóllinn til þessarar afstöðu Hæstaréttar og benti auk þess á að umrætt sakamál hefði verið eitt það stærsta sinnar tegundar á Íslandi og varðað alvarlegar sakargiftir. Dómstóllinn sló því föstu að almenningur hefði haft lögvarða hagsmuni af því að fá upplýsingar um málið þegar hin umdeilda umfjöllun kom út.⁶⁷

Í *Hrd. 21. febrúar 2013 (525/2012) (Frambjóðandi til stjórnlagabings)* hafði Hæstiréttur fallist á með ritstjóra *Pressunnar* að frambjóðendur til trúnaðarstarfa í þágu almennings yrðu að þola umræðu á opinberum vettvangi sem snerti hæfni þeirra og eiginleika og hvort þeir væru traustsins verðir að axla slíka ábyrgð. Mannréttindadómstóllinn gerði þessa niðurstöðu Hæstaréttar ekki að umtalsefni í *MDE, Steingrímur Sævarr Ólafsson gegn Íslandi, 16. mars 2017 (58493/13) (Frambjóðandi til stjórnlagabings)* heldur dró sjálfur sömu ályktun. Auk þessa bætti Mannréttindadómstóllinn við að kynferðislegt ofbeldi gegn börnum væri málefni sem varðaði almenning. Með vísan til þessa var fallist á með kæranda að almenningur hefði lögvarða hagsmuni af því að fá upplýsingar um viðkomandi frambjóðanda og ásakanir um kynferðisofbeldi gegn börnum.⁶⁸

Í *Hrd. 6. desember 2012 (314/2012) (Kæra til lögreglu)* hafði Hæstiréttur Íslands ekki vikið að því hvaða erindi hin umdeilda umfjöllun ætti við almenning. Það hafði heldur ekki verið gert í dómi héraðsdóms sem vísað var til í dómi Hæstaréttar með athugasemd. Í héraðsdómi var með almennum hætti tekið fram að þegar ákvörðuð væru mörk tjáningarfrelsis yrði að líta til þess að tryggja þyrfti að fram gæti farið þjóðfélagsleg umræða. Mannréttindadómstóllinn taldi í *MDE, Reynir Traustason o.fl. gegn Íslandi, 4. maí 2017 (44801/13) (Kæra til lögreglu)* óljóst hvaða þýðingu þetta hefði haft fyrir niðurstöðu íslenskra dómstóla. Vísaði Mannréttindadómstóllinn sjálfur til þess að málefni fyrirtækisins, sem hin umdeilda umfjöllun

⁶⁵ *MDE, Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (46443/09) (Goldfinger)*, 67. mgr. og *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (43389/10) (Strawberries)*, 64. mgr.

⁶⁶ *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 2), 21. október 2014 (54125/10) (Byrgið)*, 60. mgr.

⁶⁷ *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 3), 2. júní 2015 (54145/10) (Fíkniefnainnflutningur)*, 68. mgr.

⁶⁸ *MDE, Steingrímur Sævarr Ólafsson gegn Íslandi, 16. mars 2017 (58493/13) (Frambjóðandi til stjórnlagabings)*, 50. mgr.

laut að, hefðu áður verið í fréttum. Í ljósi þessa taldi Mannréttindadómstóllinn að grunur á glæpsamlegu athæfi stjórnarmanna félagsins væri efni sem almenningur hefði hagsmuni af að kynna sér auk þess sem málið varðaði eftirleik íslenska efnahagshrunsins.⁶⁹

Í dómi *Héraðsdóms Reykjaness 29. nóvember 2012 (E-23/2012) (LÍÚ og AMX)* hafði héraðsdómur rakið að miklar umræður hefðu farið fram um kosti og galla núverandi fiskveiðistjórnunarkerfis og að skiptar skoðanir væru um það í þjóðfélaginu, enda væri um að ræða mikið hagsmunamál þar sem sjávarútvegur væri ein helsta og mikilvægasta undirstöðuáttvinnugrein landsins. Rakið var að báðir aðilar dómsmálsins hefðu tekið þátt í þessari umræðu. Í *MDE, Ólafur Arnarson gegn Íslandi, 13. júní 2017 (58781/13) (LÍÚ og AMX)* vísaði Mannréttindadómstóllinn til þessarar umfjöllunar héraðsdóms í niðurstöðu sinni og taldi hana fullnægjandi. Þá var bent á að íslenska ríkið drægi þessa niðurstöðu ekki í efa.⁷⁰

Í *Hrd. 15. nóvember (69/2012) (Fons og Panama)* hafði Hæstiréttur rakið að fjölmiðlar hefðu mikilvægu hlutverki að gegna við miðlun upplýsinga og skoðana um þjóðfélagsleg málefni. Almenningur ætti rétt á að fá upplýsingar sem slík málefni vörðuðu og þyrftu sérstaklega ríkar ástæður að vera fyrir því að skerðing á frelsi fjölmiðla gæti talist nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi. Þá var vísað til þess að það hrun sem hefði orðið í íslensku efnahagslífi við fall íslensku viðskiptabankanna þriggja haustið 2008 hefði haft mikil og almenn áhrif á alla starfsemi í landinu og kjör almennings. Opinber umræða og umfjöllun fjölmiðla hefði frá þeim tíma mjög snúist um að greina aðdraganda og orsakir þess hvernig fór og hefði umfjöllun um fjárhagsleg málefni einstakra manna oft verið nærgöngul. Mannréttindadómstóllinn taldi í *MDE, Svavar Halldórsson gegn Íslandi, 4. júlí 2017 (44322/13) (Fons og Panama)* þessa umfjöllun Hæstaréttar sýna að rétturinn hefði metið framlag hinnar umdeildu umfjöllunar til umræðu sem varðaði almannahagsmuni þegar vegið var réttmæti takmörkunar á tjáningarfrelsi.⁷¹

3.3.2 Staða og undanfarandi hegðun þess einstaklings sem fjallað er um

Tengt sjónarmiðinu um framlag til umræðu sem varðar almannahagsmuni er það hvort sá einstaklingur sem er viðfangsefni umfjöllunar sé opinber persóna. Þegar metið er hvort heimilt sé að takmarka tjáningarfrelsi á grundvelli friðhelgi einkalífs hefur Mannréttindadómstóllinn gert greinarmun á því hvort tjáning sé um opinbera persónu eða einstakling sem annars ekki er þekktur. Þá er miðað við að almennt sé frekar heimilt að fjalla um opinberar persónur en einstaklinga sem ekki eru þekktir. Þannig kann að vera heimilt að fjalla um einkalíf stjórnmalamanna, þótt hið sama myndi ekki eiga við um almennan borgara.⁷² Til að mynda kann að vera heimilt að fjalla um persónulega eiginleika stjórnmalamanns þegar þeir varða hæfileika hans til að gegna opinberu embætti.⁷³

Við fyrstu sýn kann þetta sjónarmið að virðast nátengt sjónarmiðinu um það hvort umfjöllun sé innlegg í umræðu sem varðar almannahagsmuni. Munurinn er fyrst og fremst sá að annað sjónarmiðið lýtur að efnisatriðum umfjöllunar en hitt að stöðu þess einstaklings sem fjallað er um.

⁶⁹ *MDE, Reynir Traustason o.fl. gegn Íslandi, 4. maí 2017 (44801/13) (Kæra til lögreglu)*, 52. mgr.

⁷⁰ *MDE, Ólafur Arnarson gegn Íslandi, 13. júní 2017 (58781/13) (LÍÚ og AMX)*, 38. mgr.

⁷¹ *MDE, Svavar Halldórsson gegn Íslandi, 4. júlí 2017 (44322/13) (Fons og Panama)*, 47.–48. mgr.

⁷² *MDE, Axel Springer AG gegn Þýskalandi, 7. febrúar 2012 (39954/08)*, 91. mgr.

⁷³ Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“. *Mannréttinasáttmáli Evrópu*, bls. 372, sbr. *MDE, Schwabe gegn Austurríki* 28. ágúst 1992, Series A. 242-B.

Í *MDE, Axel Springer AG gegn Þýskalandi, 7. febrúar 2012 (39954/08)* gerði Mannréttindadómstóllinn greinarmun á stöðu þess einstaklings sem væri til umfjöllunar og sjónarmiðsins um fyrri hegðun hans. Með síðara sjónarmiðinu var vísað til þess hvort einstaklingur hefði með ákveðinni hegðun boðið upp á að um hann yrði fjallað og að af því leiddi að ríkara frelsi væri til að tjá sig um gjörðir hans. Þrátt fyrir að dómstóllinn gerði greinarmun á þessum tveimur sjónarmiðum í framangreindum dómi var þeim spyrnt saman í þeim málum sem hér eru til skoðunar og þar sem vísað var til *MDE, Axel Springer AG gegn Þýskalandi, 7. febrúar 2012 (39954/08)*. Verður því sami háttur hafður á hér.

Í sumum tilvikum virðist sem þessi tvö sjónarmið blandist saman við sjónarmiðið um framlag umfjöllunar til almennrar umræðu. Í *MDE, Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (46443/09) (Goldfinger)* og *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (43389/10) (Strawberries)* vísaði Mannréttindadómstóllinn þannig til þess, beint í kjölfar þess að fjallað var um erindi umfjöllunar um málefni nektarstaða við almenning, að eigendur staðanna, sem voru viðfangsefni viðkomandi umfjallana, hefðu vitandi vits gengið fram á opinberan vettvang með því að hefja slíkan atvinnurekstur. Hefðu þeir því boðið upp á að fjallað yrði um þá með gagnrýnum hætti. Svigrúm til gagnrýni á þá væri því víðara en ella.⁷⁴ Var hvergi vikið að þessum sjónarmiðum í *Hrd. 5. mars 2009 (328/2008) (Goldfinger)* eða *dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 21. desember 2009 (E-5265) (Strawberries)*. Að því er síðarnefnda dóminn varðar benti Mannréttindadómstóllinn enn fremur á í *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (43389/10) (Strawberries)* að eigandi *Strawberries* hefði raunar haft frumkvæði að hinni umdeildu umfjöllun með því að setja sig í samband við kæranda.⁷⁵

Mannréttindadómstóllinn vék hvorki að stöðu eiginkonu forstöðumanns meðferðarheimilisins né fyrri hegðun hennar í *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 2), 21. október 2014 (54125/10) (Byrgið)*. Það var heldur ekki gert í *Hrd. 11. mars 2010 (454/2009) (Fíkniefnainnflutningur)*.

Eins og þegar er getið hafði Hæstiréttur Íslands í *Hrd. 21. febrúar 2013 (525/2012) (Frambjóðandi til stjórnlagabings)* fjallað um þýðingu þess að sá einstaklingur sem var til umfjöllunar í hinni umdeildu umfjöllun var frambjóðandi til trúnaðarstarfa í þágu almennings. Mannréttindadómstóllinn gerði þessa niðurstöðu Hæstaréttar ekki að umtalsefni í *MDE, Steingrímur Sævarr Ólafsson gegn Íslandi, 16. mars 2017 (58493/13) (Frambjóðandi til stjórnlagabings)* heldur dró sömu ályktun og benti á að líta yrði svo á að viðkomandi hefði vitandi vits gengið fram á opinberan vettvang með framboði sínu. Hefði hann boðið upp á að fjallað yrði um hann með gagnrýnum hætti. Svigrúm til gagnrýni á hann væri því víðara en ella. Mannréttindadómstóllinn tók síðan fram að íslenskir dómstólar, kærandi og íslenska ríkið hefðu ekkert vikið að fyrri hegðun frambjóðandans.⁷⁶

Í *Hrd. 6. desember 2012 (314/2012) (Kæra til lögreglu)* var hvorki vikið að stöðu þess stjórnarmanns sem hafði verið til umfjöllunar í hinni umdeildu umfjöllun né fyrri hegðun hans. Benti Mannréttindadómstóllinn á þetta í *MDE, Reynir Traustason o.fl. gegn Íslandi, 4. maí 2017 (44801/13) (Kæra til lögreglu)*. Dómstóllinn rakti að meta yrði stöðu stjórnarmannsins í samhengi við erindi efnis umfjöllunarinnar við almenning, sbr. það sem

⁷⁴ *MDE, Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (46443/09) (Goldfinger)*, 68. mgr. og *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (43389/10) (Strawberries)*, 65. mgr.

⁷⁵ *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (43389/10) (Strawberries)*, 69. mgr.

⁷⁶ *MDE, Steingrímur Sævarr Ólafsson gegn Íslandi, 16. mars 2017 (58493/13) (Frambjóðandi til stjórnlagabings)*, 52. mgr.

rakið var hér á undan í kafla 3.1.1. Þá hefði viðkomandi verið lektor í viðskiptafræði og stjórnarformaður og eigandi leiðandi iðnfyrirtækis. Loks hefði leikið grunur á glæpsamlegu athæfi í starfsemi stjórnar fyrirtækisins. Mannréttindadómstóllinn hafnaði því þess vegna, sem haldið var fram af íslenska ríkinu, að stjórnarmaðurinn ætti rétt á sömu vernd gagnvart umfjöllun um sig og óþekktur almennur borgari.⁷⁷

Í dómi Héraðsdóms Reykjaness 29. nóvember 2012 (E-23/2012) (LÍÚ og AMX) hafði héraðsdómur fjallað um stöðu framkvæmdastjóra LÍÚ og þátttöku hans í umræðum um íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið. Í MDE, Ólafur Arnarson gegn Íslandi, 13. júní 2017 (58781/13) (LÍÚ og AMX) var vísað til þessarar niðurstöðu og bent á að af þessum sökum hefði svigrúm til gagnrýni á framkvæmdastjórnann verið víðara en ella. Á hinn bóginn benti dómstóllinn á að efni tjáningarinnar í þessu tilviki hefði verið ætluð refsiverð háttsemi framkvæmdastjórans. Tók dómstóllinn fram að jafnvel einstaklingar sem væru opinberar persónur ættu rétt á að friðhelgi þeirra til einkalífs væri virt.⁷⁸

Í Hrd. 15. nóvember (69/2012) (Fons og Panama) var ekki vikið sérstaklega að stöðu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar í íslensku viðskiptalífi eða fyrri hegðunar hans í sambandi við hina umdeildu umfjöllun. Í MDE, Svavar Halldórsson gegn Íslandi, 4. júlí 2017 (44322/13) (Fons og Panama) var bent á að í dómi héraðsdóms, sem þó var ekki staðfestur af Hæstarétti, væri rakið að Jón Ásgeir hefði verið til umfjöllunar í fjölmiðlum vegna starfsemi hans til fjölda ára, hann hefði óbeint átt stóran hlut í einum af stóru íslensku viðskiptabönkunum og um hann hefði verið fjallað í tengslum við hrun bankanna. Þótt ekki hefði verið vikið að stöðu Jóns Ásgeirs í dómi Hæstaréttar taldi Mannréttindadómstóllinn að þegar forsendur dóms réttarins væru skoðaðar í heild sinni væri nægjanlega sýnt fram á að Hæstiréttur hefði álitid Jón Ásgeir vera opinbera persónu. Hefði svigrúm til gagnrýni á hann því verið rýmra en ella. Dómstóllinn tók þá fram að jafnvel opinberar persónur ættu rétt á að friðhelgi þeirra til einkalífs væri vært.⁷⁹

3.3.2 Efni, form og afleiðingar efnis

3.3.2.1 Um sjónarmiðið

Í MDE, Axel Springer AG gegn Þýskalandi, 7. febrúar 2012 (39954/08) vísaði dómstóllinn til þess að framsetning efnis gæti skipt máli við mat á því hvort réttlæt看legt væri að takmarka tjáningarfrelsi. Hvoru tveggja í MDE, Ólafur Arnarson gegn Íslandi, 13. júní 2017 (58781/13) (LÍÚ og AMX) og MDE, Svavar Halldórsson gegn Íslandi, 4. júlí 2017 (44322/13) (Fons og Panama) vék Mannréttindadómstóllinn að því, í umfjöllun um þetta sjónarmið, hvort íslenskir dómstólar hefðu metið hvort hin umdeildu ummæli fælu í sér staðhæfingar um staðreyndir eða gildisdóma. Eins og rakið var í kafla 1.5.2.4 hafa hvoru tveggja íslenskir dómstólar og Mannréttindadómstóll Evrópu litið svo á að vægari kröfur verði gerðar um sönnun gildisdóma en um sönnun hreinna staðhæfinga um staðreyndir. Þá fjallaði dómstóllinn um sjónarmiðið með tvenns konar hætti í MDE, Steingrímur Sævarr Ólafsson gegn Íslandi, 16. mars 2017 (58493/13) (Frambjóðandi til stjórnlagabings). Annars vegar vék dómstóllinn að því hversu alvarlegar aðdróttanir hefðu falist í hinum umdeildu ummælum en hins vegar þýðingu þess að þau voru höfð eftir nafngreindum viðmælanda en ekki kæranda sjálfum.

⁷⁷ MDE, Reynir Traustason o.fl. gegn Íslandi, 4. maí 2017 (44801/13) (Kæra til lögreglu), 53. mgr.

⁷⁸ MDE, Ólafur Arnarson gegn Íslandi, 13. júní 2017 (58781/13) (LÍÚ og AMX), 39.–40. mgr.

⁷⁹ MDE, Svavar Halldórsson gegn Íslandi, 4. júlí 2017 (44322/13) (Fons og Panama), 46. mgr.

Í ljósi þessa virðist sem mismunandi tilvik falli undir sjónarmiðið í þeim dómum Mannréttindadómstólsins sem hér eru til skoðunar. Einnig eru forsendur þessara dóma Mannréttindadómstólsins nokkuð ólíkar og ekki er stuðst við flokkun sjónarmiða frá *MDE, Axel Springer AG gegn Þýskalandi*, 7. febrúar 2012 (39954/08) nema í síðustu fjórum þeirra. Á þetta sérstaklega við um þá þrjá síðustu þar sem það var gert með því að greina umfjöllunina í sérstaka kafla.⁸⁰ Gerir þetta samanburð á forsendum dómstólsins oft býsna vandasaman.

Verður eftirfarandi umfjöllun því skipt upp í samræmi við að Mannréttindadómstóllinn hefur sjálfur heimfært ólík tilvik undir sama sjónarmiðið. Annars vegar verður fjallað um tilvik þar sem dómstóllinn hefur gert athugasemd við túlkun íslenskra dómstóla á efnislegu inntaki umdeilda ummæla, þar á meðal flokkun ummæla til gildisdóma eða staðhæfinga um staðreyndir. Hins vegar verður vikið að tilvikum þar sem Mannréttindadómstóllinn hefur fundið að því að blaðamenn eða ritstjórar hafi verið látnir bera ábyrgð á ummælum nafngreindra viðmælenda.

3.3.2.2 Mat á efnislegu inntaki ummæla

Eins og ráða má af umfjöllun í 2. kafla þessarar skýrslu er umfjöllun Mannréttindadómstólsins alltaf á þann veg að fyrst eru settar fram þær almennu meginreglur sem eiga við um takmarkanir á tjáningarfrelsi en því næst vikið að því hvernig reglurnar taka til atvika þess máls sem er til skoðunar. Í fyrstu dómunum sem hér eru til skoðunar byrjaði dómstóllinn umfjöllun sína á því að taka afstöðu til þess hvort ástæðurnar sem réttlæta áttu takmarkanir á tjáningarfrelsi væru réttmætar (e. „relevant“) en mat síðan heildstætt hvort ástæðurnar væru nægjanlega ríkar (e. „sufficient“). Í *MDE, Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi*, 10. júlí 2012 (46443/09) (*Goldfinger*) tók dómstóllinn þannig fram að ekki væri ástæða til að efast um það mat Hæstaréttar Íslands að hinar umdeildu staðhæfingar, um tengsl *Goldfinger* við vændisstarfsemi, hefðu verið ærumeiðandi og að röksemdir að baki takmörkun á tjáningarfrelsi hefðu því verið viðeigandi.⁸¹ Dómstóllinn komst síðan að þeirri niðurstöðu að um hefði verið að ræða staðhæfingar um staðreyndir í umfjöllun sinni um það hvort ástæðurnar hefðu verið nægjanlega ríkar.⁸²

Í *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi*, 10. júlí 2012 (43389/10) (*Strawberries*) hóf dómstóllinn umfjöllun sína á því að taka afstöðu til efnislegs inntaks hinna umdeildu ummæla. Mannréttindadómstóllinn var ósammála héraðsdómi um það hvaða ályktanir mætti draga af ummælum um að eigandi *Strawberries* væri „með litháísku mafíuna“ á staðnum og að þess vegna kæmi enginn þangað „með stæla“. Héraðsdómur taldi að með þessu væri staðhæft að viðkomandi væri „með skipulögð alþjóðleg glæpasamtök á sínum snærum“. Mannréttindadómstóllinn taldi þessa ályktun um efni ummælanna ósannfærandi. Frekari skýringu hefði hvoru tveggja þurft á því hvernig hin umdeildu ummæli hefðu falið í sér að viðkomandi hefði verið með umrædd glæpasamtök „á sínum snærum“ og að þau væru „alþjóðleg“. Mannréttindadómstóllinn taldi að rökstuðningur héraðsdóms væri ósannfærandi

⁸⁰ Umfjöllun Mannréttindadómstólsins í *MDE, Steingrímur Sævarr Ólafsson gegn Íslandi*, 16. mars 2017 (58493/13) (*Frambjóðandi til stjórnlagabings*), *MDE, Reynir Traustason o.fl. gegn Íslandi*, 4. maí 2017 (44801/13) (*Kæra til lögreglu*), *MDE, Ólafur Arnarson gegn Íslandi*, 13. júní 2017 (58781/13) (*LÍÚ og AMX*) og *MDE, Svavar Halldórsson gegn Íslandi*, 4. júlí 2017 (44322/13) (*Fons og Panama*) tók öll mið af flokkun sjónarmiðanna í *MDE, Axel Springer AG gegn Þýskalandi*, 7. febrúar 2012 (39954/08). Í fyrstnefnda dómnum var það þó ekki gert með því að skipta umfjölluninni í sérstaka kafla eftir ólíkum sjónarmiðum.

⁸¹ *MDE, Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi*, 10. júlí 2012 (46443/09) (*Goldfinger*), 66. mgr.

⁸² *MDE, Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi*, 10. júlí 2012 (46443/09) (*Goldfinger*), 72. mgr.

að þessu leyti og af þessum sökum væri ástæða til að efast um að viðeigandi (e. relevant) ástæða hefði búið að baki tjáningarfrelsissskerðingu kæranda.⁸³ Dómstóllinn tók síðan til umfjöllunar hvort ástæðurnar hefðu verið nægjanlega ríkar (e. sufficient) ef fallist yrði engu að síður á að þær væru viðeigandi. Við þetta mat tók Mannréttindadómstóllinn aftur afstöðu til efnis hinna umdeildu ummæla og gerði athugasemd við að héraðsdómur hefði ekki tekið afstöðu til þess hvort í þeim hefði falist gildisdómur eða staðhæfing um staðreyndir.⁸⁴ Í lokaniðurstöðu dómsins var síðan meðal annars vísað til þess að „gloppan“ í rökstuðningi héraðsdóms væri eitt af því sem leiddi til þess að brotið hefði verið gegn tjáningarfrelsi kæranda.⁸⁵

Í *Hrd. 18. febrúar 2010 (104/2009) (Byrgið)* komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að í hinni umdeildu umfjöllun hefði falist aðdróttun um að eiginkona forstöðumanns meðferðarheimilis, sem var dæmdur fyrir kynferðisbrot gegn vistkonum heimilisins, hefði framið refsivert afbrot. Var sérstaklega vísað til þeirra hluta ummælanna þar sem vísað var til þess að eiginkonan „vei[ddi] fyrir hann“, það er forstöðumanninn. Taldi Hæstiréttur að þessi ummæli hefðu ekki verið gildisdómur. Í *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 2), 21. október 2014 (54125/10) (Byrgið)* fann Mannréttindadómstóllinn hins vegar að því að Hæstiréttur hefði ekki útskýrt það sérstaklega hvernig venjulegur lesandi gæti skilið orðalagið „sú sem veiðir fyrir hann“ sem ásökun um refsivert brot. Benti dómstóllinn á að Hæstiréttur hefði hvorki vísað til tiltekens hegningarlagaákvæðis né verknaðarlýsingar þegar rétturinn komst að niðurstöðu sinni. Með vísan til þessa lýsti Mannréttindadómstóllinn því að hann væri ekki sannfærður um að þær röksemdir sem Hæstiréttur hefði notað styddu það yfirlýsta markmið tjáningarfrelsissskerðingarinnar að vernda æru konunnar sem taldi á sér brotið. Ekki væri ljóst hvort ástæður tjáningarfrelsissskerðingarinnar væru réttmætar (e. „relevant“). Þá taldi dómstóllinn að í ljósi atvika málsins hefði verið rétt að líta á umrædd ummæli sem gildishlaðna lýsingu á atburðum fremur en hreina staðhæfingu um staðreyndir (e. „a value based characterization of established factual events rather than a pure factual assertion“). Dómstóllinn tók síðan fram að jafnvel gildisdómar gætu gengið of langt gagnvart réttindum annarra ef þá skorti algjörlega stoð í staðreyndum máls.⁸⁶ Virðist síðan sem dómstóllinn hafi metið góða trú kæranda og vinnubrögð hennar út frá framangreindri niðurstöðu um að ekki væri um að ræða hreina staðhæfingu um staðreyndir og því hafi minni kröfur verið gerðar til sönnunar en ef svo hefði verið. Taldi dómstóllinn síðan að nægjanlegar staðreyndir hefðu legið til grundvallar hinum umdeildu ummælum.⁸⁷

Í *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 3), 2. júní 2015 (54145/10) (Fíkniefnainnflutningur)* laut álitafnið að ummælum í blaðagrein þar sem staðhæft var að sakborningur hefði tekið við bifreið í þeirri trú að hún innihéldi kókaín. Eins og áður virðist sem Mannréttindadómstóllinn hafi fjallað um efni hinnar umdeildu umfjöllunar hvoru tveggja varðandi það álitafni hvort ástæður tjáningarfrelsistakmörkunar væru réttmætar (e. „relevant“) en einnig um það hvort ástæðurnar væru nægjanlega ríkar (e. „sufficient“). Varðandi fyrra álitafnið taldi dómstóllinn ekki ástæðu til að efast um að hin umdeildu ummæli hefðu falið í sér staðhæfingu um að sakborningurinn hefði verið sekur um þá háttsemi sem honum var gefin að sök. Í þessu samhengi tók dómstóllinn fram að ekki hefði

⁸³ *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (43389/10) (Strawberries)*, 62. mgr.

⁸⁴ *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (43389/10) (Strawberries)*, 66. mgr.

⁸⁵ *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (43389/10) (Strawberries)*, 72. mgr.

⁸⁶ *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 2), 21. október 2014 (54125/10) (Byrgið)*, 65.–68. mgr.

⁸⁷ *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 2), 21. október 2014 (54125/10) (Byrgið)*, 72. mgr.

verið tekið sérstaklega fram að staðhæfingin væri reist á ákæru sem deilt væri um fyrir dómi.⁸⁸ Varðandi síðara álitafnið komst dómstóllinn á hinn bóginn að þeirri niðurstöðu að lesandi hefði mátt skilja ummælin sem svo, að þau væru sú afstaða ákærvaldsins sem fram kæmi í ákæru, í ljósi undanfarandi efnisgreinar, samhengis umfjöllunarinnar og texta hennar í heild. Hefði því ekki verið nauðsynlegt fyrir blaðamanninn að tilgreina sérstaklega að hin umdeilda staðhæfing væri komin úr ákæru málsins. Meðal annars með vísan til þessa taldi dómstóllinn að ekki hefði verið sýnt fram á að blaðamaðurinn hefði verið í slæmri trú.⁸⁹

Í *MDE, Steingrímur Sævarr Ólafsson gegn Íslandi, 16. mars 2017 (58493/13) (Frambjóðandi til stjórnlagabings)* var deilt um umfjöllun *Pressunnar* þar sem frambjóðandi til stjórnlagabings var sakaður um kynferðisbrot gegn börnum. Gerði dómstóllinn ekki athugasemd við það mat Hæstaréttar Íslands að staðhæfingarnar hefðu verið meiðandi og með dómnum hefði verið stefnt að því lögmeta markmiði að vernda æru frambjóðandans.⁹⁰ Umfjöllun dómstólsins tók síðan mið af sjónarmiðunum sem sett voru fram í *MDE, Axel Springer AG gegn Þýskalandi, 7. febrúar 2012 (39954/08)*. Í umfjöllun um efni, form og afleiðingar hinnar umdeildu umfjöllunar tók Mannréttindadómstóllinn fram að hann væri sömu skoðunar og Hæstiréttur Íslands að því er varðaði alvarleika þeirra ásakana sem settar höfðu verið fram á hendur frambjóðandanum.⁹¹

Í *MDE, Reynir Traustason o.fl. gegn Íslandi, 4. maí 2017 (44801/13) (Kæra til lögreglu)* var deilt um umfjöllun *DV* þar sem staðhæft var að lektor í viðskiptafræði væri til rannsóknar hjá lögreglu vegna saknæmrar og refsiverðrar háttsemi. Hæstiréttur Íslands hafði í *Hrd. 6. desember 2012 (314/2012) (Kæra til lögreglu)* metið það svo að staðhæfingar um að lögregla væri að „rannsaka“ viðkomandi og að hann væri „flæktur í lögreglurannsókn“ væru rangar, enda hefði maðurinn aðeins verið kærður til lögreglu og formleg rannsókn hefði ekki verið hafin. Í umfjöllun sinni um sjónarmiðið er lýtur að aðferð við að afla og sannreyna upplýsingar, sbr. kafla 3.3.3 hér á eftir, komst Mannréttindadómstóllinn að því að þær kröfur yrðu ekki gerðar til kæranda að skrif þeirra endurspegluðu fullkomlega rétt hugtök og framkvæmd ákærvalds og dómsvalds. Taldi dómstóllinn að ekki hefði verið þörf á að kærundur gerðu sérstakan greinarmun á því hvort kæra á hendur umræddum lektor hefði verið til skoðunar eða til rannsóknar.⁹² Með vísan til þessarar umfjöllunar taldi dómstóllinn síðan að skoða yrði efni, form og afleiðingar umfjöllunar í þessu ljósi, það er að segja að umfjöllunin hefði í raun og veru fjallað um að lögregla hefði verið látin vita af þeim staðreyndum sem lágu fyrir kærendum þegar þeir gerðu sína umfjöllun og umfjöllunin hefði ekki gengið lengra en staðreyndir málsins gáfu til kynna.⁹³

Í *MDE, Ólafur Arnarson gegn Íslandi, 13. júní 2017 (58781/13) (LÍÚ og AMX)* hélt kærandi því fram að skrif hans um framkvæmdastjóra LÍÚ hefðu verið gildisdómar og hvorki falið í sér aðdróttanir um óheiðarleika hans né að hann hefði framið refsivert brot. Mannréttindadómstóllinn vísaði til mats héraðsdóms í *dómi Héraðsdóms Reykjaness 29. nóvember 2012 (E-23/2012) (LÍÚ og AMX)* og taldi sig ekki hafa forsendur til að draga það í

⁸⁸ *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 3), 2. júní 2015 (54145/10) (Fíkniefnainnflutningur)*, 67. mgr.

⁸⁹ *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 3), 2. júní 2015 (54145/10) (Fíkniefnainnflutningur)*, 74. mgr.

⁹⁰ *MDE, Steingrímur Sævarr Ólafsson gegn Íslandi, 16. mars 2017 (58493/13) (Frambjóðandi til stjórnlagabings)*, 49. mgr.

⁹¹ *MDE, Steingrímur Sævarr Ólafsson gegn Íslandi, 16. mars 2017 (58493/13) (Frambjóðandi til stjórnlagabings)*, 58. mgr.

⁹² *MDE, Reynir Traustason o.fl. gegn Íslandi, 4. maí 2017 (44801/13) (Kæra til lögreglu)*, 47.–49. mgr.

⁹³ *MDE, Reynir Traustason o.fl. gegn Íslandi, 4. maí 2017 (44801/13) (Kæra til lögreglu)*, 50.–51. mgr.

efa í ljósi þess svigrúms til mats sem játa yrði innanlandsdómstól. Vísaði Mannréttindadómstóllinn til þess að héraðsdómur hefði tekið fram að skoða yrði ummælin í því ljósi sem almennur lesandi myndi sjá þau.⁹⁴

Í *Hrd. 15. nóvember (69/2012) (Fons og Panama)* komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að umfjöllun kæranda hefði gefið til kynna að Jón Ásgeir Jóhannesson hefði framið refsivert afbrot. Í *MDE, Svavar Halldórsson gegn Íslandi, 4. júlí 2017 (44322/13) (Fons og Panama)* sá Mannréttindadómstóllinn ekki ástæðu til að draga mat Hæstaréttar í efa og taldi sýnt fram á að umfjöllunin hefði verið til þess fallin að raska friðhelgi Jóns Ásgeirs til einkalífs.⁹⁵

3.3.2.3 Ábyrgð fjölmiðla á ummælum nafngreindra viðmælenda

Eins og þegar er getið fjallaði Mannréttindadómstóllinn um það í *MDE, Steingrímur Sævarr Ólafsson gegn Íslandi, 16. mars 2017 (58493/13) (Frambjóðandi til stjórnlagabings)*, í umfjöllun sinni um sjónarmiðið efni, form og afleiðingar tjáningar, hvaða þýðingu það hefði að þær aðdróttanir sem fjallað var um voru hafðar eftir nafngreindum viðmælendum fjölmiðils sem kærandi ritstýrði. Komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að frambjóðandinn sem fjallað var um hefði getað varið hagsmuni sína með því að beina lögsókn sinni að viðmælendum fjölmiðilsins í stað kæranda sem var ritstjóri hans. Þar sem mál hefði einungis verið höfðað gegn kæranda hefði honum verið gert erfitt um vik að sýna fram á að hann hefði rækt störf sín í góðri trú.⁹⁶

Hafði reynt á þetta atriði í nokkrum fyrri dómanna sem hér eru til skoðunar. Í *Hrd. 5. mars 2009 (328/2008) (Goldfinger)* hafði Hæstiréttur dæmt blaðamann til greiðslu miskabóta á grundvelli ummæla sem höfð voru eftir nafngreindum viðmælenda en rétturinn taldi blaðamanninn höfund þeirra í skilningi þágildandi laga nr. 57/1956 um prentrétt. Í *MDE, Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (46443/09) (Goldfinger)* benti Mannréttindadómstóllinn hvoru tveggja á að eigandi *Goldfinger* hefði getað höfðað mál gegn hinum nafngreinda viðmælenda til að gæta hagsmuna sinna og að þar sem fallið var frá slíkri málsókn hefði blaðamanninum verið gert erfitt fyrir að sýna fram á sannindi hinna umdeildu ummæla. Auk þess tók dómstóllinn fram að það myndi verulega takmarka möguleika fjölmiðla á að koma á framfæri upplýsingum sem skiptu almenning máli ef þeir yrðu beittir viðurlögum fyrir að miðla ummælum sem nafngreindir einstaklingar gæfu frá sér í viðtölum. Þyrftu sérstaklega sterkar ástæður að réttlæta slíkt.⁹⁷

Á þetta benti Mannréttindadómstóllinn einnig í *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (43389/10) (Strawberries)* þar sem héraðsdómur hafði í dómi *Héraðsdóms Reykjavíkur 21. desember 2009 (E-5265) (Strawberries)* miðað við að blaðamaður væri höfundur ummæla um eiganda *Strawberries* sem höfð voru eftir nafngreindum viðmælenda.⁹⁸

Atvik voru aðeins önnur í *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 2), 21. október 2014 (54125/10) (Byrgið)* þar sem Hæstiréttur Íslands hafði í *Hrd. 18. febrúar 2010 (104/2009) (Byrgið)* komist að þeirri niðurstöðu að þótt hin umdeildu ummæli hefðu verið höfð eftir nafngreindum viðmælenda væri ekki sannað að viðmælandinn hefði í raun og veru látið þau

⁹⁴ *MDE, Ólafur Arnarson gegn Íslandi, 13. júní 2017 (58781/13) (LÍÚ og AMX)*, 44.–45. mgr.

⁹⁵ *MDE, Svavar Halldórsson gegn Íslandi, 4. júlí 2017 (44322/13) (Fons og Panama)*, 42.–44. mgr.

⁹⁶ *MDE, Steingrímur Sævarr Ólafsson gegn Íslandi, 16. mars 2017 (58493/13) (Frambjóðandi til stjórnlagabings)*, 59.–60. mgr.

⁹⁷ *MDE, Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (46443/09) (Goldfinger)*, 73.–74. mgr. og 80. mgr., sbr. *MDE, Jersild gegn Danmörku 23. september 1994 (15890/89)*.

⁹⁸ *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (43389/10) (Strawberries)*, 68.–69. mgr.

frá sér fara. Mannréttindadómstóllinn tók fram að hann efaðist ekki um niðurstöðu Hæstaréttar þar að lútandi.⁹⁹ Á hinn bóginn þóttu önnur fyrirbyggjandi gögn veita hinni gildishlöðnu lýsingu nægjanlegan stuðning að mati Mannréttindadómstólsins.¹⁰⁰ Virðist þannig sem að í raun hafi ekki skipt máli þótt blaðamaðurinn væri höfundur ummælanna.

Þegar hefur verið vikið að umfjöllun Mannréttindadómstólsins um þetta atriði í *MDE, Steingrímur Sævarr Ólafsson gegn Íslandi, 16. mars 2017 (58493/13) (Frambjóðandi til stjórnlagabings)*. Í *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 3), 2. júní 2015 (54145/10) (Fíkniefnainnflutningur)*, *MDE, Reynir Traustason o.fl. gegn Íslandi, 4. maí 2017 (44801/13) (Kæra til lögreglu)* og *MDE, Ólafur Arnarson gegn Íslandi, 13. júní 2017 (58781/13) (LÍÚ og AMX)* reyndi á staðhæfingar sem ekki voru settar fram í nafni nafngreinds viðmælanda. Í *MDE, Svavar Halldórsson gegn Íslandi, 4. júlí 2017 (44322/13) (Fons og Panama)* var deilt um staðhæfingar sem blaðamaður hafði meðal annars eftir nafnlausum heimildamönnum sínum og hann neitaði að gefa upp hverjir voru. Bar hann því ábyrgð á ummælunum og fann Mannréttindadómstóllinn ekki að þeirri niðurstöðu.¹⁰¹

3.3.3 Aðferð við að afla upplýsinga og sannreyna þær

Í *MDE, Axel Springer AG gegn Þýskalandi, 7. febrúar 2012 (39954/08)* vísaði dómstóllinn til þess að við mat á því hvort heimilt væri að takmarka tjáningarfrelsi með vísan til friðhelgi einkalífs yrði litið til þess hvernig upplýsinga var aflað og þær sannreynar. Vernd fjölmiðla til tjáningarfrelsis væri háð því að þeir störfuðu í góðri trú og kæmu réttum staðreyndum á framfæri sem væru hvoru tveggja áreiðanlegar og nákvæmar. Skyldu þeir starfa í samræmi við þær siðareglur sem um fjölmiðla giltu.¹⁰² Sérstakar ástæður þyrftu að koma til svo fjölmiðlar gætu borið út ærumeiðandi tjáningu án þess að staðreyna hana á einhvern hátt.¹⁰³ Í *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 3), 2. júní 2015 (54145/10) (Fíkniefnainnflutningur)* nefndi Mannréttindadómstóllinn að fréttaflytningur um efni ákæru væri dæmi um ærumeiðandi umfjöllun sem ekki þyrfti að staðreyna frekar en með því að vísa til ákærunnar.¹⁰⁴ Í öðrum málum hefur dómstóllinn ekki talið að slíkar ástæður væru fyrir hendi og hefur hann þá lagt mat á hvort vinnubrögð blaðamanna hafi verið unnin í góðri trú og í samræmi við góða starfshætti blaðamanna.¹⁰⁵ Þó hefur dómstóllinn tekið fram að starfshættir fjölmiðla geti verið margs konar og að það sé ekki hans að ákveða, frekar en innanlandsdómstólanna, hvaða aðferðum skuli beitt.¹⁰⁶

Eins og þegar hefur verið vikið að tengist þetta sjónarmið því sem hér hefur verið rakið að framan um efni, form og afleiðingar umfjöllunar. Mannréttindadómstóllinn hefur sjálfur tekið fram að eftir því sem efni umfjöllunar sé meira meiðandi verði traustari vinnubrögð fjölmiðils að búa að baki henni.¹⁰⁷ Þegar hefur verið rakið í kafla 3.3.2.3 að Mannréttindadómstóllinn

⁹⁹ *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 2), 21. október 2014 (54125/10) (Byrgið)*, 63. mgr.

¹⁰⁰ *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 2), 21. október 2014 (54125/10) (Byrgið)*, 72. mgr.

¹⁰¹ *MDE, Svavar Halldórsson gegn Íslandi, 4. júlí 2017 (44322/13) (Fons og Panama)*, 51. mgr.

¹⁰² *MDE, Axel Springer AG gegn Þýskalandi, 7. febrúar 2012 (39954/08)*, 93. mgr. og *MDE, Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (46443/09) (Goldfinger)*, 70. mgr.

¹⁰³ *MDE, Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (46443/09) (Goldfinger)*, 70. mgr.

¹⁰⁴ *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 3), 2. júní 2015 (54145/10) (Fíkniefnainnflutningur)*, 73. mgr.

¹⁰⁵ *MDE, Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (46443/09) (Goldfinger)*, 71. mgr., *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (43389/10) (Strawberries)*, 72. mgr., *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 2), 21. október 2014 (54125/10) (Byrgið)*, 63.–64. mgr. og *MDE, Reynir Traustason o.fl. gegn Íslandi, 4. maí 2017 (44801/13) (Kæra til lögreglu)*, 45. mgr.

¹⁰⁶ *MDE, Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (46443/09) (Goldfinger)*, 79. mgr.

¹⁰⁷ *MDE, Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (46443/09) (Goldfinger)*, 71. mgr.

hefur í þeim málum sem hér eru til skoðunar gert athugasemd við að íslenskir dómstólar hafi látið blaðamenn bera ábyrgð á ummælum sem höfð voru eftir nafngreindum heimildamönnum. Á þetta við um *MDE, Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (46443/09) (Goldfinger)*, *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (43389/10) (Strawberries)* og *MDE, Steingrímur Sævarr Ólafsson gegn Íslandi, 16. mars 2017 (58493/13) (Frambjóðandi til stjórnlagabings)*. Í þessum málum rakti dómstóllinn hvernig blaðamenn og ritstjóri sem í hlut áttu hefðu heildstætt hagað upplýsingaöflun og umfjöllun. Dómstóllinn hefur tekið fram að það myndi verulega takmarka möguleika fjölmiðla á að koma á framfæri upplýsingum sem skipti almenning máli ef blaðamenn yrðu beittir viðurlögum fyrir að miðla tjáningu sem nafngreindir einstaklingar gæfu frá sér í viðtölum. Þyrftu sérstaklega sterkar ástæður að réttlæta slíkt.¹⁰⁸

Í *MDE, Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (46443/09) (Goldfinger)* var fjallað um ummæli þess efnis að eigandi *Goldfinger* stæði að vændisstarfsemi í tengslum við rekstur staðarins. Voru ummælin höfð eftir fyrrum dansara á veitingastaðnum. Mannréttindadómstóllinn benti á að kærandi hefði haft ýmis gögn í höndunum sem renndu stöðum undir frásögn viðmælanda síns. Vísaði dómstóllinn í þessu samhengi til skýrslu bandaríska sendiráðsins um starfsemi veitingastaðarins og sjónvarpsviðtals við eiganda *Goldfinger*. Þá hefði kröfum eigandans í öðru meiðryðamáli, er laut að staðhæfingum um vænda á staðnum, verið vísað frá héraðsdómi. Þá hefði kærandi gefið kost á að andstæð sjónarmið kæmu fram í umfjöllun sinni um málið. Eiganda *Goldfinger* hefði verið boðið að tjá sig og í umfjölluninni hefði sérstaklega verið vísað til fyrri greina tímaritsins þar sem ásökunum um vænda á *Goldfinger* hefði verið hafnað.¹⁰⁹

Í *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (43389/10) (Strawberries)* benti Mannréttindadómstóllinn á að kærandi hefði gætt að því að jafnvægi væri í umfjöllun sinni, enda fengu hvoru tveggja eigandi *Strawberries* og sá sem lent hafði í átökum við hann að tjá sig.¹¹⁰

Í *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 2), 21. október 2014 (54125/10) (Byrgið)* benti dómstóllinn á að eiginkonu forstöðumanns *Byrgisins*, sem hin umdeildu ummæli lutu að, hefði verið boðið að tjá sig um þær ásakanir sem fram komu í umfjöllun kæranda. Hefði því verið gætt jafnvægis í umfjölluninni. Mannréttindadómstóllinn hafði komist að þeirri niðurstöðu að í hinum umdeildu ummælum hefði falist gildishlaðin lýsing á staðreyndum. Að mati dómstólsins lágu nægjanlega traustar staðreyndir til grundvallar ummælunum en dómstóllinn hafði fallist á það mat Hæstaréttar Íslands að ekki væri sannað að þau væru frá viðmælanda kæranda komin.¹¹¹

Í *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 3), 2. júní 2015 (54145/10) (Fíkniefnainnflutningur)* hafði Hæstiréttur Íslands dæmt blaðamanni í óhag vegna ummæla í frétt um að sakborningur sem ákærður var fyrir fíkniefnainnflutning hefði tekið við bifreið í þeirri trú að hún innihéldi kókaín. Eins og rakið var í 3.3.2.2 taldi Mannréttindadómstóllinn að hinn almenni lesandi hefði mátt skilja hin umdeildu ummæli svo að þau væru komin úr

¹⁰⁸ *MDE, Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (46443/09) (Goldfinger)*, 80. mgr., sbr. *MDE, Jersild gegn Danmörku 23. september 1994 (15890/89)*. Einnig *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (43389/10) (Strawberries)*, 71. mgr.

¹⁰⁹ *MDE, Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (46443/09) (Goldfinger)*, 75. mgr.

¹¹⁰ *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (43389/10) (Strawberries)*, 70. mgr.

¹¹¹ *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 2), 21. október 2014 (54125/10) (Byrgið)*, 72. mgr.

málatilbúnaði ákærvaldsins en ekki á þá vegu að þau væru afstaða blaðamannsins sjálfs. Af þessum sökum var ekki talið að blaðamaðurinn hefði þurft að taka það fram sérstaklega að ummælin væru höfð eftir ákærinni í málinu. Í ljósi þessa var ekki talið að sýnt hefði verið fram á að blaðamaðurinn hefði starfað í slæmri trú eða í ósamræmi við góða starfshætti blaðamanna.¹¹²

Í *Hrd. 21. febrúar 2013 (525/2012) (Frambjóðandi til stjórnlagabings)* hafði Hæstiréttur Íslands dæmt ritstjóra *Pressunnar* í óhag vegna fréttuumfjöllunar þar sem nafngreindir viðmælendur sökuðu frambjóðanda til stjórnlagabings um að hafa brotið gegn þeim kynferðislega þegar viðmælendurnir voru á barnsaldri. Þótt frambjóðandinn hefði boðið sig fram til trúnaðarstarfa í þágu almennings gæti það ekki réttlætt, nema annað og meira kæmi til, að hann þyrfti að þola að vera borin á brýn umrædd refsiverð háttsemi. Væri til þess að líta að frambjóðandinn hefði hvorki verið dæmdur né sætt rannsókn vegna ásakananna. Þá tók Hæstiréttur fram að það fengi þessu ekki breytt þótt blaðamaður *Pressunnar* hefði gefið frambjóðandanum færi á að tjá sig um ásakanirnar og aðra sem töldu sig geta greint frá atvikum. Í *MDE, Steingrímur Sævarr Ólafsson gegn Íslandi, 16. mars 2017 (58493/13) (Frambjóðandi til stjórnlagabings)* rakti dómstóllinn að *Pressan* hefði rætt við ýmsa aðila til að kanna trúverðugleika viðmælenda sinna sem ásökuðu umræddan frambjóðanda. Þá hefði honum verið gefinn kostur á að tjá sig og hefði hann neitað ásökununum. Hefði verið gætt jafnvægis í umfjölluninni þótt dómstóllinn áréttaði að sú skylda hvíldi ekki á blaðamönnum að formlega fjarlægja sig ásökunum sem hafðar væru uppi í umfjöllun. Var talið að kærandi hefði sem ritstjóri *Pressunnar* starfað í góðri trú.¹¹³

Í *MDE, Reynir Traustason o.fl. gegn Íslandi, 4. maí 2017 (44801/13) (Kæra til lögreglu)* voru atvik þannig að dagblaðið *DV* hafði fjallað um málefni fyrirtækisins *Sigurplast ehf.* og staðhæft að stjórnarmaður væri til rannsóknar lögreglu. Í *Hrd. 6. desember 2012 (314/2012) (Kæra til lögreglu)* kom fram að þegar umfjöllunin kom út hefðu legið fyrir tvær kærur vegna starfa viðkomandi stjórnarmanns auk þess sem skiptastjóri *Sigurplasts ehf.* hefði sent lögreglu tilkynningu á grundvelli ákvæða laga um gjaldþrotaskipti. Krafðist umræddur lektor þess að *DV* leiðrétti umfjöllun sína en við því var ekki orðið. Hæstiréttur vísaði til þess að á grundvelli þeirra upplýsinga sem lögju fyrir yrði ekki annað ráðið en að engin rannsókn hefði verið hafin vegna framangreindra kæra. Í forsendum héraðsdóms, sem vísað var til í dómi Hæstaréttar, var bent á að ekki hefði verið óhæfilegum erfiðleikum bundið fyrir *DV* að staðreyna hvort slík lögreglurannsókn hefði í raun verið hafin.

Mannréttindadómstóllinn taldi aftur á móti í *MDE, Reynir Traustason o.fl. gegn Íslandi, 4. maí 2017 (44801/13) (Kæra til lögreglu)*, í umfjöllun sinni um aðferðir við öflun og staðfestingu upplýsinga, að kærundur hefðu starfað í góðri trú. Dómstóllinn benti á að kærundur hefðu hvorki aflað staðfestingar frá lögreglu né ákærvaldi um það hvort tilkynning skiptastjóra væri til rannsóknar. Þá hefðu þeir ekki leiðrétt frétt sína í kjölfar kröfu þar að lútandi. Aftur á móti yrðu ekki gerðar þær kröfur til blaðamanna að þeir gerðu svo skýran greinarmun á því hvort kæra væri til athugunar hjá lögreglu eða í formlegri rannsókn. Hefði umfjöllun fjölmiðilsins endurspeglad þær upplýsingar sem hafði verið aflað. Þá vísaði dómstóllinn til tilkynningar frá embætti sérstaks saksóknara sem var dagsett eftir að íslenskir dómstólar höfðu kveðið upp dóm sinn, þar sem fram kom að á einhverjum tímapunkti hefði

¹¹² *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 3), 2. júní 2015 (54145/10) (Fikniefnainnflutningur)*, 74.–75. mgr.

¹¹³ *MDE, Steingrímur Sævarr Ólafsson gegn Íslandi, 16. mars 2017 (58493/13) (Frambjóðandi til stjórnlagabings)*, 54.–56. mgr.

málið síðar verið tekið til formlegrar rannsóknar. Var talið að ekki hefði verið sýnt fram á að kærundur hefðu starfað í slæmri trú eða vanrækt að sjá til þess að umfjöllunin væri í samræmi við góða starfshætti blaðamanna.¹¹⁴

Í *MDE, Ólafur Arnarson gegn Íslandi, 13. júní 2017 (58781/13) (LÍÚ og AMX)* voru atvik þannig að kærandi hafði skrifað greinar sem héraðsdómur taldi að mætti skilja sem svo að framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna léti það viðgangast að beitt væri bókhaldsblekkingum til að leyna stuðningi við tiltekna vefsíðu og að hann hefði framið umboðssvik og vanrækslu í starfi með sömu háttsemi án heimildar stjórnar. Voru ummælin talin vera aðdróttanir. Kærandi hafði byggt umfjöllun sína að hluta á skrifum í *DV* um stuðning *LÍÚ* við vefsíðuna *AMX*. Framangreindar staðhæfingar um háttsemi framkvæmdastjórans sjálfs voru hins vegar frá kæranda sjálfum komnar. Mannréttindadómstóllinn benti á að kærandi hefði sjálfur staðhæft að þær staðhæfingar væri ekki hægt að staðfesta. Í ljósi alvarleika staðhæfinganna var talið að kærandi hefði ekki verið í góðri trú þegar hann setti þær fram án þess að geta staðfest þær.¹¹⁵

Í *MDE, Svavar Halldórsson gegn Íslandi, 4. júlí 2017 (44322/13) (Fons og Panama)* voru atvik þannig að í umfjöllun kæranda á *RÚV* höfðu komið fram ummæli sem mátti skilja sem svo að Jón Ásgeir Jóhannesson hefði framið refsivert og saknæmt athæfi með því að taka við fé, sem fyrirtækið Fons lánaði áður en það varð gjaldþrota. Voru ummælin talin fela í sér aðdróttanir. Í *Hrd. 15. nóvember (69/2012) (Fons og Panama)* var vísað til þess að kærandi hefði engin gögn lagt fram um að tilgreind ummæli um Jón Ásgeir ættu við rök að styðjast og yrði hann að bera hallann af því, en það hefði staðið honum nær en Jóni Ásgeiri að tryggja sér slíka sönnun. Þá hefði kærandi ekki sýnt fram á að hann hefði við vinnslu fréttarinnar leitað eftir upplýsingum frá Jóni Ásgeiri. Af þessum sökum gat kærandi ekki talist í góðri trú um sannleiksgildi þeirra ummæla um Jón Ásgeir sem í fréttinni fólust. Mannréttindadómstóllinn sá ekki ástæðu til að gera athugasemd við þetta mat Hæstaréttar Íslands. Þá var niðurstaða Hæstaréttar ekki talin brjóta gegn rétti kæranda til að halda nafnleynd við heimildamenn sína, enda hefði honum ekki verið gert að ljóstra upp um þá. Trúnaður við heimildamenn fríaði blaðamenn ekki frá þeirri ábyrgð að geta sýnt fram á áreiðanleika umfjallana sinna þegar þær fælu í sér alvarlegar ásakanir.¹¹⁶

3.3.4 Eðli og þyngd viðurlaga

Í *MDE, Axel Springer AG gegn Þýskalandi, 7. febrúar 2012 (39954/08)* vísaði dómstóllinn til þess að við mat á því hvort meðalhófs hefði verið gætt við takmörkun tjáningarfrelsis yrði að líta til þyngdar þeirra viðurlaga sem lögð hefðu verið á. Þótt fallist sé á að fjölmiðill hafi gengið nærri einkalífi þess sem fjallað er um geta viðurlögin verið það alvarleg að gengið sé of nærri tjáningarfrelsi. Þar sem fréttuumfjöllun hefur gengið nærri friðhelgi einkalífs þess sem fjallað var um hefur dómstóllinn engu að síður tekið til skoðunar hvort þau viðurlög sem dæmd voru af innanlandsdómstóli hafi verið of þunghær.¹¹⁷

Í öllum þeim málum sem hér eru til skoðunar hafði Mannréttindadómstóllinn talið að sú umfjöllun fjölmiðla sem deilt var um hefði rúmast innan tjáningarfrelsis þeirra. Ekki hefðu nægjanlegar ástæður verið til að takmarka tjáningarfrelsi kæranda á grundvelli friðhelgi

¹¹⁴ *MDE, Reynir Traustason o.fl. gegn Íslandi, 4. maí 2017 (44801/13) (Kæra til lögreglu)*, 47.–49. mgr.

¹¹⁵ *MDE, Ólafur Arnarson gegn Íslandi, 13. júní 2017 (58781/13) (LÍÚ og AMX)*, 43. mgr.

¹¹⁶ *MDE, Svavar Halldórsson gegn Íslandi, 4. júlí 2017 (44322/13) (Fons og Panama)*, 51.–52. mgr.

¹¹⁷ *MDE, Jokitaipale o.fl. gegn Finnlandi, 6. apríl 2010 (43349/05)*, 77.–79. mgr. Sjá einnig *MDE, Independent Newspapers (Ireland) Limited gegn Írlandi, 15. júní 2017 (28199/15)*, 79.–85. mgr.

einkalífs. Yfirleitt vék dómstóllinn aldrei að því sérstaklega hvort viðurlögin hefðu verið sérstaklega þung. Í *MDE, Steingrímur Sævarr Ólafsson gegn Íslandi, 16. mars 2017 (58493/13) (Frambjóðandi til stjórnlagabings)* og *MDE, Reynir Traustason o.fl. gegn Íslandi, 4. maí 2017 (44801/13) (Kæra til lögreglu)* var sérstaklega vikið að þessu sjónarmiði. Dómstóllinn benti á að þær bætur sem kærandi hafði verið dæmdur til að greiða hefðu hvorki falið í sér refsingar né verið mjög íþyngjandi. Á hinn bóginn yrði að líta til þess við mat á meðalhófi að dómur féll kæranda í óhag og að ekki skipti máli þótt afleiðingarnar hefðu verið minni háttar og aðeins einkaréttarlegar. Allar óréttmætar takmarkanir á tjáningarfrelsi gætu haft þau áhrif að fæla fjölmiðla frá því að fjalla um sambærileg umfjöllunarefni.

Eins og að framan er rakið var ekki talið að kærendur í *MDE, Ólafur Arnarson gegn Íslandi, 13. júní 2017 (58781/13) (LÍÚ og AMX)* eða *MDE, Svavar Halldórsson gegn Íslandi, 4. júlí 2017 (44322/13) (Fons og Panama)* hefðu verið í góðri trú í þeirri umfjöllun sem deilt var um í málunum tveimur. Taldi dómstóllinn ekki að þau viðurlög sem kærendum hefðu verið gerð væru það alvarleg að þau hefðu fælandi áhrif á starfsemi fjölmiðla.

4. Samantekt og niðurstöður

4.1 Inngangur

Árið 1995 var mannréttindakafla stjórnarskrár Íslands breytt og meðal annars var 73. gr. um tjáningarfrelsi færð í núverandi horf. Stóð vilji stjórnarskrárgjafans til þess að ákvæðið endurspeglaði þá réttarvernd sem felst í 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Í kjölfar stjórnarskrárbreytingarinnar hafa íslenskir dómstólar í auknum mæli litið til dóma Mannréttindadómstóls Evrópu við skýringu 73. gr. stjórnarskrárinnar og þá sérstaklega varðandi hvort réttur til tjáningarfrelsis rekist á rétt manna til friðhelgi einkalífs, sbr. 71. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Segja má að þótt formlega séð hafi mannréttindasáttmáli Evrópu ekki stöðu sem stjórnarskipunarlög sé ljóst að vilji stjórnarskrárgjafans stóð til þess að mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar yrði veitt sama efnislega inntak og samsvarandi reglum sáttmálans. Þá hafa íslenskir dómstólar haft tilhneigingu til að túlka stjórnarskrána í samræmi við dómaframkvæmd Mannréttindadómstólsins.

Sjónarmiðum sem Mannréttindadómstóllinn hefur vísað til í úrlausnum sínum hefur einnig verið beitt í dómum Hæstaréttar Íslands. Íslenskir dómstólar hafa vísað til þess að tjáning um efni sem varði almannahagsmuni njóti ríkari verndar en önnur tjáning og verði einstaklingar sem komi fram fyrir hönd almennings eða starfa á opinberum vettvangi að þola að frekar sé fjallað um persónu þeirra en annarra. Þá njóti svokallaðir gildisdómar meiri verndar en staðhæfingar um staðreyndir og jafnframt hafa íslenskir dómstólar vísað til þess að fjölmiðlar hafi mikilvægu hlutverki að gegna í lýðræðislegum þjóðfélögum.

Þrátt fyrir þetta hefur í átta tilvikum á síðustu fimm árum verið deilt um það fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu hvort dómur íslenskra dómstóla hafi falið í sér brot íslenska ríkisins gegn tjáningarfrelsi fjölmiðlafólks. Öll málin eiga það sammerkt að varða ummæli sem íslenskir dómstólar mátu sem aðdróttanir í garð nafngreindra einstaklinga um að þeir hefðu framið refsiverð athæfi, væru undir rannsókn um slíka háttsemi eða tengdust glæpastarfsemi. Var talið að slíkar aðdróttanir vörðuðu við 235. gr. almennra hegningarlaga, enda hefði það fjölmiðlafólk sem stefnt var fyrir dóm í umræddum tilvikum ekki haft nægjanlegar heimildir þeim til stuðnings. Hefur íslenska ríkið sex sinnum fengið á sig áfellingisdóm en í tveimur málanna var ríkið sýknað.

Í 3. kafla var fjallað um umrædda dóma Mannréttindadómstólsins með það að markmiði að greina þau atriði sem leiddu til þess að dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að Ísland hefði brotið gegn 10. gr. mannréttindasáttmálans. Verða hér á eftir dregin saman þau atriði sem Mannréttindadómstólnum þóttu einkum aðfinnsluverð í framkvæmd íslenskra dómstóla.

Í *fyrsta lagi* fann Mannréttindadómstóllinn að því að íslenskir dómstólar skyldu ekki fjalla um ýmis sjónarmið sem Mannréttindadómstóllinn hafði áður vísað til að gætu haft þýðingu þegar rækjust saman réttur til tjáningarfrelsis og réttur til friðhelgi einkalífs. Í *öðru lagi* fann dómstóllinn að því að íslenskir dómstólar skyldu gera fjölmiðlafólk ábyrgt fyrir ummælum sem höfð voru eftir nafngreindum viðmælendum. Ætti aðeins að vera heimilt að gera slíkt þegar sterkar ástæður kæmu til. Í *þriðja lagi* var Mannréttindadómstóllinn ósammála mati íslenskra dómstóla á efnislegu inntaki ýmissa þeirra ummæla sem málin lutu að. Þetta leiddi ýmist til þess að ummælin þóttu eiga sér næga stoð í fyrirliggjandi staðreyndum eða vera minna meiðandi en íslenskir dómstólar höfðu talið.

4.2 Ekki var alltaf litið til allra sjónarmiða sem leiða af framkvæmd

Mannréttindadómstólsins

Í sumum málanna sem hér eru til skoðunar fjölluðu íslenskir dómstólar ekki eða takmarkað um sjónarmið sem Mannréttindadómstóllinn hefur álitíð að verði að skoða við mat á því hvort meðalhófs hafi verið gætt við takmörkun tjáningarfrelsis. Í *MDE, Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (46443/09) (Goldfinger)* og *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (43389/10) (Strawberries)* hélt íslenska ríkið því fram fyrir Mannréttindadómstólnum að þær umfjallanir sem deilt var um hefðu ekki átt sérstakt erindi við almenning. Dómstóllinn hafnaði þessu og benti á að íslenskir dómstólar virtust ekki hafa tekið afstöðu til sjónarmiðsins og að rök stæðu þvert á móti til þess að umfjallanirnar hefðu í raun og veru varðað hagsmuni almennings. Mannréttindadómstóllinn taldi óljóst hvaða þýðingu mikilvægi umfjöllunarefnisins, sem var til skoðunar í *MDE, Reynir Traustason o.fl. gegn Íslandi, 4. maí 2017 (44801/13) (Kæra til lögreglu)*, hefði haft á úrlausn íslenskra dómstóla og tók fram að almenningur hefði haft hagsmuni af að kynna sér það. Í sömu framangreindu þremur dómum fann Mannréttindadómstóllinn að því að ekki hefði verið fjallað um þýðingu stöðu og fyrri hegðunar þeirra einstaklinga sem fjallað var um í hinum umdeildu ummælum.

Þá var heldur ekki vikið að umræddum sjónarmiðum í *Hrd. 18. febrúar 2010 (104/2009) (Byrgið)* og umfjöllun um þau var óljós í *Hrd. 11. mars 2010 (454/2009) (Fíkniefnainnflutningur)*. Í *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 2), 21. október 2014 (54125/10) (Byrgið)* og *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 3), 2. júní 2015 (54145/10) (Fíkniefnainnflutningur)* gerði Mannréttindadómstóllinn ekki sérstaka athugasemd við þennan skort á mati íslenskra dómstóla en lagði sjálfur mat á mikilvægi umfjöllunarefnisins. Á hinn bóginn vék dómstóllinn ekki sérstaklega að stöðu eða fyrri hegðun þeirra einstaklinga sem fjallað hafði verið um.

Mannréttindadómstóllinn fann að því að íslenskir dómstólar hefðu ekki fjallað um vinnubrögð fjölmiðlafólks sem gáfu til kynna að það hefði unnið í góðri trú og gögn sem renndu stöðum undir hinar umdeildu staðhæfingar. Í *MDE, Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (46443/09) (Goldfinger)*, *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (43389/10) (Strawberries)* og *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 2), 21. október 2014 (54125/10) (Byrgið)* benti dómstóllinn til dæmis á að þeim sem fjölmiðlar fjölluðu um í umræddum tilvikum hefði verið gefinn kostur á að tjá sig um ásanir á hendur þeim. Í fyrstnefnda málinu voru fleiri atriði tínd til sem gáfu til kynna að blaðamaður hefði gætt jafnvægis í umfjöllun sinni og einnig önnur sem renndu stöðum undir umfjöllun kæranda.

Af öllu framangreindu leiðir að þegar íslenskir dómstólar standa frammi fyrir því að meta hvort nauðsynlegt sé í lýðræðislegu þjóðfélagi að takmarka tjáningu þarf að gæta að og fjalla um þau sjónarmið sem Mannréttindadómstóllinn setti fram í *MDE, Axel Springer AG gegn Þýskalandi, 7. febrúar 2012 (39954/08)*. Komi afstaða til hvers og eins sjónarmiðs fram í forsendum dóms þurfa sterkar ástæður að vera til staðar svo Mannréttindadómstóllinn endurskoði mat íslenskra dómstóla. Umrædd sjónarmið voru rakin í kafla 3.2.3 hér að framan en þau eru eftirfarandi:

Í *fyrsta lagi* ættu dómstólar að leggja mat á það hvort efni umfjöllunar teljist framlag til almennrar umræðu eða hagsmunir almennings standi til þess að fjallað sé um málefnið á opinberum vettvangi. Umfjöllun um stjórnsmál og glæpi telst til slíkrar umræðu en einnig um íbróttir og listir, svo dæmi séu tekin.

Í *öðru lagi* ætti að taka afstöðu til þess hvort staða þess einstaklings sem fjallað er um réttlæti að fjallað sé um hann á opinskárrí hátt en almennan borgara. Þannig þurfa þeir sem taka þátt í stjórnámálum eða koma fram fyrir hönd almennings að þola umfjöllun um störf sín og jafnvel að einhverju marki um einkalíf, að því marki sem það hefur þýðingu fyrir mat á trúverðugleika þeirra eða störf að öðru leyti.

Í *þriðja lagi* ætti að meta hvort sá einstaklingur sem er til umfjöllunar hafi með hegðun sinni í aðdraganda umfjöllunar á einhvern hátt gefið tækifæri til þess að fjallað væri um hann. Þannig kann viðkomandi að hafa tekið þátt í umræðu á opinberum vettvangi eða haft frumkvæði að því að fjallað væri um hann.

Í *fjórða lagi* ættu dómstólar að taka afstöðu til þess hvernig upplýsinga var aflað og hvort staðhæfingar hafi verið sannreyndar með einhverjum hætti. Við slíkt mat skal hafa til hliðsjónar að tjáningarfrelsi fjölmiðla er að einhverju marki háð því að þeir komi fram í góðri trú, umfjöllun þeirra byggji á nægjanlega traustum staðreyndum og þeir veiti áreiðanlegar og nákvæmar upplýsingar í samræmi við siðareglur blaðamanna. Kann þar meðal annars að skipta máli hvort blaðamenn hafi gætt jafnvægis í umfjöllun.

Í *fimmta lagi* ætti að leggja mat á efni, form og afleiðingar birtingu efnis. Þannig skiptir máli að mat sé lagt á hvort um gildisdóm eða staðhæfingu um staðreyndir sé að ræða, hversu alvarlegar staðhæfingarnar séu og hvaða upplýsingar liggi þeim til grundvallar.

Í *sjötta lagi* ættu dómstólar að hafa til hliðsjónar að þótt umfjöllun teljist ærumeiðandi mega viðurlög ekki vera svo úr hófi íþyngjandi að það hafi fælandi áhrif á umfjöllun um mikilvæg efni. Hafa ætti hliðsjón af því að refsingar eru til þess fallnar að hafa alvarlegri áhrif en einkaréttarleg úrræði og að dæmdar bætur séu ekki úr hófi háar miðað við alvarleika brots.

Dómarnir *MDE, Ólafur Arnarson gegn Íslandi, 13. júní 2017 (58781/13) (LÍÚ og AMX)* og *MDE, Svavar Halldórsson gegn Íslandi, 4. júlí 2017 (44322/13) (Fons og Panama)* bera með sér að íslenskir dómstólar hafi að einhverju marki haft meiri hliðsjón af dómaframkvæmd Mannréttindadómstólsins en áður að þessu leyti. Bæði í *dómi Héraðsdóms Reykjaness 29. nóvember 2012 (E-23/2012) (LÍÚ og AMX)* og *Hrd. 15. nóvember (69/2012) (Fons og Panama)* var tekin afstaða til þess hvaða þýðingu hinar umdeildu umfjallanir hefðu fyrir almenning og að einhverju marki hver væri staða þeirra einstaklinga sem fjallað var um. Þá var tekin afstaða til efnislegrar framsetningar og þeirra upplýsinga sem henni bjuggu að baki með það að leiðarljósi að taka afstöðu til þess hvort viðkomandi blaðamenn hefðu starfað í góðri trú. Í síðara málinu var einnig gætt að því hvort nægjanlegs jafnvægis hefði gætt í umfjölluninni.

Í kafla 3.2 var rakið að Mannréttindadómstóllinn hefur síðastliðin ár áréttað með öðrum hætti en áður að hlutverk dómstólsins, við mat á því hvort takmörkun tjáningarfrelsis sé nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi, sé fyrst og fremst að gæta að því hvort landsdómstólar hafi metið málavexti í samræmi við þau sjónarmið sem leiði af Mannréttinasáttmála Evrópu. Hafi slíkt mat verið framkvæmt þurfi sterkar ástæður að koma til svo dómstóllinn leggi eigið mat til grundvallar úrlausn máls. Án tillits til þess hvort þessum mælikvarða var beitt af dómstólnum í öllum þeim dómum sem hér hefur verið fjallað um virðist ljóst að það var gert í þeim nýjustu, það er framangreindum *MDE, Ólafur Arnarson gegn Íslandi, 13. júní 2017 (58781/13) (LÍÚ og AMX)* og *MDE, Svavar Halldórsson gegn Íslandi, 4. júlí 2017 (44322/13) (Fons og Panama)*. Þrátt fyrir að umræddir dómur íslenskra dómstóla taki meira mið af aðferð

Mannréttindadómstólsins má þess vegna færa fyrir því rök að Mannréttindadómstóllinn hafi játað íslenskum dómstólum rýmra svigrúm að þessu leyti en í hinum eldri málum.¹¹⁸

Síðustu ár virðist Hæstiréttur Íslands einnig hafa kveðið upp fleiri dóma þar sem metið var hvort blaðamaður hefði verið góðri trú um sannleiksgildi ummæla og hvort jafnvægis hefði gætt í umfjöllun. Nefna má *Hrd. 18. október 2012 (673/2011) (Árás á krónuna)* og *Hrd. 10. desember 2015 (238/2015) (Actavis Group)*.¹¹⁹

4.3 Blaðamenn voru látnir bera ábyrgð á ummælum nafngreindra viðmælenda

Þeir dómur sem skýrslan fjallar um bera með sér að annmarkarnir sem Mannréttindadómstóllinn taldi vera á dómsúrlausnum íslenskra dómstóla lutu ekki einungis að því að skort hefði á að tekin hefði verið afstaða til allra nauðsynlegra sjónarmiða. Virðist sem mat íslenskra dómstóla á vægi sjónarmiðanna hafi að einhverju marki verið rangt. Birtist þetta sérstaklega í aðfinnslum dómstólsins er lúta annars vegar að því að blaðamenn voru látnir bera ábyrgð á ummælum nafngreindra viðmælenda og hins vegar að mati íslenskra dómstóla á efnislegu inntaki hinna umdeildu ummæla og þeim staðreyndum sem þeim lágu til grundvallar.

Að því er fyrra atriðið varðar birtist alvarleiki þessa annmarka skýrast í *MDE, Steingrímur Sævarr Ólafsson gegn Íslandi, 16. mars 2017 (58493/13) (Frambjóðandi til stjórnlagabings)*. Segja má að í málinu hafi Hæstiréttur Íslands komist býsna nærri því að leggja mat á þau sjónarmið sem nauðsynlegt var samkvæmt *MDE, Axel Springer AG gegn Þýskalandi, 7. febrúar 2012 (39954/08)*. Tók rétturinn afstöðu til mikilvægis umfjöllunarefnisins fyrir umræðu um almannahagsmuni, stöðu frambjóðandans og vinnubragða fjölmiðilsins við að sannreyna þær staðhæfingar sem fram komu í hinni umdeildu umfjöllun. Mannréttindadómstóllinn gerði ekki athugasemd við skilning Hæstaréttar á efnislegu inntaki staðhæfinganna og hvorki kærandi né íslenska ríkið gerðu fyrri hegðun frambjóðandans í aðdraganda umfjöllunarinnar að deiluefni. Það eina sem í reynd virðist hafa leitt til þess að dæmt var íslenska ríkinu í óhag var að ritstjóri *Pressunnar* var látinn bera ábyrgð á ummælum sem höfð voru eftir nafngreindum viðmælendum fjölmiðilsins, þótt fjölmiðillinn hefði að öðru leyti gætt jafnvægis í umfjöllun sinni. Í framkvæmd Mannréttindadómstólsins hafði áður verið litið svo á að ábyrgð fjölmiðlafólks gæti einungis komið til í slíkum tilvikum ef sterkar ástæður kæmu til. Þar sem slíkt átti ekki við í málinu var talið að brotið hefði verið gegn tjáningarfrelsi ritstjórans.

Sami annmarki, auk annarra, var uppi í *MDE, Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (46443/09) (Goldfinger)* og *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (43389/10)*

¹¹⁸ Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir telja að traudla verði talið að verulegur munur sé á rökstuðningi íslenskra dómstóla í *dómi Héraðsdóms Reykjaness 29. nóvember 2012 (E-23/2012) (LÍÚ og AMX)* og *Hrd. 15. nóvember (69/2012) (Fons og Panama)* annars vegar og fyrri dómunum gegn Íslandi hins vegar. Fyrstnefndi dómurinn hafi verið tiltölulega stuttur um mörkin milli tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs og Mannréttindadómstóllinn hafi látið þar að nokkru leyti sitja við býsna almennar tilvísanir héraðsdóms til sjónarmiða um mörkin þar á milli. Svipað megi segja að hluta um *Hrd. 15. nóvember (69/2012) (Fons og Panama)* þar sem Mannréttindadómstóllinn hafi látið m.a. sitja við það þótt Hæstiréttur hafi ekki vikið berum orðum að þýðingu sjónarmiðsins um stöðu þess manns sem fjallað var um í hinni umdeildu umfjöllun. Sjá Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, kafli 2.4 (Matið á mörkum tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs).

¹¹⁹ Sjá einnig: Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, kafli 5.5.2.3.4 (Góð trú í íslenskum rétti).

(*Strawberries*) og að einhverju leyti í *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 2), 21. október 2014 (54125/10) (Byrgið)*.

Í þessu sambandi er mikilvægt að framkvæmd íslenskra dómstóla um ábyrgð blaðamanna á ummælum nafngreindra viðmælenda var að hluta reist á 15. gr. laga nr. 57/1956 en í *Hrd. 5. mars 2009 (328/2008) (Goldfinger)* virðist Hæstiréttur hafa byggt á því að hvoru tveggja blaðamaður og viðmælandinn gætu talist höfundar í skilningi ákvæðisins. Þá bar ritstjóri í *Hrd. 21. febrúar 2013 (525/2012) (Frambjóðandi til stjórnlagabings)* ábyrgð á ummælum nafngreindra viðmælenda þótt framangreind regla gildi ekki um umfjöllun í netmiðlum. Með gildistöku núgildandi laga nr. 38/2011 um fjölmiðla virðist sem regla a-liðar 1. mgr. 51. gr. þeirra laga myndi taka til tilvika sem þessara. Í ákvæðinu er kveðið á um að sé ritefni réttilega haft eftir nafngreindum einstaklingi beri sá sem það er haft eftir ábyrgð á eigin ummælum hafi hann samþykkt miðlun þeirra og sé annað hvort heimilisfastur hér á landi eða lúti íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli. Virðist því sem löggjafinn hafi brugðist við þeim ágalla var sem var á íslenskri löggjöf að þessu leyti.¹²⁰

4.4 Of strangt mat var lagt á efni ummæla

Loks verður af dómunum ráðið að Mannréttindadómstóllinn hafi verið ósammála mati íslenskra dómstóla á efnislegu inntaki sumra þeirra ummæla sem deilt var um. Í öllu falli hafi dómstóllinn ekki verið sannfærður um að þau fælu í sér ærumeiðandi aðdróttanir. Þetta ólíka mat hafði síðan þau áhrif að Mannréttindadómstóllinn leit svo á að ummælin hefðu ekki verið jafn meiðandi og Hæstiréttur taldi og að kærendur hefðu haft nægjanlegar upplýsingar til stuðnings ummælunum.

Í *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (43389/10) (Strawberries)* taldi Mannréttindadómstóllinn ályktun héraðsdóms um efni ummæla ósannfærandi og að „gloppa“ hefði verið í rökstuðningnum að þessu leyti. Í *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 2), 21. október 2014 (54125/10) (Byrgið)* taldi dómstóllinn að ekki yrði litið á umdeild ummæli sem staðhæfingu um staðreyndir heldur gildishlaðna lýsingu á staðreyndum sem hefðu verið nægjanlega staðreyndar. Hæstiréttur Íslands hafði hafnað því að um gildisdóm hefði verið að ræða í *Hrd. 18. febrúar 2010 (104/2009) (Byrgið)*. Í *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 3), 2. júní 2015 (54145/10) (Fíkniefnainnflutningur)* taldi Mannréttindadómstóllinn, ólíkt Hæstarétti, að í ljósi samhengis þeirrar umfjöllunar þar sem hin umdeildu ummæli var að finna hefði hinn almenni lesandi átt að geta skilið ummælin svo að þau væru komin úr málatilbúnaði ákærvaldsins. Í *MDE, Reynir Traustason o.fl. gegn Íslandi, 4. maí 2017 (44801/13) (Kæra til lögreglu)* taldi Mannréttindadómstóllinn að þær kröfur yrðu ekki gerðar til blaðamanna að þeir gerðu greinarmun á mismunandi lögfræðilegum hugtökum sem notuð væru við meðferð ákærvalds og við málsmeðferð dómstóla. Af þessum sökum lagði Mannréttindadómstóllinn annan skilning í hin umdeildu ummæli en Hæstiréttur Íslands í *Hrd. 6. desember 2012 (314/2012) (Kæra til lögreglu)* og taldi að nægjanlegar staðreyndir hefðu legið að baki þeim skilningi.

Dómarnir *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 3), 2. júní 2015 (54145/10) (Fíkniefnainnflutningur)* og *MDE, Reynir Traustason o.fl. gegn Íslandi, 4. maí 2017 (44801/13) (Kæra til lögreglu)* eru lýsandi um þýðingu þess að Mannréttindadómstóllinn mat efnislegt inntak ummæla öðruvísi en íslenskir dómstólar. Þessi annmarki hafði sýnilega

¹²⁰ Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, kafli 2.4 (Matið á mörkum tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs). Sjá einnig kafla 4.2.3 (Ábyrgð á ritefni).

veruleg áhrif í þessum málum, þar sem ólíkt öðrum áfellingdómum gegn Íslandi reyndi þar ekki á að ummæli væru höfð eftir nafngreindum viðmælendum blaðamanna. Þá virðist mega ráða af dómunum tveimur að þar sem almennur lesandi hefði mátt skilja viðkomandi umfjallanir sem svo að þær væru lýsingar á tilteknum gögnum sem blaðamenn höfðu sannarlega undir höndum hefði ekki verið ástæða til að óska eftir viðbrögðum þeirra einstaklinga sem fjallað var um. Á þetta sérstaklega við um *MDE, Reynir Traustason o.fl. gegn Íslandi, 4. maí 2017 (44801/13) (Kæra til lögreglu)* þar sem ekki virðist heldur hafa verið þörf á að blaðamenn kæmu í kjölfarið á framfæri athugasemdum þess einstaklings sem fjallað var um.

Af framangreindu virðist mega draga þrenns konar ályktanir og byggja á þeim leiðbeiningar sem hafa má til hliðsjónar þegar dómstólar leggja mat á efnislegt inntak umdeilda ummæla. Leiða leiðbeiningarnar aðeins af þeim dómum sem hér hefur verið fjallað um en eru ekki tæmandi um það hvernig Mannréttindadómstóllinn telur að eigi að meta efnislegt inntak ummæla.

Í *fyrsta lagi* ættu dómstólar, í tilvikum þar sem talið er að nafngreindum einstaklingi hafi verið gefin að sök refsiverð háttsemi, að rökstyðja hvernig ummæli verða skilin með þessum hætti. Mætti þannig heimfæra ummælin til almennrar verknaðarlýsingar og jafnvel vísa til tiltekins refsíákvæðis.

Í *öðru lagi* ætti að meta ummæli með hliðsjón af umfjöllun í heild sinni. Þar sem unnt er að túlka ummæli á mismunandi hátt ætti að leitast við að veita þeim ekki meira meiðandi inntak en leiðir af umfjölluninni að öðru leyti. Kunna aðrar upplýsingar sem er að finna í umfjöllun að skýra hvað býr að baki ummælum. Þá kann að vera tilefni til að líta svo á að ummæli feli frekar í sér gildishlaðna lýsingu á fyrirliggjandi staðreyndum en staðhæfingu um staðreyndir. Loks kann samhengi umfjöllunar að vera upplýsandi um það á hvaða heimildum er byggt og sem gefur lesandanum þá færi á að leggja eigið mat á áreiðanleika umfjöllunar. Er sérstaklega tilefni til að gæta að þessu þegar um er að ræða málefni sem varðar almennung.

Í *þriðja lagi* ætti ekki að gera þá kröfu til þeirra sem tjá sig á opinberum vettvangi að þeir gæti fyllstu nákvæmni um hugtök sem kunna að hafa sértæka merkingu á fagsviðum. Sérstaklega verður ekki gerð sú krafa til almennings eða blaðamanna að notuð séu nákvæmlega rétt lögfræðileg hugtök þótt sakamál séu til umfjöllunar.

Rétt er að benda á að í kjölfar þeirra dóma sem hér hefur verið fjallað um virðist sem Hæstiréttur Íslands hafi í ríkara mæli en áður tekið mið af dómaframkvæmd Mannréttindadómstólsins við mat á efnislegu inntaki umdeilda ummæla. Nefna má að í *Hrd. 18. desember 2014 (215/2014) (Gillzenegger)* var fjallað um þá spurningu hvort ummæli þess efnis að tiltekinn maður hefði nauðgað unglingsstúlku teldust staðhæfing um staðreyndir eða gildisdómur. Í málinu aðgreindi Hæstiréttur atvik frá *Hrd. 20. nóvember 2014 (214/2014) („Fuck you rapist bastard“)*, með vísan til þess að síðarnefndi dómurinn hefði verið reistur á tilteknum dómi Mannréttindadómstólsins, og jafnframt frá *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 2), 21. október 2014 (54125/10) (Byrgið)*. Í *Hrd. 20. nóvember 2014 (214/2014) („Fuck you rapist bastard“)* komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að þegar ummælin „fuck you rapist bastard“ væru virt í heild og í því samhengi sem þau voru sett fram í yrði að líta á þau sem fúkyrði í óvæginni þjóðfélagslegri umræðu sem sá sem þau þurfti að þola hafði átt frumkvæði að. Var talið að ummælin væru gildisdómur en ekki staðhæfing um að sá hinn sami hefði gerst sekur um nauðgun.

4.5 Lokaorð

Að öllu framangreindu sögðu er rétt að árétt þann fyrirvara sem fram kom í inngangi skýrslunnar um efni og markmið skýrslunnar. Henni er fyrst og fremst ætlað að greina hvaða annmarka má leiða af þeim dómum sem hér hafa sérstaklega verið skoðaðir. Af þessum sökum verður ekki litið á þær ábendingar sem hér koma fram sem tæmandi greiningu á því hvernig vernd tjáningarfrelsis fjölmiðla í íslenskum rétti samræmist mannréttindasáttmála Evrópu eða framkvæmd Mannréttindadómstólsins. Hefur hér aðeins verið greint hvaða ályktanir megi draga af tilteknum átta dómum dómstólsins til að skapa grundvöll til mats á því hvort þörf sé á að grípa til ráðstafana til að tryggja að íslenska ríkið uppfylli þjóðaréttarskuldbindingar sínar eins og þær verða álitnar vera á grundvelli dóma Mannréttindadómstólsins.

Dregið hefur verið fram hvernig löggjafinn og íslenskir dómstólar hafa að einhverju marki brugðist við þeim dómum sem hér hafa verið til umfjöllunar. Einnig hafa verið settar fram leiðbeiningar um það hvað dómstólar geti haft til hliðsjónar til að koma í veg fyrir að sambærilegir annmarkar komi aftur fram í íslenskum dómsniðurstöðum. Skýrslan leiðir í ljós að helsti annmarkinn á íslenskri löggjöf sem reyndi á í dómunum var ábyrgðarregla 15. gr. laga nr. 57/1956 en sú regla var afnumin með núgildandi fjölmiðlalögum. Með þeirri lagasetningu var að mestu leyti girt fyrir að fjölmiðlafólk verði látið bera ábyrgð á ummælum nafngreindra viðmælenda, að nánar tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Í öllum málunum sem skoðuð voru reyndi á 235. gr. almennra hegningarlaga en ákvæðið er hluti XXV. kafla laga um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs. Ákvæði kaflans eru komin til ára sinna. Sumum þeirra er sjaldan eða aldrei beitt og svo virðist sem dómstólar beiti ekki þeim refsingum sem ákvæðin mæla fyrir um og hefur verið vísað til tjáningarfrelsisákvæðis stjórnarskrárinnar í því samhengi. Þótt tilefni kunni að vera til að ákvæði kaflans verði tekin til endurskoðunar lutu þeir annmarkar sem Mannréttindadómstóllinn benti á í dómunum sem hér hafa verið skoðaðir ekki að ágöllum á 235. gr. almennra hegningarlaga. Ákvæðið sem slíkt stríddi ekki gegn 10. gr. mannréttindasáttmálans heldur var það beiting íslenskra dómstóla á ákvæðinu sem samræmdist ekki framkvæmd Mannréttindadómstólsins. Eins og rakið er í skýrslunni er 10. gr. mannréttindasáttmálans lögfest í íslenskum rétti og þótt ákvæðið hafi formlega séð ekki stöðu sem stjórnarskipunarlög er ljóst að vilji stjórnarskrárgjafans stóð til þess að 73. gr. stjórnarskrárinnar yrði veitt sama efnislega inntak. Hafa dómstólar viðurkennt þessa staðreynd og haft tilhneigingu til þess að túlka stjórnarskrána í samræmi við dómaframkvæmd Mannréttindadómstólsins.

Eins og oft á við um framkvæmd dómstóla eru ýmis atriði í dómum Mannréttindadómstólsins sem unnt væri að staldra við og taka til gagnrýnnar umræðu. Það er þó ekki markmið þessarar skýrslu. Eins og rakið var í 3. kafla hefur sýnilega orðið nokkur þróun í dómum dómstólsins og má halda því fram að ekki sé fullt samræmi í framkvæmd hans. Er það raunar skiljanlegt í ljósi þess hversu margslungið viðfangsefnið er og þess fjölda mála sem dómstóllinn þarf að afgreiða. Standa hvoru tveggja Mannréttindadómstóllinn og dómstólar aðildarríkjanna ætíð frammi fyrir flóknu mati þegar takast á tjáningarfrelsi fjölmiðla og friðhelgi einkalífs þeirra einstaklinga sem eru til umfjöllunar. Einnig er víst að þótt íslenskir dómstólar dragi lærdóma af þeim dómum sem hér hefur verið fjallað um munu í framtíðinni koma upp annars konar álitaefni þar sem reynir á árekstra tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs.

Heimilda- og dómaskrá

Alastair Mowbray: „Subsidiarity and the European Convention on Human Rights“. *Human Rights Law Review*, 2. hefti 2015, bls. 314–341.

Alþingistíðindi

Björg Thorarensen: „Áhrif Mannréttindasáttmála Evrópu á vernd tjáningarfrelsis að íslenskum rétti“. *Tímarit lögfræðinga*, 4. hefti 2003, bls. 373–420.

Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*. 1. útgáfa. Reykjavík 2008.

Björg Thorarensen: „Um mörk endurskoðunarvalds Mannréttindadómstóls Evrópu í ljósi „fjórða stigs reglunnar“. *Rannsóknir í félagsvísindum VII*. Lagadeild. Ritstj. Eyvindur G. Gunnarsson. Reykjavík 2006, bls. 61–83.

Clare Ovey og Robin C.A. White: *Jacobs & White. The European Convention on Human Rights*. 4. útgáfa. New York 2006.

David Harris o.fl.: *Law of the European Convention on Human Rights*. 2. útgáfa. New York 2009.

Davíð Þór Björgvinsson: „Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginatriði, skýring og beiting“. *Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt*. Reykjavík 2005, bls. 29–88.

Dóra Guðmundsdóttir: „Mannréttindadómstóllinn. Nálægðarreglan og fullveldi sammingsaðila“. *Fullveldi í 99 ár. Safn ritgerða til heiðurs dr. Davíð Þór Björgvinssyni sextugum*. Reykjavík 2017, bls. 167–190.

Einar Arnórsson: „Meiðyrði og meiðyrðamál“. *Tímarit lögfræðinga*, 3. hefti 1952, bls. 123–178.

Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmíðlaréttur*. Handrit til útgáfu 2018.

Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson: *Bótaréttur 1. Skaðabótaréttur*. Reykjavík 2015.

Eiríkur Jónsson: *Mannréttindi lögaðila. Vernd lögaðila samkvæmt mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar, einkum 71. og 73. gr.* Reykjavík 2011.

Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögmetrar meingerðar gegn æru samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga“. *Úlfljótur*, 1. hefti 2007, bls. 25–96.

Gunnar Thoroddsen: *Fjölmæli*. Reykjavík 1967.

Gunnar Thoroddsen: *Æran og vernd hennar*. Fjölrít. Reykjavík 1943.

Halldóra Þorsteinsdóttir: „Vægari kröfur til sönnunar ummæla í meiðyrðamálum“. *Úlfljótur*, 1. hefti 2012, bls. 45–100.

Lögfræðiorðabók með skýringum. Ritstj. Páll Sigurðsson. Reykjavík 2008.

Oddný Mjöll Arnardóttir: „Organised Retreat? The Move from „Substantive“ to „Procedural“ Review in the EctHR’s Case Law on the Margin of Appreciation“. *European Society of International Law. Conference Paper No. 4/2015*. 2015.

Oddný Mjöll Arnardóttir: „Rethinking the Two margins of Appreciation“. *European Constitutional Law Review*, 1. hefti 2016, bls. 27–53.

Oddný Mjöll Arnardóttir: „The „procedural turn“ under the European Convention on Human Right sand presumptions of Convention compliance“. *International Journal of Constitutional Law*, 1. hefti 2017, bls. 9–35.

Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*. Meginþættir réttarumhverfis fjölmiðlanna. Reykjavík 1997.

Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“. *Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt*. Reykjavík 2005, bls. 359–389.

Róbert Spanó: „Universality or Diversity of Human Rights? Strasbourg in the Age of Subsidiarity“. *Human Rights Law Review*, 3. hefti 2014, bls. 487–502.

Skúli Á. Sigurðsson: „Exceptio veritatis og fjölmiðlar“. *Úlfjótur*, 1. hefti 2014, bls. 5–46.

Stefán Már Stefánsson: „Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Erlu Hlynsdóttur gegn Íslandi (nr. 3) frá 2. júní 2015“. *Tímarit lögfræðinga*, 4. hefti 2015, bls. 693–698.

Dómar sem sérstaklega voru skoðaðir

Íslenskir dómar

Hrd. 5. mars 2009 (328/2008) (Goldfinger)

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. desember 2009 (E-5265) (Strawberries)

Hrd. 18. febrúar 2010 (104/2009) (Byrgið)

Hrd. 11. mars 2010 (454/2009) (Fíkniefnainnflutningur)

Hrd. 21. febrúar 2013 (525/2012) (Frambjóðandi til stjórnlagabings)

Hrd. 6. desember 2012 (314/2012) (Kæra til lögreglu)

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 29. nóvember 2012 (E-23/2012) (LÍÚ og AMX)

Hrd. 15. nóvember (69/2012) (Fons og Panama)

Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu

MDE, Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (46443/09) (Goldfinger)

MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (43389/10) (Strawberries)

MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 2), 21. október 2014 (54125/10) (Byrgið)

MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 3), 2. júní 2015 (54145/10) (Fíkniefnainnflutningur)

MDE, Steingrímur Sævarr Ólafsson gegn Íslandi, 16. mars 2017 (58493/13) (Frambjóðandi til stjórnlagabings)

MDE, Reynir Traustason o.fl. gegn Íslandi, 4. maí 2017 (44801/13) (Kæra til lögreglu)

MDE, Ólafur Arnarson gegn Íslandi, 13. júní 2017 (58781/13) (LÍÚ og AMX)

MDE, Svavar Halldórsson gegn Íslandi, 4. júlí 2017 (44322/13) (Fons og Panama)

Aðrir dómar

Íslenskir dómar

Hrd. 1977, bls. 375 (*Varið land*)
Hrd. 1987, bls. 1280 (*Þorgeir Þorgeirson*)
Hrd. 1995, bls. 408 (*Gallerí Borg*)
Hrd. 1997, bls. 3618 (*Fangelsismálastofnun*)
Hrd. 1998, bls. 1376 (*Húsnæðismálastofnun*)
Hrd. 25. febrúar 1999 (252/1998) (*Sálumessa syndara*)
Hrd. 2000, bls. 4506 (*Framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins*)
Hrd. 21. mars 2002 (306/2001) (*Ummæli lögmanns um kynferðisbrotamál*)
Hrd. 24. apríl 2002 (461/2001) (*Hvíta Ísland*)
Hrd. 2003, bls. 3136 (*Ráðherra gagnrýnir fréttamann*)
Hrd. 2004 25. mars 2004 (382/2003) (*Dómnefndarálit*)
Hrd. 2005, 181/2005 (*Skattasniðganga*)
Hrd. 1. júní 2006 (541/2005) (*Upphaf Baugsmálsins*)
Hrd. 21. september 2005 (248/2005) (*Sakarkostnaður*)
Hrd. 1. mars 2007 (278/2006) (*Bubbi fallinn*)
Hrd. 4. október 2007 (37/2007) (*Ástarsamband*)
Hrd. 2. október 2008 (653/2007) (*Greiðslur fyrir einbýlishús*)
Hrd. 29. janúar 2009 (321/2008) (*Aðal rasisti bloggheima*)
Hrd. 28. maí 2009 (575/2008) (*Umsókn um ríkisborgararétt*)
Hrd. 24. nóvember 2011 (100/2011) (*Eiður Smári*)
Hrd. 24. maí 2012 (469/2011) (*Nágrannaerjur*)
Hrd. 24. janúar 2013 (383/2012) (*Ummæli í bók um Baugsmálið*)
Hrd. 18. desember 2014 (215/2014) (*Gillzenegger*)
Hrd. 10. desember 2015 (238/2015) (*Um fjöllum um deilur fjárfesta*)
Hrd. 10. desember 2015 (261/2015) (*Forsjárdeila*)

Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu

MDE, *Handyside gegn Stóra-Bretlandi*, 7. desember 1976 (5493/72)
MDE, *Lingens gegn Austurríki*, 8. júlí 1986 (9815/82)
MDE, *Þorgeir Þorgeirson gegn Íslandi*, 25. júní 1992 (13778/88)
MDE *Bladet Tromsø og Stensaas gegn Noregi*, 20. maí 1999 (21980/93)
MDE, *News Verlags GmbH & Co. KG gegn Austurríki*, 11. janúar 2000 (31457/96)
MDE, *Tammer gegn Eistlandi*, 6. febrúar 2001 (41205/98)
MDE, *von Hannover gegn Þýskalandi*, 24. júní 2004 (59320/00)
MDE, *Pedersen and Baadsgaard gegn Danmörku*, 17. desember 2004 (49017/99)
Ákv. MDE 20. október 2005 í máli *Kjartans Gunnarssonar gegn Íslandi* (4591/04)
MDE *Tönsbergs Blad A.S. og Haukom gegn Noregi*
MDE, *Petrina gegn Rúmeníu*, 14. október 2008 (78060/01)
MDE, *Petresco gegn Moldavíu*, 30. mars 2010 (20928/05)
MDE, *Jokitaipale o.fl. gegn Finnlandi*, 6. apríl 2010 (43349/05)
MDE, *MGN Limited gegn Stóra-Bretlandi*, 18. janúar 2011 (39401/04)
MDE, *Palomo Sanches o.fl. gegn Spáni*, 12. september 2011 (28955/06, 28957/06 og 28964/06)
MDE, *Axel Springer AG gegn Þýskalandi*, 7. febrúar 2012 (39954/08)
MDE, *von Hannover gegn Þýskalandi (nr. 2)*, 7. febrúar 2012 (40660/08 og 60641/08)
MDE, *Animal Defenders International gegn Stóra-Bretlandi*, 22. apríl 2013 (48876/08)
MDE, *Independent Newspapers (Ireland) Limited gegn Írlandi*, 15. júní 2017 (28199/15)